

**allt**

Ingibjörg Finnbogadóttir:

*Dýrkar hettupeysurnar sínar*

heimili tíska ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



Hljómsveitin Trabant:

*Von á nýrri plötu*

leiðin að góðu kynlífi

SÍÐA 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. febrúar 2005 – 53. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FIMMTUDAGUR**



**LETTNESK KONA FRUMKVÖÐULLINN** Ilone Wilka, sem rekur fyrirtækið Vislandia í Lettlandi, hefur flutt inn tugi Letta og Litháa á síðustu mánuðum til starfa í íslenskum fyrirtækjum. Sjá síðu 2

**KVEIKTI TVISVAR Í SÖMU NÓTTINA** Ungur maður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir íkveikju í bílum í Hafnarfirði. Þykir maðurinn hafa stofnað lífi níu manna í hættu. Sjá síðu 4

**EKKI SELT TIL AÐ EINKAVÆÐA** Fulltrúar Vinstri grænna í R-listanum vilja ekki að Landsvirkjun verði einkavædd. Borgarstjóri vill aðskilja umræður um sölu borgarinnar og einkavæðingu. Sjá síðu 6

**LITLI HLUTHAFINN Í AÐALHLUTVERKI** Kjölfestufjárfestir Símans hafði sig ekki mikið í frammi á aðalfundi fyrirtækisins. Handhafi brots af heildarhlutafé lét meira til sín taka og gagnrýndi fyrirtækið og flutti tillögur sem voru felldar. Sjá síðu 20

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM HÆGVIÐRI** með björtu veðri síst þó vestan til. Hætt við þokusúld með ströndum sunnan og vestan til. Lítið eitt svalara í dag en í gær. Næturfrost. Sjá síðu 4

**DAGURINN Í DAG**



**MATUR Á ÞORRA OG GÓU** Hallgerður Gísladóttir flytur erindið Þorrinn og Góan, matur og matarvenjur, á þjóðlegri dagskrá í Bókasafni Kópavogs klukkan 17.15 í dag. Þá munu kvæðamenn frá kvæðamannafélaginu Iðunni kveða rímur.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 33 |
| Tónlist | 33 | Íþróttir | 34 |
| Leikhús | 33 | Sjónvarp | 36 |



**Dagblaðalestur á fimmtudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.


# Orðlaus yfir sýknudómi

**Maður var sýknaður af því að hafa skorið leigubílstjóra á háls í júlí í fyrra. Bílstjórinn vonar að málinu verði áfrýjað. Hann hefur ekki keyrt leigubíl eftir árásina en gengur til sálfræðings og lýtalæknis.**

**DÓMSMÁL** Leigubílstjóri sem var skorinn á háls í lok júlí í fyrra sagðist hafa orðið gjörsamlega orðlaus þegar maðurinn sem var ákærður fyrir árásina var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Einn af dómurunum þremur taldi manninn sekan og vildi dæma hann í fimm ára fangelsi.

„Ég vona að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar,“ segir Ásgeir Elíasson, fyrrum leigubílstjóri, en hann hefur ekki treyst sér til að aka leigubíl eftir árásina. Hann hlaut átján sentimetra langan skurð á hálsinn sem þurfti 56 spor til að loka. „Ég hætti að keyra leigubílinn og er að reyna að jafna mig. Geng til sálfræðings og fór í fyrstu lýtaaðgerðina af fimmtán síðasta mánudag,“ segir Ásgeir. Tveir mánuðir þurfa að líða á milli lýtaaðgerða og hann sér ekki fram á að þessu ljúki fyrr en eftir tvö til þrjú ár. Vonir standa til að allt að níutíu prósent af örinu hverfi eftir aðgerðirnar fimmtán en það er óvíst. „Það sjá allir hvað kom fyrir mig þegar örið er ekki hulið,“ segir Ásgeir.



**SÁRIÐ Á HÁLSI ÁSGEIRS** Þarf að fara í fimmtán lýtaaðgerðir til að laga örið.

Dómurinn segir rannsókn lögreglu stórlega ábótavant og segir að frekari rannsóknir hefðu getað haft úrslitaáhrif á niðurstöðu málsins. Í niðurstöðu dómaranna tveggja sem sýknuðu sakborninginn segir að með hliðsjón af því að enginn hafi séð hver skar leigubílstjórann og með tilliti til annmarka á rannsókn málsins sé ekki sannað að ákærði hafi skorið Ásgeir á háls.

Þriðji dómarinn segir að leigubílstjóranum og vitni, sem var með árásarmanninum, beri saman í meginatriðum um hvað hafi gerst og það eigi að duga til að sanna sektina. Hann segir annmarka á rannsókn lögreglu á árásarvopninu ekki breyta neinu þar um. **- hrs**



**FORELDRAHÚSIÐ** Móðir drengsins fékk mikinn stuðning í Foreldrahúsi meðan hún vissi ekki um afdrif hans.

Týndi drengurinn:

## Skólastjórinn fann hann

**FÉLAGSMÁL** Skólastjóri fjórtán ára piltsins, sem leitað hefur verið að undanfarna viku, fann hann í gærmorgun. Hann hafði dvalið á heimili vinkonu sinnar. Foreldrar hennar höfðu ekki áttað sig á að drengsins væri leitað.

„Ég er búin að hitta hann og taka utan um hann,“ sagði móðir piltsins í gær, en blaðið birti viðtal við hana í gærmorgun þar sem hún sagði frá áralangri baráttu sinni og drengsins síns.

Margir sem lásu viðtalið og þekktu fjölskylduna áttuðu sig á um hverja var að ræða, þótt það væri nafnlaust. Þetta varð til þess að margir hófu leit að drengnum, að sögn móðurinnar. **- jss**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKÁLAÐ FYRIR VERÐLAUNAHAFANUM** Það var mikið fagnað hjá útgáfu Bjarts í gær eftir að tilkynnt var að Sjón muni fá bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Sjón er fyrsti Íslendingurinn til að njóta þessa heiðurs í áratug, en það var Einar Már Guðmundsson sem síðast hlaut verðlaunin árið 1995.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs:

## Sjón fær verðlaunin

**VERÐLAUN** „Þetta er mér mikill heiður og ánægja,“ sagði skáldið Sjón í gær eftir að tilkynnt var að hann muni hljóti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár.

„Ég þóttist nú vera kominn í góðan félagsskap með tilnefningunni, en nú er félagsskapurinn orðinn enn betri.“

Sjón hlýtur verðlaunin fyrir skáldsögu sína Skugga-Baldur sem Bjartur gaf út haustið 2003.

Verðlaunin verða afhent í Reykjavík 26. október.

Sjá nánar síðu 38

Nýjung á vef Alþingis:

## Hægt að hlýða á raddsýnishorn

Síðan í haust hefur verið hægt að hlusta á raddsýnishorn alþingismanna á vef þingsins, althingi.is. Solveig K. Jónsdóttir, ritstjóri vefsins, segir að þetta sé bæði til gamans gert og eins svo fólk geti í framtíðinni rifjað upp hvernig rödd hvers og eins þingmanns hljómaði.

Þegar er hægt að hlusta á raddsýnishorn allra núverandi þingmanna og er unnið að því í hjáverkum að bæta þeim inn sem áður sátu á þingi. Skipulögð hljóðritun þingræðna hófst 1952 en eitthvað er til af eldri upptökum. Þegar fram líða stundir verður hægt að hlusta á brot úr ræðum allra sem setið hafa á þingi frá þeim tíma.

Solveig segir ekki fylgst með því hve mikið þessi nýjung á vefnum er notuð og því er ómögulegt að segja til um það hvaða þingmenn er mest hlustað á. **- bþs**



**BJARNI BENEDIKTSSON ELDRI** Talar um sveiflur atvinnuveganna.



**BJARNI BENEDIKTSSON YNGRI** Talar um forsetakjör.






## SPURNING DAGSINS

*Valgerður, gengur þú til hægri?*

**Nei, stíg þungt til jarðar með vinstri, en í dansinum verðum við að muna að brekkurnar hér nyrðra eru brattari en syðra.**

Fulltrúar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík og á Akureyri eru ekki sammála um hvort selja eigi hlut bæjarfélaganna í Landsvirkjun. Reykvískir segja nei. Norðlenskir segja já. Er sagt um flokksfélagana að þeir gangi ekki í takt þótt hvorugir vilji að fyrirtækið verði einkavætt.

Baldur Sigurðsson fékk lottóvinning í 73. ára afmælisgjöf:

# Níu barna faðir vann 25 milljónir

**VINNINGSHAFI** Baldur Sigurðsson á Sauðárkróki var einn með fimm rétta í Lottó síðasta laugardag.

„Þetta var óskaplega dásamlegt. Ég skrifa alltaf tölurnar niður jafnóðum og þær koma á skjáinn. Svo fór ég með tölurnar að eldhúsborðinu, var að fá mér kaffi og leit ekkert á miðann strax, en svo kom þetta nú,“ segir Baldur.

Spurður hvort hann hafi ekki haft áhyggjur af að fleiri væru um hituna segir Baldur: „Ja, frúin nefndi það nú að ég skyldi fara inn á textavarpið og athuga hvort vinningshafarnir væru fleiri. Þá skýrðist að ég var bara einn.“



MYND: SKAGAFJORDUR.COM

**HJÓNIN BALDUR OG MARGRÉT**
Hjónin Baldur og Margrét segjast hafa verið rík fyrir þar sem þau eiga níu börn og tuttugu barnabörn. Þau hafa enn ekki ákveðið hvað gert verði við vinninginn.

Kona Baldurs er Margrét Björnsdóttir, gangavörður í gagnfræðiskólanum. Þau eiga níu börn og um tuttugu barnabörn. Þau hafa ekki velt fyrir sér hvernig vinningnum verði varið.

Baldur segir bæjarbúa samgleðjast þeim hjónum. „Allir virðast vera sammála um að við séum vel að þessu kominn,“ segir hann. „Að vinna er óskaplega skemmtilegt, því verður ekki neitað, nú er að fara ekki upp úr skýjunum,“ segir Baldur og nefnir að hann hafi heyrt að fólk standi verr fjárhagslega eftir slíkar vinningsupphæðir en fyrir: „Það verður ekki á þessu heimili.“ - gag

Pólitískur hælisleitandi:

# Með falsað vegabréf

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur útlendingur sótti um pólitískt hæli þegar hann kom úr ferjunni Norrænu á þriðjudagsmorgun. Við komuna til landsins hafði hann framvísað ungversku vegabréfi sem grunur lék á að væri falsað. Hann viðurkenndi að svo væri og óskaði hælis hér á landi sem pólitískur flóttamaður.

Hjá Útlendingastofnun fengust þær upplýsingar að maðurinn væri með hælisumsókn til meðferðar í Bretlandi og hefði ferðast til Danmerkur og Færeyja með Norrænu.

Hann var fluttur Reykjavíkur síðdegis í gær. - bs



**BERJAST UM EMBÆTTI**
Ibrahim al-Jaafari sækist eftir forsætisráðherrastólnum líkt og Iyad Allawi.

Iyad Allawi:

# Vill halda embættinu

**ÍRAK, AP** Iyad Allawi, forsætisráðherra írösku bráðabirgðastjórnarinnar, tilkynnti í gær að hann hefði myndað nýtt bandalag sem berðist fyrir því að hann yrði áfram forsætisráðherra. Hann sagði markmið bandalagsins að berjast fyrir að við tæki ríkisstjórn sem hefði fulla trú á Írak og þeim viðhorfum sem það byggi á.

Sameinaða íraska bandalagið, sem ræður rúmlega helmingi þingsæta, hefur tilnefnt Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherraefni sitt en þarf stuðning annarra flokka til að fá það í gegn. Óvíst er hvaða stuðnings Allawi nýtur.

## REYKJANES

**ATLANTSOLÍA Í REYKJANESBÆ** Atlantsolía hefur nú hafið framkvæmdir við byggingu nýrrar bensínstöðvar í Reykjanesbæ. Árni Sigfússon bæjarstjóri tók fyrstu skóflustunguna í gær. Bensínstöðin verður við Hólagötu 20 og er áætlað að hún verði opnuð í maí.

## EVRÓPA

**HERMENN DÆMDIR** Breskur herdómstóll fann tvo hermenn seka um þátttöku í pyntingum á óbreyttum íröskum borgurum. Mennirnir eiga hvor um sig yfir höfði sér tveggja ára fangelsisvist. Þriðji maðurinn sem var ákærður játaði sök sína og bíður þess að refsing hans verði ákveðin.



**Í BYGGINGARVINNU**
ASÍ segir vinnuafl flutt inn í 90 daga í hvert sinn undir því yfirskini að verið sé að kaupa þjónustu, sérstaklega í byggingarvinnu. Myndin er af þýskum múrara að reisa vegg í nýbyggingu í Norðlingaholti. Hann tengist ekki fréttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lettnesk kona frumkvöðullinn

**Ilona Wilka, rekur fyrirtækið Vislandia í Lettlandi og hefur flutt inn tugi Letta og Litháa á síðustu mánuðum til starfa í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum.**

**VINNUMARKAÐURINN** Forysta Alþýðusambands Íslands lagði fyrir miðstjórnarfund í gær drög að greinargerð um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í skýrslunni kemur fram að lettnesk kona, Ilona Wilke, hafi flutt inn tugi Letta og Litháa á stuttum tíma til starfa í fjölmörgum fyrirtækjum, aðallega í byggingariðnaði, undir því yfirskyni að hún selji þjónustu. Talið er að hún hafi verið manna stórtækust í innflutningi á vinnuafli frá Eystrasaltslöndunum – innflutningi sem verkalýðshreyfingin gagnrýnir harðlega.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur Ilona Wilke verið frumkvöðull í því að nýta sér glufu í reglum um frjálst flæði á þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt þessari glufu er hægt að flytja inn vinnuafl til ákveðinna verkefna í níutíu daga á þeirri forsendu að verið sé að kaupa þjónustu. Starfsmennirnir koma meðal annars til að sinna rútubílaakstri og til byggingarvinnu. Það er vegna viðskipta við lettnesku stálgrinda- og gluggaverksmiðjuna UBB. Starfsmennirnir fara aftur héðan innan tilskilins tíma og þegar verkefninu er lokið.

Ilona Wilke hefur búið á Íslandi um árabil. Hún tengist fyrirtækjasamsteypu, í Þverholti 21 í Reykjavík, sem rekur m.a. Innheimtunetið, Viðskiptanetið og Plúskort. Verkalýðshreyfingin telur þessi fyrirtæki sinna starfsmannaleigu í gegnum viðskipti við Lettland.

Benedikt Karlsson, sem er einn af forystumönnum Innheimtunetsins, vildi engar upplýsingar gefa þegar Fréttablaðið heimsótti hann í Þverholtið í fyrradag, hvorki um fyrirtækin né Ilonu, en sagði fyrirtækin ekki reka starfsmannaleigu né tengjast Ilonu í viðskiptum. ghs@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri ASÍ:

# Fólk er misnotað

**VINNUMARKAÐUR** Gylfi Arnbjörnsson, segir að innflutningur á vinnuafli á vegum ólöglegra og óskráðra starfsmannaleiga, sérstaklega frá Lettlandi og Portúgal, sé farinn að hafa mikil áhrif á vinnumarkað á Íslandi.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**
Framkvæmdastjóri ASÍ.

„Það er verið að misnota fólk og illa með það farið. Það er ráðið langt undir þeim kjörum sem gilda hér á landi og það er farið að framkalla breytingar á vinnumarkaði sem eru óásættanlegar,“ segir hann og kallar á markvissari viðbrögð stjórnmálamanna. - ghs

Lögmaður GT verktaka:

# Skýrslutaka fyrir sunnan

**VINNUMARKAÐURINN** Stjórnendur GT verktaka verða á næstunni kallaðir til skýrslutöku á vegum Sýslumannsins á Seyðisfirði.

Marteinn Magnússon, lögmaður GT verktaka, segir óskað eftir því að skýrslutakan fari fram fyrir sunnan þar sem erfitt og dýrt sé að senda mikinn mannskap austur og á von á að það gangi eftir.

Sýslumannsembættið hefur að undanförnu verið að rannsaka kaup GT verktaka á akstursþjónustu frá Lettlandi en embættinu barst ábending frá Vinnumálastofnun fyrir nokkrum vikum um ólöglega fólksflutninga á Kárahnjúkum. – ghs




Marteinn Magnússon lögmaður GT verktaka:

# Vislandia selur þjónustu

**VINNUMARKAÐURINN** Ilona Wilke, eigandi Vislandia, vísaði á GT verktaka og lögmann þeirra, Martein Magnússon, eða Fyrirtækjaskrána í Lettlandi þegar Fréttablaðið hafði samband við hana í Lettlandi í fyrradag. Hún svaraði öllum spurningum um fyrirtæki sitt og starfsemi þess með þessum sama hætti. Hún vildi ekki segja hvenær hún kæmi næst til Íslands eða hvort hægt væri að fá viðtal þá.

Marteinn Magnússon, lögmaður GT verktaka, segist aldrei hafa hitt Ilonu þó að hann eigi eftir að hafa samband við hana og skilji því ekki hvers vegna hún vísi á sig. Hann hafi ekki séð skráningu fyrirtækisins í Lettlandi og viti því ekki nákvæmlega hver sé skráður tilgangur þess.

„Eftir því sem ég best veit er hún með skráð fyrirtæki í Lettlandi og veitir ýmiss konar þjónustu. Eitt af því sem hún býður upp á er að þjónusta aðveðna geira hér á landi. Þannig blasir það við mínum umbjóðanda sem kaupir þjónustu af henni eða hennar fyrirtæki. Starfsmennirnir sem hún sendir eru starfsmenn hennar fyrirtækis.“ - ghs



**MARTEINN MAGNÚSSON LÖGMAÐUR**
„Eitt af því sem ég best veit er að hún er með skráð fyrirtæki í Lettlandi og veitir ýmiss konar þjónustu,“ segir Marteinn um starfsemi Ilonu Wilke, lettnesku konunnar sem rekur fyrirtækið Vislandia sem selur verktökum þjónustu í formi starfsmanna.




# Fermingar-kvöld í Smáralind

KÍKTU Í FERMINGARGJAFAHANDBÓKINA

GÓÐAR HUGMYNDIR

## Allt fyrir ferminguna!

Við bjóðum fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin í Smáralind frá **kl. 17-21** í dag. Kynningar verða í gangi á öllu mögulegu sem huga þarf að fyrir **fermingarveisluna**, sjálft **fermingarbarnið** og aðra **fjölskyldumeðlimi**.



Birgitta Haukdal og Vignir Snær Vigfússon (Viggi) úr Írafári **taka lagið í göngugötunni** kl. 18 og 20.

ENNEMM / SÍA / NM15333

## Fermingarleikur Smáralindar og BT

**Þú gætir unnið** með því að óska þér!

Taktu þátt í skemmtilegum fermingarleik á www.smaralind.is

Að verðmæti 199.999



**Aðalvinningur: Fartölva**

**Aukavinningar:** 10 x 5.000 kr. gjafakort í Smáralind.




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,77 | 61,07 |
| Sterlingspund | GBP | 115,98 | 116,54 |
| Evra | EUR | 80,26 | 80,70 |
| Dönsk króna | DKK | 10,78 | 10,85 |
| Norsk króna | NOK | 9,71 | 9,77 |
| Sænsk króna | SEK | 8,815 | 8,867 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,80 | 93,36 |

*Gengisvísitala krónunnar*
110,10 +0,05%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Rán framin í Bettís og Videospólunni:

# Ræningi með úðabrúsa

**RÁN** Eigandi Bettís við Borgarholtsbraut í Kópavogi var að vinna í fyrrakvöld þegar dökkklæddur ræningi með úðavopn ruddist inn og heimtaði peninga. Hann sprejaði úða í andlit eigandans. Sami ræninginn er talinn hafa verið að verki í söluturninum Videospólunni við Holtsgötu í Reykjavík.

Eigandi Bettís var ein að vinna um klukkan níu um kvöldið þegar maðurinn kom inn. Hann úðaði í andlitið á henni og skipaði henni að opna peningakassann. Hún náði að ýta á neyðarhnapp Securitas áður en hún opnaði kassann sem ræninginn hrifsaði peningana úr áður en hann hvarf á braut. Eftir ránið fór hún á slysadeild þar sem úðinn var skolaður úr andliti hennar. Hún var skelfingu lostin eftir árásina og segir hún óttann við ræningja hafa aukist til muna eftir þessa lífsreynslu.

Um klukkan hálf tólf sama kvöld ruddist dökkklæddur maður með rauðan klút fyrir andlitinu inn í Videospóluna og heimtaði peninga. Hann var með úðavopn en beitti því ekki. Þetta er fjórða ránið í söluturninum frá árinu 2001.

Ræninginn eða ræningjarnir náðu óverulegri peningaupphæð á báðum ránunum. Í ráninu í Kópavogi innan við tíu þúsund krónur. Þegar blaðið fór í prentun í gær var ræningjans enn leitað. **- hrs**




**SÖLUTURNINN BETTÍS**
Eigandi söluturnsins segir skelfilegt að hugsa til þess að ræninginn gangi laus.

Dæmd fyrir auðgunarbrot:

# Lögmaður í fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann á sextugsaldri í átta mánaða fangelsi og konu á sextugsaldri í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir auðgunarbrot. Þau höfðu gert víxil til málamynda í því skyni að skerða rétt þrotabús eiginmanns konunnar.

Maðurinn er lögfræðingur og var refsingin ákvörðuð með það að sjónarmiði að hann hefði gerst sekur um auðgunarbrot í skjóli starfsleyfis. Þeim var gert að greiða allan sakarkostnað, þar af fær verjandi konunnar hálfa milljón króna og verjandi lögmannsins seka fær 300 þúsund. **- bs**

Húsleit á Reyðarfirði:

# Fíkniefni og smyglvara

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Eskifirði lagði í gær hald á fíkniefni og smyglvarning í vöruskemmu á Reyðarfirði um hádegisbilið í gær.

Húsleitin var í samvinnu við deildarstjóra tollgæslunnar á Eskifirði, en lögreglunni höfðu borist ábendingar um að ólögleg efni væru í húsinu. Við leit fundust fimm grömm af hassi, þrettán flöskur af sterku áfengi, níu kassar af bjór og tæki til fíkniefnaneyslu. Fjórir menn á fertugsaldri búa í skemmunni Þeir hafa allir gengist við að eiga varninginn og telst málið upplýst. **- bs**

## BANDARÍKIN

**DVÍNANDI VINSÆLDIR** Meirihluti íbúa Kaliforníu er ánægður með störf Arnolds Schwarzenegger ríkisstjóra en ánægja með hann fer þó minnkandi. 54 prósent segjast sátt við störf hans nú en í september voru 65 prósent aðspurðra sáttir.



FRÉTTABLAÐIÐ/HAFSTEINN INGÓLFSSON

**VIÐ LÆKJARGÖTU Í HAFNARFIRÐI**
Eldurinn barst í fjölbýlishúsið frá bílunum enda stóðu þeir mjög nálægt húsinu.

# Kveikti tvisvar í sömu nóttina

**Ungur maður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir íkveikju í bílum í Hafnarfirði í fyrra. Í annarri íkveikjunni barst eldur í næsta hús og þykir maðurinn hafa stofnað lífi níu manna í húsinu í hættu.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært 22 ára gamlan mann fyrir að kveikja í bílum og að hafa með því stofnað lífi níu manna í hættu. Maðurinn er einnig ákærður fyrir að eiga ólöglegt vopn og akstur undir áhrifum deyfandi lyfja.

Maðurinn er sakaður um að hafa hellt bensíni yfir og kveikt í bíl sem stóð á bílaplani við fjölbýlishús í Lækjargötu í Hafnarfirði í byrjun september í fyrra. Eldurinn blossaði upp og náði í bíla sem stóðu sitt hvoru megin við þann sem kveikt var í. Eldurinn barst í gluggakistu á jarðhæð fjölbýlishússins og brunnu og sprungu rúður bæði á jarðhæðinni og annarri hæð hússins. Eldsupptök voru aðeins um einum og hálfum til tveimur metrum frá húsinu og þykir maðurinn hafa með íkveikjunni stofnað lífi níu íbúa hússins í hættu, en þeir voru allir sofandi þegar kveikt var í. Eldsins varð fljótlega vart og það er talið hafa orðið til þess að ekki fór verr. Maðurinn er líka sakaður um að hafa sömu nótt hellt bensíni yfir og kveikt í öðrum bíl skammt frá fyrri brunastaðnum. Bíllinn og grindverk sem hann stóð við skemmdust í eldinum.



**ÁKÆRÐUR FYRIR BRENNU**
Maðurinn er sakaður um að hafa stofnað níu mannslífum í hættu.

Lögregla stöðvaði manninn í Hafnarfirði í júní í fyrra og reyndist vera undir áhrifum deyfandi lyfja og hafa ekki ökuréttindi. Eins fannst hnífur með fimmtán sentimetra löngu blaði í bílnum.

Við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjaness í gær tók maðurinn sér frest til að tjá sig um efni ákærunnar sem hann var þá að sjá í fyrsta skipti. Krafist er að hann verði dæmdur til refsingar og sviptur ökuréttindum.

Eigendur þriggja bíla sem urðu eldinum að bráð hafa lagt fram bótakröfu á hendur manninum samtals að upphæð rúmrar einnar milljónar króna.

**hrs@frettabladid.is**



**HERVE GAYMARD**
Sótt er að fjármálaráðherranum vegna húsaleigumála hans.

Fjármálaráðherra:

# Ríkið greiðir húsaleiguna

**FRAKKLAND, AP** Herve Gaymard, fjármálaráðherra Frakklands, er í vanda eftir að upp komst að ríkissjóður greiðir í mánuði hverjum andvirði rúmlega milljón króna í leigu fyrir hús sem hann hefur til afnota. Það bætir ekki stöðu ráðherrans að hann leigir eigin íbúð út á 200 þúsund krónur og er sú íbúð stutt frá húsinu sem ríkissjóður greiðir fyrir.

Eftir að upp komst um leigugreiðslurnar úr ríkissjóði viðurkenndi Gaymard mistök og ákvað að flytja út úr íbúðinni. Það kom ekki í veg fyrir að þingmenn veltu því upp hvort hann ætti að segja af sér vegna málsins. ■

World Trade Center:

# Hætt að bera kennsl á lík

**BANDARÍKIN, AP** Réttarlæknar í New York eru formlega hættir að bera kennsl á lík fórnarlamba hryðjuverkaárásanna á World Trade Center 11. september árið 2001.

Ekki tókst að bera kennsl á rúmlega 1.100 af þeim 2.749 sem létust í árásunum. Réttarlæknar hafa unnið sleitulaust frá því árásirnar voru gerðar en undanfarna mánuði hefur starfið sífellt orðið erfiðara. Síðan í september hefur aðeins tekist að bera kennsl á átta lík. ■

HÁSKÓLI ÍSLANDS



NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
27. FEBRÚAR
www.hi.is

## Veðrið

**ER VORIÐ Á NÆSTA LEITI??**
Margir hafa spurt þessarar spurningar upp á síðkastið enda veðrið með þeim hætti. Menn bókstaflega segjast finna lyktina af vorinu. Þetta hæglætisveður sem verið hefur heldur áfram næstu daga þó að líklega kólni aðeins næstu daga.

**VEÐURHORFUR NÆSTU HELGI**
Laugardagur og sunnudagur: Hæg norðlæg eða breytileg átt og bjart með köflum víða um land. Hiti víðast yfir frostmarki yfir hádaginn annars vægt frost.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Laugardagur




Hæg breytileg átt.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C alskýjað | París | 5°C skúrir | Torrevieja | 14°C léttskýjað |
| Osló | -8°C alskýjað | Prag | 0°C snjóél | Róm | 11°C skúrir |
| Stokkhólmur | -2°C alskýjað | Amsterdam | 1°C alskýjað | New York | -1°C skýjað |
| London | 6°C léttskýjað | Varsjá | 3°C alskýjað | Miami | 28°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

**Hive** Lite

Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

# AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST INTERNET MEÐ HRAÐARI TENGINGU OG MEIRA NIÐURHALI EN HINIR Á AÐEINS

# 3.990

## Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

**AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.**

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## KJÖRKASSINN

*Ert þú í skráð(ur) í stjórnmálaflokk?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 33,69% |
| Nei | 66,31% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að einkavæða Landsvirkjun?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Jóhannes Páll II páfi sendir frá sér nýja bók:

# Líkir fóstureyðingum við helförina

**ÍTALÍA** Jóhannes Páll II páfi, sem þekktur er fyrir andstöðu sína við fóstureyðingar, líkir þeim við helför gyðinga í nýrri bók sem hann hefur sent frá sér. Hann segir að hvort tveggja séu afleiðingar þess að stjórnvöld setji sig upp á móti guðdómlegri forskrift, í báðum tilfellum undir merkjum lýðræðis.

„Þing sem samþykkja slík lög verða að gera sér grein fyrir að þau fara út fyrir valdsvið sitt og eru í opinni andstöðu við lög guðs og náttúrunnar,“ segir páfi í bók sinni og vísar þar til löggjafar þar sem fóstureyðingar hafa verið lögleiddar.

Þýski kardínálinn Josef Ratzinger, sem hefur haft mikil áhrif innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar í valdatíð Jóhannesar Páls II, sagði í samtali við BBC að páfi væri þrátt fyrir þetta ekki að leggja fóstureyðingar og helför gyðinga að jöfnu.

„Hann dregur athygli okkar að viðvarandi freistingu mannkyns og þarfarinnar á að gæta þess að falla ekki í freistni,“ sagði Ratzinger þegar útgáfa bókarinnar var kynnt. ■



**PÁFI HEILSAR PÍLAGRÍMUM**
Jóhannes Páll II páfi heilsaði pílagrímum af sjónvarpsskjá á Péturstorgi eftir að hætt var við að láta hann heilsa þeim út um glugga íbúðar sinnar vegna rigningar og kalsaveðurs.

Eldsvoðinn í Grindavík:

# Vinnsla hafin aftur

**BRUNI** „Við frystum aðeins um helgina, en það er annars bara engin loðna til að frysta. Við bíðum bara eftir því,“ segir Óskar Ævarsson yfirmaður fiskimjölverksmiðju Samherja sem brann í Grindavík 9. febrúar eftir að mjöl ofhitnaði í þurrkara. Helmingur byggingarinnar skemmdist ekki í eldsvoðanum og ætlar Samherji að frysta loðnu og vinna hrogn í verksmiðjunni.

Óskar segir að ekki liggi fyrir hversu mikið fjárhagslegt tjón hafi orðið í eldinum, enn sé verið að hreinsa rústirnar og meta tjónið. „Við vonum að þetta liggi fyrir eftir viku til tíu daga.“ **- bs**



**ÓLÖGLEG INNRÁS?**
Bresk stjórnvöld bjuggu sig undir málaferli áður en ráðist var inn í Írak.

Bretland:

# Innrásin í Írak ólögleg

**BRETLAND** Ríkissaksóknari Bretlands varaði við því tveimur vikum áður en ráðist var inn í Írak að innrásin væri að öllum líkindum ólögleg og breska ríkið gæti verið ákært fyrir vikið. Kemur þetta fram í bók sem út kemur innan tíðar og breska blaðið Guardian hefur fengið að rýna í. Kemur þar fram að bresk stjórnvöld voru svo viss um málaferli að hópur lögfræðinga var settur í stellingar þegar og ef til þess kæmi að málaferli færu fyrir Alþjóðadómstólinn. ■

# Ekki selt til að einkavæða

**Fulltrúar Vinstri grænna í R-listanum vilja ekki að Landsvirkjun verði einkavædd. Áskilja sér rétt til að greiða atkvæði gegn sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Borgarstjóri vill aðskilja umræður um sölu borgarinnar á hlut sínum í Landsvirkjun og einkavæðingu ríkisins á orkufyrirtækinu.**

**BORGARMÁL** Fulltrúar Vinstri grænna í R-listanum áskilja sér rétt til að greiða atkvæði gegn sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Í síðustu viku undirritaði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri viljayfirlýsingu um málið. Í kjölfarið lýsti Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra því yfir að eftir að ríkið hefði keypt hlut borgarinnar og Akureyrar í Landsvirkjun og fyrirtækið yrði sameinað Rarik og Orkubúi Vestfjarða yrði því hugsanlega breytt í hlutafélag. Hún sagði að rekstrarforminu yrði þó aldrei breytt fyrr en eftir árið 2008.

Þessi yfirlýsing ráðherrans hefur vakið hörð viðbrögð fulltrúa Vinstri grænna í borgarstjórnarflokki R-listans. Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í R-listanum, segir orð ráðherrans algjörlega hafa komið sér í opna skjöldu.

„Við höfum efnislega verið sátt við það langtímamarkmið að losa um hlut borgarinnar í Landsvirkjun,“ segir Björk. „En eftir að ráðherra er búinn að tilkynna það að hún ætli að einkavæða Landsvirkjun þá horfir málið aðeins öðruvísi við. Viðræður borgarinnar og ríkisins eru að fara af stað og við munum ekki stöðva þær. Við áskiljum okkur hins vegar allan rétt til að greiða atkvæði gegn sölu borgarinnar á hlut sínum verði hún til þess að Landvirkjun verði einkavædd því slíkt samkomulag yrði ekki til hagsbóta fyrir Reykvíkinga.“

Steinunn Valdís segir að yfirlýsing Valgerðar hafi verið ótímabær. Um afstöðu fulltrúa Vinstri grænna í R-listanum til málsins segir Steinunn Valdís: „Borgarfulltrúar hafa allan rétt til að greiða atkvæði samkvæmt eigin sannfæringu. Viðræðurnar eru bara rétt að hefjast og á þessum tímapunkti held ég að fólk eigi aðeins að slaka á og sjá hvað kemur út úr viðræðunum. Það getur vel verið að niðurstaðan verði sú að það sé ekki fýsilegt fyrir borgina að selja.“

Steinunn Valdís segist vilja aðskilja annars vegar sölu borgarinnar á hlut sínum í Landsvirkjun og hins vegar hugsanlegri einkavæðingu. Borgaryfirvöld eigi að hugsa um hagsmuni borgarbúa. Alþingismenn verði að síðan að takast á um það hvort gera eigi Landsvirkjun að hlutafélagi.

**trausti@frettabladid.is**



**BORGARFULLTRÚI**
Björk segir málið horfa öðruvísi við ef á að einkavæða Landsvirkjun.



**BORGARSTJÓRI**
Steinunn Valdís segir að yfirlýsing Valgerðar hafi verið ótímabær.



**STJÓRNSTÖÐ LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚSTAÐAVEG**
Eftir að ríkið hefur keypt hluti Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun hyggst ríkisstjórnin sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða.




Landspítalinn veitir aukna þjónustu:

# Boðið upp á ráðgjöf gegn HIV

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsfólk á göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala – háskólasjúkrahúsi veitir nú aukna þjónustu þeim sem koma í HIV-próf, að sögn Más Kristjánssonar yfirlæknis á deildinni.

Ákveðið hefur verið að bjóða þeim einstaklingum sem koma í HIV-próf viðtal við hjúkrunarfræðing sem fræðir viðkomandi um áhættuhegðun sem getur leitt til HIV-smits. Það er þeim sem óskar eftir HIV-prófi í sjálfsvald sett hvort hann þiggur þessa ráðgjöf eða fer eingöngu í blóðpróf, að sögn Más sem bendir á að allir starfsmenn göngudeildar smitsjúkdóma séu bundnir þagnarskyldu.

Hjúkrunarfræðingur á göngudeildinni er við mánudaga kl. 08.00 – 16.00 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 08.00 – 12.00. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér þessa þjónustu geta hringt í 543 2040 eða farið á göngudeildina sem er fyrir ofan slysadeildina á Landspítalanum í Fossvogi. **- jss**





**AURSKRIÐUR**
Rigningar hafa grafið undan fjölmörgum heimilum í Kaliforníu síðustu sólarhringa.

Bandaríkin:

# Úrhelli í Kaliforníu

**BANDARÍKIN** Miklar rigningar hafa gert íbúum Kaliforníu í Bandaríkjunum lífið leitt svo um munar síðustu daga og er talið að níu manns hafi látist vegna þeirra undanfarið. Fylgdi regnið í kjölfarið á miklum stormum sem gengu yfir í vikunni og hafa stjórnvöld í ríkinu flutt nokkur hundruð manns frá heimilum sínum af ótta við flóð eða aurskriður en þegar hafa nokkur heimili orðið illa úti. Vegna lóðaskorts víða hefur sívaxandi fjöldi manna byggt sér heimili á stöðum sem þykja vafasamir þegar veður eru slæm. ■



Stórútsölumarkaður
40-90% afsláttur
Yfir 500 titlar af DVD myndum
Veiðiperlur
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
As Good As It Gets
499kr
Upph. verð 2.899.-
snatch
499kr
Upph. verð 2.999.-
Bridget Jones's Diary
499kr
Upph. verð 2.999.-
Spider-
499kr
Upph. verð 2.999.-
1.499kr
Upph. verð 2.799.-
American Pie 2
499kr
Upph. verð 2.999.-
Áfram Latibær & Glanni glæpur í Latabæ
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
Yfir 500 titlar af geislaplötum
90% afsláttur
HLJ MAR
239kr
upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
799kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
nylon
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
79% afsláttur
Kalli Bjarni
499kr
upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
799kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
Gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvaða grunnskóli sigraði Nema hvað?

2 Hvaða orkufyrirtæki er ætlað að sameina?

3 Hvenær opnar hótelið í gamla Eimskipafélagshúsinu?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Félagsþjónustan í Hafnarfirði:

# Fólki aldrei beint í ósamþykktar íbúðir

**HAFNARFJÖRÐUR** Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, segir að fólki sé aldrei beint í ósamþykktar íbúðir en ekki sé fylgst sérstaklega með því hvort skjólstæðingar búi í ósamþykktu húsnæði eða ekki, t.d. með tilliti til brunavarna.

Skýrt sé að enginn starfsmaður Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði leigi ósamþykkt húsnæði fyrir sína skjólstæðinga en auðvitað geti skjólstæðingur verið tímabundið í ólöglegu húsnæði „og við getum lítið fylgst með því enda varla okkar hlutverk,“ segir hann. Félagsþjónustan geti ekki stýrt því hvar skjólstæðingar leita sér sjálfir að íbúð.

Fréttablaðið hefur afrit af færslum á reikning húseigenda við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Þar sést að Félagsþjónustan greiddi 48.759 krónur fyrir leigu í júní á síðasta ári, annars sá skjólstæðingurinn um hana sjálfur. Sæmundur vill ekki ræða einstök tilvik.

Verið er að skoða húsnæðismál í Hafnarfirði og kanna t.d. ósamþykkt húsnæði.

- ghs



**SÆMUNDUR HAFSTEINSSON**
Forstöðumaður Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði.

Sænska stjórnin:

# Lækka ekki áfengisgjald

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska stjórnin frestaði því að lækka áfengisgjaldið og hyggst ekki taka afstöðu til þess fyrr en í haust. Í fyrra gáfu stjórnvöld fyrirheit um að lækka áfengisgjaldið um 40 prósent í ár og hugðust með því draga úr innflutningi áfengis frá löndum þar sem áfengisverð er lægra en í Svíþjóð.

Dregið hefur úr áfengissölu í Svíþjóð eftir að Eystrasaltsríkin gengu í Evrópusambandið og því hægt að flytja ódýrt áfengi þaðan til Svíþjóðar með ódýrum hætti. Þetta hefur orðið til þess að draga úr tekjum sænsku áfengiseinkasölunnar, sem er einkarekin. ■

Spánn:

# Kannabisefni hjálplegt

**SPÁNN** Spænskir vísindamenn skýrðu frá því í vikunni að fyrstu athuganir þeirra sýndu svo ekki væri um að villast að virk efni í kannabisplöntunni hefðu jákvæð áhrif á þá sjúklinga sem þjást af Alzheimer-sjúkdómnum. Ýta rannsóknir Spánverjanna stoðum undir aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið og sýna sömu niðurstöðu. Ekki er um stórt skref að ræða í baráttunni við þennan óvæga sjúkdóm en leiddar eru að því líkur að þessi uppgötvun sé fyrsta skrefið til að koma þeim fjölmörgu til bjargar sem af honum þjást og muna lítið sem ekkert þegar á efri ár kemur. ■



MYND/AP

**FYRSTA SKREFIÐ**
Vísindamenn telja sannað að virk efni í kannabisplöntunni hafi jákvæð áhrif í baráttunni gegn Alzheimer-sjúkdómnum.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt þar sem fjallað var um að landbúnaðarráðherra vildi fjarlægja Steingrímsstöð úr Sogi var vitlaus myndatexti. Myndin er af Benóný Jónssyni hjá Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar en ekki Magnúsi Jóhannssyni eins og sagt var.

# Óttast heilsufarsáhrif háspennulína Landsnets

**Drífa Hjartardóttir þingmaður vill að áhrif háspennulína á heilsu fólks verði rannsökuð. Hún gagnrýnir að Landsnet skuli leggja háspennulínu við bæinn Eyrarteig. Hún ætlar að leggja þingsályktunartillögu um málið fram á þingi í ár eins og undanfarin ár.**

**HÁSPENNA** Drífa Hjartardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir Landsnet fyrir að taka jörðina Eyrarteig í Austur-Héraði eignarnámi og leggja háspennulínu við svefnherbergisgluggann.

„Að leggja háspennulínu nánast yfir bæinn í Skriðdalnum er nokkuð sem ekki á að gera,“ segir Drífa. „Ég myndi ekki vilja fá háspennulínu við útidyrnar hjá mér – það er alveg víst.“

Drífa hefur undanfarin ár lagt fram þingsályktunartillögu um að heilbrigðisráðherra verði falið að standa fyrir rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til krabbameins. Tillagan hefur aldrei verið samþykkt. Drífa segir mál Eyrarteigs einmitt dæmi um nauðsyn þess að rannsaka áhrif háspennulína á heilsu fólks. Spurð hvers vegna ekki hafi náðst samstaða um málið á þingi segir hún: „Það er oft þannig að það er erfitt að fá samþykktar þingsályktunartillögur sem þingmenn eru með. Síðan eru líka margir einfaldlega á móti því að þetta sé skoðað. Þeir halda einfaldlega að það sé engin hætta sem fylgi háspennulínum og fjarskiptamöstrum. Mér finnst hins vegar sjálfsagt mál að rannsaka málið. Það ætti ekki að vera erfitt eða dýrt því það liggja fyrir erlendar rannsóknir um málið sem hægt er að styðjast við.“

Drífa segist ætla að leggja tillöguna fram aftur á þessu þingi. Hún ætli reyndar að leggja hana fram þar til hún verði samþykkt.

„Málið hefur ekki komist í gegnum heilbrigðis- og trygginganefnd en ég er þar núna varaformaður nefndarinnar og mun reyna að sannfæra nefndarmenn.“

Sigríður Anna Þórðardóttir, núverandi umhverfisráðherra, hefur verið einn af meðflytjendum tillögunnar. Drífa segir að þó Sigríður Anna geti ekki flutt tillöguna með henni núna sé hún sannfærð um að umhverfisráðherrann muni styðja málið áfram.

trausti@frettabladid.is



**DRÍFA HJARTARDÓTTIR**
Sannfærð um að umhverfisráðherra styðji tillöguna.



**TENGIVIRKI Í SKRIÐDAL**
Tengivirki Landsvirkjunar í Skriðdal skammt frá Eyrarteigi. Fljótsdalslínur 3 og 4 munu liggja frá tengivirkinu og niður að álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði.

Samráð tryggingafélaga:

# Sektuð um 60,5 milljónir

**SAMKEPPNISRÁÐ** Tryggingafélögin voru í gær sektuð um 60,5 milljónir af samkeppnisráði vegna ólöglegs verðsamráðs. Tryggingamiðstöðin hefur fallist á að greiða 18,5 milljónir í sekt og VÍS hefur fallist á að greiða 15 milljónir. Sjóvá-Almennar tryggingar eru sektuð um 27 milljónir, en tryggingafélagið hefur ákveðið að áfrýja þeirri niðurstöðu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og eftir atvikum til dómstóla. Það var niðurstaða samkeppnisráðs að sekt Sjóvá-Almennra skyldi vera hærri en sekt hinna tryggingafélaganna, þar sem VÍS og TM óskuðu eftir sátt og aðstoðuðu samkeppnisráð við að upplýsa brotin. Í tilkynningu frá Sjóvá-Almennum segir að fyrirtækið hafi ekki haft fjárhagslegan ávinning af samstarfinu og hafi samið um sjálfstætt verð.

Samkeppnisráð segir að verðsamráðið hafi falist í því að félögin gerðu sameiginlega samanburð á Cabas-tjónamatskerfi áður en það var tekið í notkun árið 2002. Samkeppnisráð telur að með því hafi falist samráð um að meta hækkunarþörf á tímagjaldi verkstæða. Í kjölfarið er talið að félögin hafi komið sér saman um viðmiðunarverð sem þau ætluðu að nota í samningaviðræðum við bílaverkstæði. Þá er talið að félögin hafi haft samráð um kaupverð á viðgerðarþjónustu af P. Samúelssyni ehf. sem rekur eitt stærsta bifreiðaverkstæði landsins. -ss



**VILL EKKI BORGA**
Samkeppnisráð sektaði Sjóvá-Almennar um 27 milljónir vegna ólöglegs verðsamráðs. Tryggingafélagið mun áfrýja niðurstöðunni.



# Lagersala

# Útilífs

casall

adidas

SPEEDO

DOCKERS

## Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Herra- og dömubuxur frá .... | 1.000 kr. |
| Herra- og dömubolir frá ...... | 700 kr. |
| Nike, Puma og Adidas íþróttaskór frá .................. | 3.000 kr. |
| Golfskór frá ......................... | 2.000 kr. |
| Golfpokar frá ...................... | 2.000 kr. |
| Stakar golfkylfur frá .......... | 1.000 kr. |

**Gríptu tækifærið - gerðu góð kaup**

## Einungis í 3 daga!

**OPIÐ FIM.-LAU KL. 10.00 - 18.00**

Golfvörur

Sportfatnaður

Úlpur

# Lagersalan

haldin í lager Útilífs í

## Glæsibæ.

Gengið inn frá skódeild.




Millilandaflug frá Akureyri og Egilsstöðum:

# Búbót fyrir byggðakjarnana

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðaskrifstofan Trans – Atlantic á Akureyri stefnir á beint flug frá Egilsstöðum til London eða Kaupmannahafnar í lok mars eða byrjun apríl og frá Akureyri til Kaupmannahafnar í sumarbyrjun.

Egill Örn Arnarson, stjórnarformaður Trans – Atlantic, segir samninga varðandi Akureyrarflugið á lokastigi en Egilsstaðaflugið standi og falli með langtíma samningi við Impregilo eða Bechtel sem annast framkvæmdir við álver Alcoa í Reyðarfirði.

„Við höfum samið við evrópskt flugfélag um flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar og stefnum á að fljúga einu sinni í viku, frá byrjun júní og út sumarið,“ segir Egill.

Trans – Atlantic hefur verið í viðræðum við Impregilo og segir Egill niðurstöðu að vænta á næstu vikum. „Við höfum einnig kynnt Egilsstaðaflugið fyrir bæjaryfirvöldum á Héraði og forsvarsmönnum Ferðaskrifstofu Austurlands og eru allir mjög spenntir. Við stefnum á að fljúga allan ársins hring frá Egilsstöðum, tvisvar til fjórum sinnum í mánuði næstu tvö til þrjú árin,“ segir Egill. - kk



**AKUREYRARFLUGVÖLLUR**
Forsvarsmenn Trans – Atlantic hafa kynnt Kaupmannahafnarflugið fyrir bæjaryfirvöldum á Akureyri, stofnunum og fyrirtækjum og segir stjórnarformaður Trans – Atlantic Akureyringa almennt mjög áhugasama.

# Deilt á hryðjuverkalög

**Breska stjórnin sætir harðri gagnrýni fyrir lagafrumvarp sem veitir lögreglu rétt til að setja þá sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi í stofufangelsi án dóms og laga. Nauðsynlegt að bregðast við hryðjuverkaógn, segir Blair.**

**BRETLAND, AP** Breska ríkisstjórnin sætir mikilli gagnrýni vegna fyrirhugaðrar löggjafar sem veitir lögreglu aukin völd til að handtaka og halda grunuðum hryðjuverkamönnum. Stjórnarandstæðingar segja löggjöfina grafa undan mannréttindum og breska réttarkerfinu auk þess sem þingmönnum gefist ekki tími til að ræða frumvarpið, sem feli í sér grundvallarbreytingar á bresku dómskerfi.

Verði frumvarp stjórnarinnar að lögum getur lögregla haldið meintum hryðjuverkamönnum í stofufangelsi eða sett staðsetningartæki á þá án dómsúrskurðar. Stjórnin vill líka rétt til að lýsa yfir útgöngubanni eða ferðabanni og setja takmarkanir við notkun síma og netsins ef grunur leikur á að hryðjuverk kunni að verða framin.

„Bretland stendur frammi fyrir alvarlegri ógn við öryggi almennings,“ sagði Tony Blair forsætisráðherra í breska þinginu. Hann sagði það mat stjórnvalda, lögreglu og öryggisstofnana að grípa þyrfti til aðgerða og veita lögreglu víðtækari heimildir í baráttunni gegn hryðjuverkum. Hann sagði líka að ekki yrði gengið nærri mannréttindum.



**TONY BLAIR**
Breski forsætisráðherrann segir frumvarp stjórnar sinnar viðbrögð við hryðjuverkaógninni.

Stjórnarandstæðingar eru á öðru máli og segja of langt gengið. Þeir gagnrýna ekki síst að aðeins gefist tveir dagar til að ræða mál sem þingmönnum gefist venjulega nokkrar vikur eða mánuðir til að skoða.

Michael Howard, leiðtogi íhaldsmanna, sakaði Blair um hroka. „Hvers vegna heldur forsætisráðherra svona fast í að takmarka þann tíma sem gefst til að ræða þessar mikilvægu spurningar? Hvers vegna neitar hann að skilja að það eru aðrir valmöguleikar sem er vert að skoða? Hví er hann svo hrokafullur þegar kemur að þessum spurningum sem skipta sköpum um öryggi okkar og réttindi?“

Með frumvarpinu er brugðist við úrskurði æðsta dómstóls Bretlands um að óheimilt sé að halda meintum hryðjuverkamönnum ótímabundið án dóms og laga. Því þarf að sleppa tíu mönnum en breska stjórnin vonast til að komast hjá því með nýrri löggjöf. ■




Lest ók á sjúkrabíl:

# Sjúklingur slapp

**ARKANSAS, AP** Lest í Arkansas ók á sjúkrabifreið á krossgötum, en engin ljós eða merki gáfu til kynna að lestin væri á leiðinni. Þrír sjúkraflutningamenn létust í slysinu, en sjúklingurinn í bifreiðinni, kona sem var á leið á sjúkrahús með hjartaáfall, slapp ómeidd.

Lestarstjórinn segist hafa hringt bjöllum, þeytt horn og notað neyðarbremsur þegar hann sá sjúkrabifreiðina á teinunum, en árangurslaust. Slysið er í rannsókn. ■

## ASÍA

**DÓMARI DÆMDUR** Hæstiréttur Úsbekistans dæmdi dómara á lægra dómstigi til sjö ára fangelsisvistar fyrir að hafa þegið mútur. Litlar upplýsingar fengust um mál dómarans hjá réttinum en Surat Ikramov, baráttumaður fyrir mannréttindum, sagði dómarann hafa þegið mútur af ættingjum sakborninga fyrir að kveða upp vægari dóma.

**ÞÚSUNDIR FLÝJA ÁRÁSIR** Árásir maóískra uppreisnarmanna á bændur og þorpsbúa í Katmandu-dal í Nepal hafa orðið til þess að þúsundir manna, kvenna og barna hafa flúið til höfuðborgarinnar. Uppreisnarmenn eru sagðir pynta og myrða fólk sem þeir telja hafa veitt stjórnvöldum aðstoð.

Heimsending lyfja:

# Hefur tíðkast í tvo áratugi

**LYF** „Heimsendingarþjónusta apóteka hefur tíðkast síðan árið 1982, þetta byrjaði í Laugavegsapóteki sem er núna Lyfja við Laugaveg,“ segir Þorbergur Egilsson, rekstarstjóri Lyfju, um fréttir af Lyfjaveri, fyrsta apóteki sem sérhæfir sig í heimsendingarþjónustu.

„Lyfja hefur frá upphafi sent lyf heim til fólks og þetta eru því engin ný tíðindi,“ segir Þorbergur. Lyfjaver býður upp á ókeypis heimsendingarþjónustu en að sögn Þorbergs tekur Lyfja 420 krónur fyrir þjónustuna. „Við tókum upp gjaldið fyrir nokkrum mánuðum en munum fella niður gjald af heimsendingu til lífeyrisþega,“ segir Þorbergur.

Lyfjastofnun kannar nú hvort heimsendingar Lyfjavers standist ákvæði í lyfjalögum, sem kveða á um að sjúklingur veiti lyfjunum viðtöku í lyfjabúð og séu lyf send lengri eða skemmri veg skal afhending vera í höndum þjálfaðs starfsfólks. Þorbergur segir að þar sem Lyfja sé með útibú úti á landi séu það ávallt þjálfaðir starfsmenn sem afhenda lyfin. „Athugasemdir Lyfjastofnunar lúta að því þegar þriðji aðili, til dæmis póstþjónusta, tekur að sér afhendinguna,“ segir Þorbergur. **- bs**



**LYFJA VIÐ LAUGAVEG**
Hét áður Laugavegsapótek og hóf heimsendingar á lyfjum árið 1982.

Vinstri grænir:

# Neita að selja Landsvirkjun

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin – grænt framboð áskilur sér rétt til að leggjast gegn sölu hlutar Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun til ríkisins, verði það til þess að fyrirtækið verði einkavætt.

Í yfirlýsingu flokksins stendur að meginmarkmið hans sé að grunnþjónusta samfélagsins sé rekin á félagslegum forsendum og í almannaeigu. Nú þegar iðnaðarráðherra hafi lýst því yfir að til standi að setja Landsvirkjun á markað sé ljóst að flokkurinn hljóti að leggjast gegn sölunni. **- gag**

FRÉTTABLAÐIÐ/KK


**IÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI**
Iðnaður var í miklum blóma á Akureyri um miðja síðustu öld og bærinn oft nefndur iðnaðarbærinn.

Iðnaðarsafnið á Akureyri:

# Nýtt hollvinafélag

**SAFNAMÁL** Ákveðið hefur verið að stofna Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins á Akureyri en safnið tók til starfa 17. júní árið 1998.

Jón Arnþórsson safnvörður segir tilgang hollvinafélagsins að stuðla að eflingu safnsins og auka þekkingu um iðnað á Akureyri á liðinni öld. Á safninu eru kynnt rúmlega 70 iðnfyrirtæki sem sköpu iðnsögu Akureyrar á tuttugustu öldinni og þar er að finna fjölda véla og tækja sem tekist hefur að varðveita. **- kk**

Bretland:

# Sjötíu prósenta vextir

**BRETLAND** Í Bretlandi hefur verið sett á markaðinn nýtt kreditkort sem ætlað er sérstaklega efnaminna fólki en sá galli er á gjöf Njarðar að sjötíu prósenta vextir eru á kortinu.

Hafa neytendasamtök af þessu þungar áhyggjur enda líklegra en ekki að efnaminni aðilar lendi oftar í vanskilum vegna kreditkortaskulda en aðrir og með þetta háa vexti segja sérfræðingar að lítið þurfi til að lenda í skuldafeni til frambúðar. ■

Skorti byggingarleyfi:

# Hótaði bæjarstjóra lífláti

**KRÓATÍA, AP** Maður, sem var ósáttur við að fá ekki að byggja á landi sínu, ógnaði bæjarstjóranum í króatíska hafnarbænum Rijeka með hríðskotariffli og handsprengjum á bæjarstjórnarskrifstofum bæjarins.

Maðurinn ósátti hótaði að myrða Vlatko Obersnel bæjarstjóra ef hann næmi ekki úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar sem bannaði að byggt yrði á landi sem hann hafði nýlega keypt. Maðurinn hélt bæjarstjóranum í gíslingu í stundarfjórðung áður en lögregla og öryggisverðir náðu að afvopna hann. Enginn meiddist meðan á þessu stóð. ■



Snjókoma veldur Spánverjum vandræðum:

# Snjóhvít jörð í Madríd

**SPÁNN** Borgaryfirvöld í Madríd á Spáni lýstu yfir neyðarástandi í gærmorgun en þá vöknuðu borgarbúar við að þykk snjóalög lágu yfir borginni og var varað við mikilli hálku á helstu þjóðvegum til og frá Madríd. Reyndist 15 sentimetra jafnfallinn snjór hafa lagst yfir stór svæði í fyrrinótt en slíkt er sjaldgæft þó ekki sé það einsdæmi.

Snjókoman olli talsverðum töfum á flugi til og frá höfuðborginni og eins urðu allt að klukkutíma tafir á lestarsamgöngum og kom það mörgum borgarbúum á leið til vinnu mjög illa. Enn fremur greip lögregla til þess ráðs að loka tímabundið vegum sem liggja hvað hæst í landinu vegna snjóþekju og bætti það ekki úr skák.

Veðurfar sem þetta hefur orðið mun algengara hin síðari ár í landinu og er skemmst að minnast skyndilegrar snjókomu sem olli umferðaröngþveiti í Barcelona og nærliggjandi svæðum í júní á síðasta ári. ■



**SNJÓALÖG Í EVRÓPU**
Mikið hefur snjóað víða um álfuna í vetur en ekki er algengt að íbúar höfuðborgar Spánar upplifi snjóhvítar götur eins og raunin varð í gær.



**ÚTGJÖLD VEGNA NEYSLU HAFA AUKIST MJÖG Á SÍÐUSTU ÁRUM**
Hjón og sambúðarfólk eyða að meðaltali fjórðungi meira í neyslu nú en fyrir nokkrum árum. Neysla þessa hóps hefur aukist töluvert meira en einstæðra foreldra eða einstaklinga.

# Neysla einstæðra milljón meiri en tekjur

**Neysluútgjöld einstæðra foreldra eru að meðaltali milljón hærri en meðaltekjur þeirra. Útgjöld hjóna og sambúðarfólks hafa aukist meira en útgjöld einstæðra og voru fjórðungi hærri 2002 en átta árum áður.**

**FÉLAGSMÁL** Útgjöld heimila vegna neyslu voru fjórðungi hærri árið 2002 en 1995 að því er fram kom í svari Davíðs Oddssonar, ráðherra Hagstofu Íslands, við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttir, þingmanns Samfylkingarinnar.

„Hækkun á útgjöldum vegna neyslu stafar fyrst og fremst vegna þess að neysla er einfaldlega meiri nú en áður,“ segir Jóhanna. Hún bendir jafnframt á að athyglisvert sé að skoða hvernig aukningin skiptist milli fjölskyldugerða.

Neysluútgjöld hjóna og sambúðarfólks hafa aukist talsvert meira en hjá einstæðum foreldrum. Hjón og sambúðarfólk eyddu fjórðungi hærri upphæð í neyslu árið 2002 en átta árum fyrr en einstæðir foreldrar eyddu um 16 prósentum hærri upphæð.

Meðalneysla barnlausra hjóna og sambúðarfólks jókst um fjórðung á tímabilinu, eða úr rúmlega 2,9 milljón króna í 3,7 milljónir. Neysla hjóna og sambýlisfólks með börn jókst um sama hlutfall en fór úr 3,9 milljónum í 4,9 milljónir að meðaltali á ári, að sögn Jóhönnu.

Útgjöld einstæðra foreldra jukust minnst, eða um rúm 8 prósent. Einstæðir foreldrar eyddu um 2,8 milljónum í neyslu á ári að meðaltali árið 1995 en um 3 milljónum árið 2002.

Einstaklingar eyddu um 11 prósentum meira vegna neyslu árið 2002 en átta árum áður og jókst neysla þeirra úr 1,8 milljónum í um tvær milljónir.

Jóhanna bendir á að þegar neysluútgjöldin eru borin saman við meðaltekjur ársins 2003 komi í ljós hve mikill hluti tekna einstæðra foreldra fari í neyslu. Hún bendir á þá staðreynd að stærsti hluti einstæðra foreldra er konur og að meðaltekjur kvenna voru undir tveimur milljónum árið 2003. Útgjöld einstæðra foreldra á árinu 2002, á verðlagi ársins 2004 hafi hins vegar verið nálægt 3 milljónum.

„Um eina milljón virðist því vanta til að meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra hrökkvi fyrir neysluútgjöldum eins og þau eru skilgreind hjá Hagstofu Íslands,“ segir Jóhanna.

sda@frettabladid.is

**AUKNING NEYSLUÚTGJALDA 1995-2002 Í MILLJÓNUM KRÓNA**

Hjón og sambúðarfólk 25%
3,9 í 4,9

Hjón og sambúðarfólk án barna 25,4%
2,9 í 3,7

Einstæðir foreldrar 16%
2,8 í 3

Einstaklingar 11%
1,8 í 2

Tenging byggða á Austurlandi:

# Panta úttekt á áhrifum ganga

**SAMGÖNGUR** Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð og á Seyðisfirði hafa falið Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að vinna skýrslu um samfélagsleg áhrif jarðganga á Mið-Austurlandi. Tilgangurinn er að afla gagna sem flýtt gætu jarðgangagerð í fjórðungnum.

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, segir að skýrslugerðin muni taka nokkra mánuði en kostnaður við hana er á þriðju milljón króna. „Við erum sannfærðir um að skýrslan muni styrkja hugmyndir um jarðgöng sem tengja svæðið frá Eskifirði til Seyðisfjarðar og jafnvel upp á Hérað,“ segir Smári.



**EINN ÞRIGGJA RISABORA VIÐ KÁRAHNJÚKA**
Bæjaryfirvöld á Austurlandi hafa tekið höndum saman svo hægt sé að flýta jarðgangagerð í fjórðungnum.

Einkum er rætt um tvær útfærslur varðandi tengingu byggðanna á Mið-Austurlandi. Önnur útfærslan byggir á fjórum göngum: Nýjum göngum á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, frá Norðfirði til Mjóafjarðar, frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar og göngum upp í Hérað en Smári segir ýmsar staðsetningar á þeim göngum koma til greina. Hin útfærslan miðast við að nota einn þriggja risabora sem eru við Kárahnjúka og bora ein göng um austfirsku fjallgarðana og opna þau á nokkrum stöðum.

- kk



VG í Skagafirði:

# Aðför að landsbyggðinni

**LANDSVIRKJUN** Stjórn Vinstri grænna í Skagafirði mótmælir hugmyndum Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um sameiningu og einkavæðingu Landsvirkjunar, RARIK og Orkubús Vestfjarða.

Stjórnin segir að nú þegar hafi ráðstafanir stjórnvalda leitt til umtalsverðra hækkana á orkuverði og hvetur þingmenn um að hafna hugmyndum ráðherra sem séu „aðför að landsbyggðinni“. Þá telur stjórnin að áform ráðherra séu svik á loforðum sem stjórnvöld gáfu þegar Orkubú Vestfjarða og Rafveita Sauðárkróks voru seld. - bs

Fyrrverandi grunnskólakennari ákærður fyrir kynferðisbrot:

# Segist ekki hafa verið klæminn

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi kennari í Grunnskólanum í Stykkishólmi er ákærður af ríkissaksóknara fyrir kynferðisbrot gegn tveimur nemendum sinna. Aðalmeðferð málsins er lokið og verður dómur kveðinn upp á mánudaginn.

Kennarinn, sem er tæplega þrítugur, er sakaður um að hafa sært blygðunarsemi tveggja stúlkna. Hann sendi annarri þeirra 1.267 smáskilaboð og voru fjölmörg þeirra sögð klámfengin. Hinni stúlkunni sendi hann 2.444 skilaboð og er sagður hafa verið klæminn í fjölmörgum þeirra. Hann er líka ákærður fyrir að hafa beðið aðra stúlkuna um að sýna sér brjóstin, kysst hana og spurt hvort hún vildi eiga við hann munnmök. Þá er hann sagður hafa strokið læri og nára stúlkunnar.

Maðurinn neitar sök að mestu þó að hann játi að hafa sent þetta mörg smáskilaboð til stúlknanna sem hann segir ekki hafa verið klámfengin, aðeins venjulegt spjall. Við rannsókn málsins bárust kvartanir frá fleiri stúlkum þótt ekki hafi verið ákært vegna þeirra mála. - hrs



**FRÁ STYKKISHÓLMI** Rannsókn á meintum kynferðisbrotum fyrrverandi kennarans náði til fleiri stúlkna en ákært er fyrir.

Landlæknisembættið:

# Rafræn skráning verðlaunuð

**HEILBRIGÐISKERFIÐ** Landlæknisembættið hefur hlotið IcePro-verðlaunin 2005 fyrir innleiðingu rafrænna skráninga bólusetninga frá heilsugæslustöðvum. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin á aðalfundi IcePro í gær.

Um er að ræða fyrsta hluta verkefnis í samstarfi við TM Software þar sem sjálfvirk skeytamiðlun er notuð til að koma bólusetningargögnum frá heilsugæslustöðvum í gagnagrunn Landlæknis. Samskiptin eru dulkóðuð og rafrænt undirrituð.

Kerfinu verður komið á í öllu heilbrigðiskerfinu. ■

Mistök við útkall:

# Fundað með Neyðarlínu

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarstjórinn í Bolungarvík og forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur voru meðal þeirra sem funduðu með Ólafi Þórhallssyni, forstjóra Neyðarlínunnar, á mánudag. Boðað var til fundarins í kjölfar þess að sjúkrabíll frá Ísafirði var boðaður út þegar óskað var eftir lækni og sjúkrabíl vegna sjúklings í Bolungarvík hinn 13. febrúar síðastliðinn.

Að sögn Ólafs Kristjánssonar, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur, var fundurinn gagnlegur og var niðurstaða hans að yfirfara boðunaráætlanir með Neyðarlínunni til að tryggja að allar boðleiðir séu skýrar. - bs

## EVRÓPA

**BISMARCK Á ÞING** Barnabarnabarnabarn Otto von Bismarck, járnkanslarans sem réði hvað mestu um sameiningu Þýskalands á nítjándu öld, tekur sæti á þýska þinginu innan skamms. Carl-Eduard von Bismarck leysir af hólmi þingmann Kristilegra demókrata sem hefur sagt sig frá þingmennsku.

**FLUGSKEYTUM STOLIÐ** Tveggja flugskeytakerfa er saknað eftir innbrot óþekktra manna í birgðastöð úkraínska hersins á Krímskaga. Flugskeytin má nota gegn þotum og eru eftirsótt meðal uppreisnarmanna og hryðjuverkamanna víða um heim.

**SAKAÐIR UM NJÓSNIR** Vasile Tarlev, forsætisráðherra Moldóvíu, sakaði nítján rússneska borgara, sem reknir voru úr landi fyrr í mánuðinum, um að hafa njósnað um forseta landsins og aðra stjórnmálamenn úr röðum kommúnista fyrir stjórnarandstöðuna. Kosið verður til þings í Moldóvu í næsta mánuði.

Iðnskólinn aldargamall:

# Rausnarleg gjöf

**IÐNMENNT** Iðnskóli Reykjavíkur fékk að gjöf raflagnaefni til forritanlegra raflagna að andvirði 400 þúsund króna í tilefni hundrað ára afmæli skólans. Það var GIRA GmbH í Þýskalandi og S. Guðjónsson ehf., umboðsaðili GIRA á Íslandi sem gáfu skólanum gjöfina.

Baldur Gíslason skólameistari tók við gjöfinni fyrir hönd skólans. Hann þakkaði fyrirtækjunum fyrir að hugsa hlýtt til skólans og að gefa skólanum svo rausnarlegar gjafir sem koma sér afar vel við kennslu á rafmagnssviði. - bs


Túlipanaveisla
fimmtudag-sunnudags




Blómstrandi tilboð



3 prímúlur
599 kr.

Umpottun
Mold 10 l
199 kr.




VOR Í VÆNDUM



Fermingarsýning
í Blómavali Sigtúni
-mikið af nýjum skreytingarvörum.

Munið lukkuleikinn og afsláttarbréfið.



blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍN GESTSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

# *Sigrúnu er spáð góðu gengi*



„Það er bara allt rosalega fínt að frétta," segir Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland. Líf hennar og starf snýst um fegurð og aftur fegurð, ekki síst nú um stundir enda margt á seyði. „Sigrún Bender, fulltrúi okkar í Ungfrú Evrópa, hefur verið í Túnis síðustu daga við undirbúning og fer yfir til Frakklands aftur í dag [í gær]. Hún verður eina nótt í París en fer svo með hópnum upp í frönsku Alpana. Henni er spáð góðu gengi í keppninni þannig að við erum ofsalega spennt." Keppnin fer fram í París þann 12. mars og fer Elín utan til að fylgjast með og styðja við bakið á Sigrúnu.

Talsvert er líka að gera á heimavígstöðvunum hjá Elínu enda fer keppnin um Ungfrú Reykjavík fram um miðjan apríl. „Stelpurnar borðuðu saman á Broadway á laugardagskvöldið og horfðu á sýninguna Með næstum allt á hreinu. Þetta eru svakalega flottar stelpur og gaman að vera með þeim."

Elín segir ekkert mál að fá stúlkur til þátttöku í fegurðarsamkeppnum og nefnir sem dæmi að 80 ábendingar hafi borist fyrir keppnina í ár og úr þeim hafi átján verið valdar. „Það komast miklu færri að en vilja," segir hún.

Þegar Ungfrú Reykjavík hefur verið valin hefjast Elín og hennar fólk handa við að finna þátttakendur í keppnina að ári. Og svo þarf vitaskuld að undirbúa stóru keppnina; Ungfrú Ísland.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**STÚKUSÆTI Á TOSCU KOSTAR 6.500**
Í sal og framarlega á svölum kostar 4.500 en 2.500 í öftustu sætin.

## SJÓNARHÓLL

**SAMEINING ORKUFYRIRTÆKJA**



**JÓN KR. ÓLAFSSON**

### *Rafmagnið viðbjóðslega dýrt*

„Mér líst ekkert á sameiningu Orkubúsins okkar hér fyrir vestan við önnur orkufyrirtæki, við höfum ekkert upp úr þessu, rafmagnið verður bara dýrara og er það nú nógu viðbjóðslega dýrt fyrir," segir Jón Kr. Ólafsson söngvari á Bíldudal.

„Það er endalaust verið að sauma að okkur landsbyggðarfólkinu, það kæmi sko við fólk á höfuðborgarsvæðinu ef það sæi orkureikningana hjá okkur."

Jón vandar þingmönnum ekki kveðjurnar, sendir þeim raunar tóninn.

„Það er ótrúlegt hvað þingmennirnir geta djöflast endalaust á landsbyggðarfólkinu."

Stórsöngvarinn úr Arnarfirðinum er sumsé andvígur sameiningu orkufyrirtækja, svo ekki sé nú minnst á einkavæðingu þeirra.



**PALOMA RUIZ MARTINEZ**
Hún elti ástina frá Vestmannaeyjum til höfuðborgarsvæðisins og kennir krökkum í fyrsta bekk í Lindaskóla.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**1.PR Í LINDASKÓLA**
„Það er ómetanlegt að fá að móta börn með foreldrum þeirra. Þetta er einstakt starf að því leyti," segir Paloma.

# Kennarastarfið er hugsjón

**Paloma Ruiz Martinez er nýkjörin í stjórn Félags grunnskólakennara. Hún er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum þar sem spænskur faðir hennar og íslensk móðir búa. Paloma ákvað ung að verða kennari og lifir fyrir starfið. Hún segir kennara enn vera að jafna sig eftir verkfallið í vetur.**

Paloma kennir krökkum í fyrsta bekk í Lindaskóla og er auk þess deildarstjóri yngstu deildarinnar í skólanum. Strax á unga aldri var hún staðráðin í að verða kennari og þakkar það meðal annars mörgum góðum kennurum sem hún sjálf hafði á sinni skólatíð. „Það kom ekkert annað til greina en að verða kennari," segir Paloma, sem er ánægð með lífið og tilveruna þó að launin mættu vera hærri.

„Þetta er hugsjón og ég lifi fyrir starfið." Mikilvægast finnst henni að sjá vellíðan og árangur barnanna af skólastarfinu. „Það er ómetanlegt að fá að móta börn með foreldrum þeirra. Þetta er einstakt starf að því leyti."

Eftir útskrift úr Kennaraháskólanum fór hún aftur heim til Vestmannaeyja og kenndi þar í fimm ár áður en hún flutti á fasta landið. Og það var ekkert smávegis afl sem dró hana þaðan árið 2000. „Það var ástin, ég elti ástina," segir hún og hlær en skömmu áður hafði hún kynnst mannsefni sínu, Jóni Pétri Úlfljótssyni danskennara. Þau eiga hvort sinn soninn og búa hamingjusöm í Breiðholtinu.

Paloma var beðin um að gefa kost á sér til stjórnarsetu í Félagi grunnskólakennara og lét til leiðast. Hún hafði áður sinnt trúnaðarstörfum fyrir starfsstétt sína og alltaf verið með munninn opinn, eins og hún segir sjálf.

Samningaviðræður kennara í vetur og verkfallið sem stóð í margar vikur sitja enn í henni og starfssystkinum hennar. „Það er langt í frá að kennarar hafi jafnað sig á verkfallinu og lögunum sem gerðu þeim að mæta aftur til starfa. Þetta var algjört áfall og við trúðum aldrei að þetta myndi fara svona."

Hún segir málin ennþá mikið rædd á kennarastofunni og ekki annað að gera fyrir nýja stjórn Félags grunnskólakennara en að reyna að finna nýjan flöt á kjaramálunum.

Faðir Palomu kom hingað upp úr 1960 og kynntist hér móður hennar. „Hann kom til að vinna og upplifa ævintýri og þau eru enn búsett í Vestmannaeyjum." Hún reynir að fara eins oft til Spánar með fjölskyldunni og mögulegt er enda er föðurfólk hennar búsett þar. Hún getur þó ekki farið árlega eins og hún helst vildi. „Það eru ekki til peningar til þess, kennarar hafa ekki efni á því," segir Paloma og brosir út í annað.

Í staðinn heldur hún í spænska siði, þá helst matseldina enda Spánverjar mikið matarfólk.

Og svo er það dansinn sem gerir jú hvern mann glaðari. „Ég dansa samkvæmisdansa einu sinni í viku," segir hún og neitar staðfastlega þegar hún er spurð hvort hún sé góð. Bóndi hennar leiðbeinir henni á gólfinu en dansfélaginn er annar. „Ég er ekki nógu góður dansari til að dansa við Jón Pétur," segir lífsglaði Vestmannaeyingurinn með spænska nafnið sem lifir fyrir kennsluna og börnin og þráir ekkert heitar en að kennarar njóti virðingar í samfélaginu.

**bjorn@frettabladid.is**


DV

LÖGREGLAN GERÐI PLÖNTUR UPPTÆKAR

Hafnarfjarðarbær leigir listamiðstöð undir kannabisrætun



Listamaðurinn segist vilja vera sjálfbær

DV – hefur þú séð DV í dag?


Páfagaukur sem kostar nær hálfa milljón:

# Hrifinn af konum og illa við karla

**DÝRAHALD** Tígulegur páfagauksungi býr í Dýraríkinu við Grensásveg og bíður nýs eiganda. Unginn sem er af hinni sjaldgæfu tegund, Cockatoo, kostar litlar 442 þúsund krónur.

„Hann er ræktaður í Hollandi," segir eigandi Dýraríkisins, Gunnar Vilhelmsson. Páfagaukurinn hefur enn ekki fengið nafn og fær það ekki fyrr en nýr eigandi gefur honum það. Einn ljóður hefur verið á ráði ungans, að sögn Gunnars:

„Hann er mikið upp á kvenhöndina, en honum hefur verið frekar illa við karlmenn. Til þess að koma vitinu fyrir hann hefur karlkyns starfsmaður í Dýraríkinu tekið hann heim með sér á kvöldin og haft hann hjá sér yfir nóttina."



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Páfagaukurinn er ræktaður í Hollandi, handmataður og kom hingað sem ungi. Hann þurfti í hefðbundna sóttkví, þegar hann kom til landsins, en er nú óðum að jafna sig eftir dvölina þar.

Gunnar segir að strangar siðferðilegar reglur gildi um páfagauka og fleiri dýrategundir sem lifa villtar í öðrum heimsálfum. Þeir séu ekki undir neinum kringumstæðum teknir úr umhverfi sínu, heldur einungis úr öruggri ræktun, eins og í Hollandi.

**- jss**

**DÝRMÆTUR UNGI** Cockatuunginn dýri hjá Eldjárni Má Hallgrímssyni, starfsmanni í Dýraríkinu, sem vinnur að því að snúa páfagauknum frá villu síns vegar. Hún skapaðist af því að það var kona sem handmataði gaukinn í sóttkvínni.


LANCÔME
PARIS
LANCÔME OG HÚÐIN:
FULLKOMIN ÁSTARSAGA
FYRIR ALLAN ALDUR
KOMDU OG LÁTTU OKKUR
DEKRA VIÐ ÞIG Á LANCÔME
DÖGUM Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI
dagana 24/2 til 2/3.
Glæsilegar gjafir* fylgja
þegar keyptar eru vörur
fyrir 5.000 krónur eða meira
(sjá mynd**).
**TVÖFÖLD SNYRTIBUDDA OG 4 LÚXUSSTÆRÐIR AF VÖRUM
WWW.LANCOME.COM
*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
lancôme
Gildir til 2. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

360 gráður

**HVER ER?** IBRAHIM AL-JAAFARI

# Vill sterk ítök trúar í samfélaginu

Ibrahim al-Jaafari þykir næsta öruggur um að verða næsti forsætisráðherra Íraks eftir að kosningabandalagið Sameinaða íraska bandalagið, sem ræður naumum meirihluta á stjórnlagaþingi Íraks, tilnefndi hann sem forsætisráðherraefni sitt. Til að af því verði þarf bandalagið þó að tryggja honum atkvæða tveggja af hverjum þremur þingmönnum og til þess þarf að semja við önnur framboð. Eftir stendur þó spurningin: Hver er al-Jaafari?

Al-Jaafari er 58 ára læknir, fæddur í hinni helgu borg sjía-múslima Karbala. Hann er flokkaður í íhaldssamari armi sjía-múslima en þrátt fyrir það hafa nokkrir leiðtogar súnní-múslima sagt að vinna megi með honum þar sem hann myndi líklega ekki neyða viðhorfum sínum upp á aðra. Ljóst er þó að þeir styðja ekki við bakið á honum nema Sameinaða íraska bandalagið verði við kröfum sem tryggja eiga réttindi þeirra.



Í stjórnartíð Saddams Hussein leiddi Ibrahim al-Jaafari trúarlegan flokk sem beitti sér gegn stjórn Saddams. Þegar honum var ekki lengur vært í Írak flýði hann til Írans þar sem hann var í útlegð í áratug. Honum hefur verið legið á hálsi að vera í nánum tengslum við klerkaveldið í Íran en sjálfur neitar hann tengslum við hana.

Meðan á veru al-Jaafari í Íran stóð lærði hann guðfræði sjía-múslima í helgu borginni Qom. Hann er líka talinn hafa skipulagt árásir yfir landamærin á íraskar hersveitir.

Flokkur al-Jaafari, Dawa, fylgir íhaldssamri trúarlegri stefnu og leggur áherslu á að íslömsk trú hafi sem mest vægi í írösku samfélagi og lögum ríkisins. Í síðustu viku lýsti al-Jaafari því yfir í viðtali við AP-fréttaþjónustuna að íslam ætti að vera opinber trú í Írak og bætti við að hún ætti að vera einn þeirra þátta sem mynduðu grundvöllinn að lagasetningu. Al-Jaafari gaf þó til kynna að afstaða flokksins kynni að mildast á stjórnlagaþinginu þar sem semja þarf við aðra flokka og einstaklinga sem aðhyllast aðrar trúarkenningar eða telja að trúarbrögð eigi að hafa minna eða ekkert vægi í stjórnmálum.

## SPURT & SVARAÐ

FISCHER TIL ÍSLANDS



GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON

### Gæti teflt með landsliðinu

Skákmeistarinn Bobby Fischer hefur fengið íslenskt vegabréf og sest væntanlega hér að ef japönsk yfirvöld vilja láta hann lausan. Guðmundur G. Þórarinsson er fyrrverandi formaður Skáksambands Íslands.

**Mun koma Fischers verða vítamínsprauta fyrir skákíþróttina á landinu?**
Ég er þess fullviss að Fischer lætur sig ekki muna um að tefla hér við þá sem þess óska. Vafalaust mun koma hans stórefla áhuga margra á skákinni og hver veit nema hann fáist til að tefla með landsliðinu.

**Fæst hann til að tefla hefðbundna skák?**
Það getur vel verið að hann verði svo þakklátur Íslendingum að hann vilji standa með okkur eitthvað og það væri nú gaman fyrir okkur að fá heimsmeistarann til að tefla með ólympíuliðinu þótt ekki væri nema einu sinni. Hann hefur sjálfur sagst vilja tefla við unglinga hérna og sitt sérstaka skákafbrigði við stórmeistara og fleiri.

**Væri ekki sanngjarnt að bjóða Boris Spasskí líka íslenskt vegabréf?**
Mér fyndist það ekki fjarri lagi sérstaklega þar sem hann er landflótta frá sínu heimalandi eins og Fischer. Rétt eins og einvígi þeirra hér áður fyrr var einvígi allra tíma þá er fyrirséð að slíkur eftirleikur yrði eftirleikur allra tíma.

# Birting myndarinnar gæti verið lögbrot

**Svo virðist sem birting myndbands á netinu þar sem ungur maður verður fyrir banvænni líkamsárás samrýmist ekki lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.**

Enda þótt sakborningum og verjendum sé heimilt að ráðstafa að vild málsgögnum úr dómsmálum getur samt verið að opinber birting þeirra stangist á við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þetta segir lögfræðingur hjá Persónuvernd sem ítrekar þó að málið sé ekki til skoðunar hjá stofnuninni.

Talsverð umræða hefur spunnist um birtingu myndbands úr löggæslumyndavél sem sýnir banvæna líkamsárás í Hafnarstræti vorið 2002. Myndbandið mátti til skamms tíma finna á netinu en um helgina var það sýnt í fréttatíma Stöðvar 2 og myndbrot birt í DV fyrir nokkrum dögum.

Ekki er vitað hver setti myndirnar upphaflega á veraldarvefinn en þær voru notaðar sem sönnunargagn í réttarhaldinu yfir þeim sem dæmdir voru fyrir árásina. Lögreglan hefur þvertekið fyrir að bera ábyrgð á birtingunni enda hafi hún enga hagsmuni af slíku. Samkvæmt lögum eiga verjendur og sakborningar rétt á afritum af öllum málsgögnum og því hallast sumir að því að þaðan hafi myndirnar borist á netið. Fram hefur komið í fjölmiðlum að annar hinna dæmdu er mjög ósáttur við dóminn og telur hann að myndbandið sýni að hann hafi verið dæmdur of hart.



VAKANDI AUGA LÖGREGLUNNAR
Meðferð og vinnsla efnis úr löggæslumyndavélum er háð mjög ströngum reglum. Vandséð er hvernig birting á netinu samrýmist upphaflegum tilgangi vinnslunnar.



SVEINN ANDRI SVEINSSON



BJÖRN GEIRSSON

Almennt er litið svo á að endurrituð málsgögn sem verjendur og sakborningar fá við réttarhaldið séu þeirra eign og þeir hafi því fullan ráðstöfunarrétt á þeim. Ætlast er þó til að óviðkomandi komist ekki yfir gögnin á meðan ekki hefur verið dæmt í málinu. „En eftir að máli er lokið þá veit ég ekki til þess að neinar leyndarreglur séu yfir þessum málsgögnum. Þetta var opið réttarhald og gögnin voru öllum opin og engir skilmálar væntanlega settir lögmönnum eða sakborningum um að þeir ættu að setja þessi gögn í eitthvert bankahólf," segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður. Hann undirstrikar þó að hann hafi enga vitneskju um hvernig myndbandið komst í dreifingu enda var hann ekki verjandi hinna dæmdu.

**Samrýmist tæpast upphaflegum tilgangi**

Það sem gerir þetta mál sérstaklega athyglisvert er að myndirnar sem um ræðir koma upphaflega frá lögreglu en um vinnslu slíks myndefnis gilda mjög strangar reglur. Persónuvernd hefur málið ekki til umfjöllunar þar sem engin kvörtun hefur borist en að sögn Björns Geirssonar, lögfræðings hjá stofnuninni, er ekki útilokað að það verði gert þótt engin ákvörðun hafi verið tekin þar um.

Björn segir óneitanlega skjóta skökku við að jafn viðkvæmar upplýsingar og þessar birtist á veraldarvefnum þótt vitaskuld verði ekki undan því vikist að afhenda verjendum og sakborningum málsgögn. „Aðgangur sakborninga að öllum gögnum sem ákæruvaldið byggir á, þar með taldar upptökur, er ein af meginreglum íslensks réttarfars. Það er hins vegar spurning með tilliti til persónuverndarsjónarmiða hvort takmarka mætti umgengni um gögn á borð við þessi við aðgang í stað afhendingar."

Stjórnarskráin ver tjáningarfrelsið en því fylgir líka ábyrgð. Björn segir í þessu sambandi skipta máli að birting myndefnis á borð við það sem hér um ræðir feli í sér vinnslu persónuupplýsinga. „Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru markaðar ákveðnar meginreglur, meðal annars að slíkar upplýsingar skulu unnar með sanngjörnum og málefnalegum hætti. Önnur meginregla laganna segir að vinnsla persónuupplýsinga í öðrum tilgangi og ósamrýmanlegum þeim upphaflega sé óheimil. Þarna virðist verið að vinna með persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim upprunalega, það er löggæsluhagsmuna." Birtingin á netinu virðist þannig brjóta í bága við lög um persónuvernd.

Við þetta bætist svo spurningin um hvort tjáningarfrelsið vegi hér þyngra en friðhelgi einkalífsins. Mörkin þarna á milli eru alls ekki skýr og verða dómstólar að skera úr um þau. Ættingjar fórnarlambsins harma í það minnsta birtinguna mjög og má telja öruggt að þeim finnist hún ómálefnaleg.

sveinng@frettabladid.is



MYND AP

TRÉNAÐIR FORSETAR
Í Moskvu má nú kaupa matrúsku-dúkkur í líki þeirra félaga George W. Bush og Vladimírs Pútín en þeir hittast í dag í Slóvakíu. Ekki fylgir sögunni hvaða innri mann þessar lagskiptu tréstyttur hafa að geyma.

Sjíar víða um heim:

# Píslarvottar minnst

**ÍSLAM** Sjíar víða um heim hafa undanfarið minnst orrustunnar við Karbala í Írak þar sem Hussein, einn hinna svonefndu Imama, var veginn ásamt her sínum árið 680. Ashoura-hátíðin er ein sú helgasta í átrúnaði sjía.

Sjía og súnnía greinir á um hver hefði átt að gerast leiðtogi múslima eftir að Múhameð spámaður andaðist. Sjíar halda því fram að Ali, frændi og tengdasonur spámannsins, og niðjar hans hefðu átt að leiða samfélagið, nefnast þeir Imamar. Sá tólfti hvarf á dularfullan hátt árið 874, um það leyti sem landnám hófst á Íslandi, og trúa sjíar því að hann komi á efsta degi og frelsi þá undan ánauð sinni.

Orrustan við Karbala skipar mjög ríkan sess í trúarlífi sjía en þeir hafa í gegnum aldirnar verið undirokaðir í flestum löndum sem þeir hafa búið í. Píslarvættisdauði Husseins er þeim fyrirmynd á hátíðinni en þá lemja þeir strangtrúuðustu sjálfa sig með keðjum og hnífum þannig að blóðið lekur af baki þeirra. Í Írak hafa sjíar orðið fyrir barðinu á hermdarverkamönnum meðan á Ashoura-hátíðinni stendur og þannig hafa þeir sjálfir orðið píslarvottar í orðsins fyllstu merkingu.

- shg



MYND AP

BRÖNDUM BRUGÐIÐ Á LOFT
Þessir heittrúuðu pakistönsku sjíar ristu bök sín með hnífum á Ashoura-hátíðinni sem þar stendur yfir.



FROSIN LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGIR Í SNEIÐUM
KJARNAFÆÐI
Sneiddur lambahryggur
Sneitt lambalæri
899 KR.
Kryddum sjálf
Bónus býður betur!
ERAN/Landlist
FRÁBÆRAR ÍSLENSKAR PEKINGENDUR
Bajonskinka
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
GÆÐA GRÍS BAJONSKINKA
40% afsláttur við kassann
KAUPTU ÞÉR KÓKKIPPU (6x2) OG ÞÚ FÆRÐ BÓNUS PÁSKAEGG Í KAUPBÆTI að andvirði 399 KR.
Meira magn – betri kaup!
6x2L
Coca-Cola
Páskaegg -sem gleður! 170g
BÓNUS
BLANDAÐIR BITAR
299 kg KR.
Ferskir bitar
BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR
EKKERT BRUÐL
PEKINGÖND
999 kg KR.
Tilboðin gilda frá fimmtudegi 24. feb. til sunnudags 27. feb. eða meðan birgðir endast
EKKERT BRUÐL
79 2 lítrar KR.
EINN LÍTRI
59 KR.
EPLA SAFI
PESTÓ HELGARSTEIK
1099 kg KR.
PESTO LAMBASTEIK
EITT KÍLÓ
69 KR.
BEINLAUS LAMBASTEIK
45 500 ml KR.
THULE LÉTTÖL
M2 Cola
Kornbrauð
BÓNUS
1000g
299 kg KR.
KOFAREYKT SVEITABJÚGU

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Yfirlýsingar um hugsanlega einkavæðingu eru ótímabærar.

## Vanhugsað útspil

Yfirlýsing fjármálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra um einkavæðingu Landsvirkjunar var ótímabær. Burtséð frá því hverrar skoðunar menn eru um framtíðareignarhald á Landsvirkjun var fátt sem knúði á um slíkar yfirlýsingar nú.

Hitt er svo annað að viðbrögð fulltrúa Vinstri grænna í borgarstjórn Reykjavíkur eru kostuleg. Hótanir um að stöðva sölu borgarinnar á hlut sínum í Landsvirkjun eru í besta falli barnalegar. Salan er ákveðin á forsendum hagsmuna borgarbúa. Þar er horft til þess hvort þeir fjármunir sem Reykjavíkurborg á bundna í Landsvirkjun nýtast hagsmunum borgarbúa betur annars staðar. Að blanda þeim hagsmunum saman við pólitíska sýn Vinstri grænna á landsvísu er fáránlegt. Pólitísk barátta um hvort Landsvirkjun verður í framtíðinni einkavædd eða ekki fer fram á öðrum vettvangi. Sala á eign felur í sér framsal á ráðstöfunarrétti eignarinnar. Fyrrum eigandi hefur í kjölfarið ekkert um það að segja hvernig eigninni er ráðstafað í framtíðinni. Vinstri grænir verða því að berjast gegn einkavæðingu Landsvirkjunar á Alþingi, ekki í borgarstjórn.

Langur vegur er hins vegar frá því að hugmyndir um einkavæðingu Landsvirkjunar hafi verið ræddar að einhverju marki í samfélaginu. Helgi Hjörvar, alþingismaður og stjórnarmaður í Landsvirkjun, hefur vakið athygli á því að versta rekstrarform sem hugsast geti sé einkavædd einokun. Þetta er ein þeirra forsenda sem þarf að ræða í þaula áður en frekari ákvarðanir eru teknar um fyrirtækið. Það er ekki sjálfgefið að þeir sem hlynntir eru lágmarksþátttöku ríkisins í rekstri fyrirtækja séu sjálfkrafa hlynntir einkavæðingu Landsvirkjunar.

Greiningardeild KB banka hefur skoðað arðsemi fyrirtækisins. Hún er ekki þess eðlis að fjárfestar muni standa í biðröðum eftir að komast í eigendahóp þess. Ekki má álykta af þeim tölum einum um rekstur fyrirtækisins þar sem fleiri þættir ráða ákvörðunum um verkefni sem fyrirtækið hefur ráðist í. Landsvirkjun hefur lagaskyldur um nýtingu náttúruauðlinda landsins að gefnum ákveðnum forsendum. Arðsemiskrafan er því ekki sú sama og gerð er í venjulegum rekstri, heldur er það Alþingi sem ákveður í hvaða verkefni skuli ráðist. Fyrirtækinu ber síðan að framfylgja þeim vilja. Við slíkar ákvarðanir líta stjórnvöld oftar en ekki til þjóðhagslegra þátta, fremur en til hreinna hagsmuna fyrirtækisins sjálfs.

Um þá þjóðhagslegu þætti má einnig deila, en ljóst má vera að Landsvirkjun er ekki venjulegt fyrirtæki í strangasta skilningi þess orðs. Án þess að útiloka beri mögulega einkavæðingu fyrirtækisins eða breytingu á rekstrarformi er ljóst að vandlega þarf að skoða rök og sjónarmið áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Ríkisstjórnin stendur nú frammi fyrir risastóru einkavæðingarverkefni við sölu Símans. Að vekja upp drauga með ótímabærum yfirlýsingum um Landsvirkjun er til þess fallið að efla þá sem eru andstæðingar einkavæðingar almennt. ■





Tónleikar á Nasa fös. 25. og lau. 26. febrúar kl.23.00
NOJAZZ ( franskur elektró-jass ) og **JAGÚAR**
Forsala 700.kr Miðaverð 1000 kr.
af.ismennt.is / nasa.is

ICELANDAIR Paris
Alliance Française


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hnippt í Bush

DV skúbbaði í gær með baksíðumynd frá leiðtogafundi NATO í Brussel þar sem sjá mátti Halldór Ásgrímsson hnippa í George W. Bush Bandaríkjaforseta þar sem leiðtogar bandalagsins höfðu stillt sér upp til myndatöku. En blaðið svaraði því miður ekki spurningunum sem brenna á allra vörum í framhaldinu: Hvernig brást forsetinn við? Og hvað sagði Halldór við Bush eða ætlaði að segja við hann? Kannski „Davíð biður að heilsa“ eða „Ekki gleyma litla Íslandi“? Vonandi er að þetta verði upplýst hið fyrsta.

### Keppt um prentun

Kaup bókaútgáfunnar Eddu á prentsmiðjunni Prentmeti hafa vakið athygli. Menn spyrja sig að því hver staða Odda verði á markaðnum ef þetta stærsta forlag landsins flytur bókaprentun sína yfir til Prentmets. Samkvæmt Viðskiptablaðinu í gær leikur ekki vafi á því að Edda ætlar að efla Prentmet svo um munar. Segir blaðið að framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar, hafi verið að skoða hinar gömlu höfuðstöðvar Hampiðjunnar á Bíldshöfða, sem eru tíu þúsund fermetrar að flatarmáli. Þar er gott rými fyrir fullkomnar prentvélar.

### Dómarinn og boltinn

Margir sakna Jóns Steinars Gunnlaugssonar úr þjóðmálaumræðunni. Hann var alltaf skorinorður og rökvís. En það fer víst ekki saman að vera helsti álitsgjafi þjóðarinnar og sitja sem dómari í Hæstarétti. Þess vegna hefur ekki heyrst í Jóni Steinari um nokkra hríð. Aðdáendur hans geta þó tekið gleði sína aftur – að hluta. Jón Steinar er búinn að finna glufu. Hann má segja skoðun sína á ensku knattspyrnunni. Jafnvel þótt Íslendingar eigi Stoke er ólíklegt að enski boltinn komi til kasta Hæstaréttar. Í gærmorgun var Jón Steinar mættur í þáttinn „Ísland í bítið“ á Stöð tvö og lá ekki á skoðunum sínum. Við treystum því að framhald verði á þessu efni.



gm@frettabladid.is

## Þegar Kastró kveður

Í DAG
LISTIN AÐ KUNNA AÐ KVEÐJA



ÞORVALDUR GYLFASON

Margir kvíða þeim degi, þegar Nelson Mandela fellur frá. Ferill hans er þannig vaxinn frá fyrstu tíð, að Mandela nýtur óskiptrar aðdáunar og virðingar í landi sínu og um allan heim. Hann þótti sjálfsagður fyrsti forseti frjálsrar Suður-Afríku, en kaus þó að sitja ekki í embætti nema eitt kjörtímabil, fimm ár, þótt hann væri í fullu fjöri. Gríðarleg umskipti í efnahags- og stjórnmálalífi landsins hafa valdið miklu ölduróti þarna suður frá, svo sem algengt er við slíkar aðstæður – ölduróti, sem svipar að ýmsu leyti til Rússlands á sama skeiði. Löndin tvö eiga það sammerkt, að nýfengið frelsi hefur leyst úr læðingi áður bælda krafta, sem kunna sér ekki hóf. Í Rússlandi birtist þíðan í skefjalausri græðgi þeirra, sem komust í aðstöðu til þess að sölsa undir sig eigur ríkisins: baráttan um yfirráðin yfir þjóðarauði Rússlands stendur enn, og þar er ýmsum brögðum beitt. Ríkisstjórn Pútíns forseta hefur látið loka fjölmiðlum, sem stjórninni voru ekki þóknanlegir. Og nú hefur rússneska varnarmálaráðuneytið opnað nýja sjónvarpsstöð: dagskrána prýða gamlar myndir af skriðdrekum og skrúðgöngum á Rauða torginu og annað þjóðþrungið efni. Einkunnarorð stöðvarinnar eru þessi: Öflugar landvarnir útheimta óbilandi ættjarðarást. Nýi sjónvarpsstjórinn, borðalagður á bak og brjóst, segist stefna að því, að fimm ára sonur hans geti verið jafnstoltur af Rússlandi og hann var sjálfur af Sovétríkjunum. Ríkið ræður nú þegar yfir þrem helztu sjónvarpsstöðvum landsins auk ýmissa smærri stöðva.

Suður-afrískir ráðamenn og einkavinir þeirra hafa sumir eins og Rússar reynt að maka krókinn í ölduróti undanfarinna ára, en fjölmiðlar fylgjast vel með þeim og veita þeim aðhald. Mandela hefur einnig vakandi auga með þeim: vitneskjan um það heldur e.t.v. aftur af þeim. Margir óttast því, að græðgin og úlfúðin kunni að keyra um þverbak, þegar Mandela hverfur af vettvangi. Aðrir telja, að umbætur undangenginna ára – einkavæðing, uppskipting lands o.fl – séu nógu langt á veg komnar til þess, að hættan á upplausn og afturför sé að mestu liðin hjá. Tíminn einn getur leitt í ljós, hvor skoðunin er rétt.

> **Flestir gera ráð fyrir því, að Kúba hljóti að hverfa frá einræði og áætlunarbúskap eins og hendi væri veifað um leið og Kastró kveður. En karlinn situr við sinn keip. Kúba er stórveldi í hans augum, og Bandaríkin eru eins og vansæll óknyttaunglingur, sem fleygir múrsteinum inn um gluggana hjá honum annað veifið.**

Þjóðum með veika lýðræðis- og markaðsbúskaparhefð eða jafnvel enga hættir til harðvítugra og stundum skaðlegra átaka um auð og völd, þegar þær öðlast loksins líf og frelsi. Átök um yfirráð yfir bönkum, fyrirtækjum og fiskimiðum hér heima undangengin ár eru angi á þessum sama meiði, af því að lýðræðisskipan okkar unga lýðveldis haltrar í skugga ófullkominnar þrískiptingar valds og ónógs gagnkvæms aðhalds og eftirlits (meira um það við tækifæri) og markaðsbúskaparhefðin hér er með líku lagi ung og óþroskuð.

Hvað um Kúbu? Þar hafa menn lengi beðið þess með óþreyju, að Fídel Kastró standi upp eða falli frá, því að hann stendur enn sem fyrr í vegi fyrir öllu því, sem Kúbverjar þurfa mest á að halda: frelsi, lýðræði og markaðsbúskap. Hann hefur stjórnað landinu með harðri hendi í bráðum hálfa öld og lætur engan bilbug á sér finna. Hann lítur svo á, að efnahagserfiðleikar Kúbu – þ.e.a.s. þrúgandi fátækt og niðurníðsla – stafi annars vegar af langvinnu viðskiptabanni Bandaríkjanna og hins vegar af upplausn Sovétríkjanna, sem hann telur hafa verið misráðna, en Sovétríkin voru áður helzti kostunaraðili Kúbu, eins og það er kallað í skemmtanabransanum (og mætti víst kalla víðar). Kastró lifir í eigin heimi og botnar hvorki upp né niður í heimi okkar hinna, og enginn þorir að andmæla honum.

Flestir gera ráð fyrir því, að Kúba hljóti að hverfa frá einræði og áætlunarbúskap eins og hendi væri veifað um leið og Kastró kveður. En karlinn situr við sinn keip. Kúba er stórveldi í hans augum, og Bandaríkin eru eins og vansæll óknyttaunglingur, sem fleygir múrsteinum inn um gluggana hjá honum annað veifið: þannig lýsir hann misheppnuðum morðtilraunum bandarísku leyniþjónustunnar. Kúbverjar snúa ekki við honum bakinu svo lengi sem hann segist aldrei sofa í sama húsi tvo daga í röð. Þess vegna situr hann enn.

Biðin eftir því, að Kastró kveðji, hefur verið löng og dýr. Ætli Reykjavíkurflugvöllur verði ekki loksins fluttur burt úr Vatnsmýrinni, þegar samgönguráðuneytið fær nýjan húsbónda? Og ætli Íslendingar sæki ekki loksins um inngöngu í Evrópusambandið, þegar Sjálfstæðisflokkurinn skiptir um formann?

Hvað af þessu þrennu skyldi nú gerast fyrst? ■





SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
VISIR


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Sameinuðu þjóðirnar eru mikilvægar

**UMRÆÐAN**
SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR



**KOFI A. ANNAN**

Síðastliðið ár hef ég séð á prenti margar árásir á Sameinuðu þjóðirnar.

Þetta hefur runnið mér til rifja því ég hef starfað fyrir Sameinuðu þjóðirnar alla ævi. Ég hef hingað til lagt mig allan fram um að sníða af þeim agnúana, að bæta og styrkja samtökin. Ég trúi innilega á mikilvægi hlutverks Sameinuðu þjóðanna og tel að styrkur þeirra gagnist öllu mannkyninu.

Þegar flóðaldan olli gereyðileggingu við Indlandshaf, 150 þúsund manns týndu lífi og milljónir manna misstu lífsviðurværi sitt, hafði Bush Bandaríkjaforseti frumkvæði að því að fylkja þjóðum sem höfðu herafla á þessum slóðum. Þetta var hárrétt ákvörðun. Það var mikilvægt að ýta hjálparstarfinu úr vör með skjótum hætti.

Viku síðar komu hlutaðeigandi þjóðir saman til fundar í Djakarta til að skipuleggja og samhæfa hjálparstarf. Allir, þar á meðal Bandaríkjamenn, voru á einu máli um Sameinuðu þjóðirnar ættu að taka forystuna í þessum efnum.

Hvers vegna? Það voru tvær ástæður.

Í fyrsta lagi búa Sameinuðu þjóðirnar yfir nauðsynlegri hæfni. Samhæfingarskrifstofu hjálparstarfs var komið á fót að mínu frumkvæði skömmu eftir að ég tók við embætti árið 1997. Hún er einmitt stofnuð í þessum tilgangi.

Í öðru lagi – og það er kannski enn mikilvægara – voru allir tilbúnir að starfa með Sameinuðu þjóðunum: jafnt ríkisstjórnir og þjóðir sem áttu um sárt að binda sem veitendur aðstoðar og hjálparsamtök. Allir viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar séu kjörnar til að gegna forystuhluverki því þær lúta ekki stjórn neinna. Þær eru eign alls heimsins.

Annað dæmi um mikilvægi Sameinuðu þjóðanna er erfiðara mál vegna þess hve umdeilt það er pólitískt. Hér á ég við Írak. Það er engum blöðum um það að fletta að margir í báðum fylkingum misstu trú á Sameinuðu þjóðirnar vegna stríðsins í Írak fyrir tveimur árum. Þeir sem studdu hernaðaraðgerðir gegn Saddam Hússein voru vonsviknir yfir því að Öryggisráðið skyldi ekki – að þeirra mati – hafa hugrekki til þess að framfylgja sínum eigin ályktunum. Andstæðingar stríðsins voru gramir yfir því að Sameinuðu þjóðunum tækist ekki að koma í veg fyrir stríð sem þeir töldu óþarft eða ótímabært.

Á síðasta ári, þegar bandalag hinna vígfúsu þjóða vildi afhenda bráðabirgðastjórn völdin í Írak var enn á ný leitað til Sameinuðu þjóðanna, í þeirri vissu að ný ríkisstjórn myndi einungis öðlast viðurkenningu sem lögmæt og fullvalda stjórn ef Sameinuðu þjóðirnar ættu hlut að máli.

Bæð Írakar og Bandaríkjamenn leituðu á náðir Sameinuðu þjóðanna við skipulagningu kosninganna í Írak í síðasta mánuði og nú stendur fyrir dyrum að semja nýja stjórnarskrá.

> **Sameinuðu þjóðirnar njóta þess nú að hafa ekki staðið að baki fyrri aðgerðum í Írak og njóta trausts margra Íraka sem verður að virkja í nýrri pólitískri þróun ef friðvænlegt á að vera í landinu.**

Hér geta Sameinuðu þjóðirnar orðið að liði og það munu þær gera. Sameinuðu þjóðirnar njóta þess nú að hafa ekki staðið að baki fyrri aðgerðum í Írak og njóta trausts margra Íraka sem verður að virkja í nýrri pólitískri þróun ef friðvænlegt á að vera í landinu. Sameinuðu þjóðirnar geta einungis komið að gagni ef þær eru sjálfstæðar. Þær eru einskis virði ef þær eru framlenging af utanríkisstefnu Bandaríkjanna.

Vissulega eru Sameinuðu þjóðirnar ekki fullkomnar jafnvel þótt ýmsar ásakanir á hendur þeim hafi verið verulega ýktar. Bráðabirgðaskýrsla Paul Volcker hefur varpað ljósi á „olíu fyrir mat"-áætlunina. Ég er staðráðinn í því að beita mér fyrir þeim stjórnunarumbótum sem skýrsla herra Volcker kallar á, í samvinnu við aðildarríkin.

Kynferðisafbrot og misnotkun ungmenna sem friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna gerðust sekir um í Lýðveldinu Kongó og fleiri Afríkuríkjum eru enn verra reiðarslag. Aðalskrifstofa Sameinuðu þjóðanna og aðildarríkin hafa áttað sig of seint á því hve mikið vandamál var á ferðinni og bregðast við því og refsa hinum seku. Við höfum hafist handa og ég er ákveðinn í að ljúka því verki.

Sameinuðu þjóðirnar munu ekki þrífast á tuttugustu og fyrstu öldinni nema venjulegu fólki um allan heim finnist að þær séu að gera eitthvað fyrir það sjálft. Okkur verður að takast að snúa við blaðinu í baráttunni við sjúkdóma og hungur, rétt eins og í baráttunni við hryðjuverk, útbreiðslu gereyðingarvopna og glæpi. Áríðandi er að Öryggisráðið taki ákvarðanir um að binda enda á viðbjóðslega glæpi sem framdir eru í Darfur og að láta hina seku svara til saka á alþjóðavettvangi.

Í septembermánuði gefst okkur tækifæri á að gera Sameinuðu þjóðirnar gagnlegri fyrir öll aðildarríkin. Þjóðarleiðtogar koma þá saman til fundar í New York. Þar mun ég leggja fram djarfar en framkvæmanlegar tillögur til að bæta starfsemi Sameinuðu þjóðanna og gera heiminn réttlátari og öruggari.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.*

**AF NETINU**

## Surtsey og Galapagos

[Á Surtsey] gafst [frá upphafi] tækifæri til að fylgjast náið með því hvernig líf nemur land. Aðeins örfáir staðir í veröldinni – ef nokkrir aðrir – hafa boðið upp á þessar upplýsingar. Þetta gerir Surtsey einstaka í heiminum – auk þess að vera eitt yngsta land veraldar. Víða um heim er fólk sem á sér það helst áhugamála að heimsækja náttúrundur á heimsmælikvarða. Þetta er drjúgur hópur sem á gnægð peninga og er reiðubúinn að kosta nokkru til. Þess vegna hef ég velt upp þeirri spurningu hvort menn telji að núna – rúmum 40 árum eftir gos – sé orðið tímabært að heimila takmarkaðar ferðir undir strangri leiðsögn út í Surtsey. Þar gæti orðið eftirsóknarverð perla í ferðaflóru okkar. Sjálfur treysti ég mér tæpast til að leggja mat á það hvort óhætt sé að opna slíkar ferðir og kaus því að leggja fyrirspurn þar að lútandi fyrir umhverfisráðherra – í því skyni að fá fagleg svör. Fyrr getur maður varla myndað sér skoðun eða tekið afstöðu. Mér hefur einmitt verið bent á að þannig sé um hnúta búið á Galapagoseyjum. Fátækir fiskimenn grannríkja munu hafa stundað þar ólöglegar veiðar og eggjatöku til að verða sér úti um tekjur. Eftir að þeim var heimilað að fara með ferðamenn undir ströngu eftirliti út í eyjarnar mun hafa tekið fyrir slíkar veiðar enda gefa ferðamennirnir dágóðar tekjur af sér. Ekki held ég því fram að í grennd við Surtsey búi fátæklingar eða veiðiþjófar. Hitt munu allir þó geta tekið undir að auknir möguleikar til markaðssetningar á okkar einstöku náttúru kann að skila störfum og tekjum fyrir fólk og fyrirtæki.

**Hjálmar Árnason á althingi.is/hjalmara.**

STYRKTU STÖÐU ÞÍNA
með framhaldsnámi við Háskóla Íslands
SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
Umsóknarfrestur um framhaldsnám er til **15. mars.**
Nánari upplýsingar á **www.hi.is**.
**Námskynning sunnudaginn 27. febrúar kl. 11-16.**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK


Miele
Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300
Tilboð:
kr. 14.910
Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði
Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.
30% afsláttur
Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.
GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum
LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.705 **-0,67%**

**Fjöldi viðskipta:** 520
**Velta:** 2.370 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | 2,67% | **Síminn** | -13,64% |
| **Kögun** | 1,20% | **Össur** | -1,78% |
| **Burðarás** | 1,16% | **Og fjarskipti** | -1,31% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 38,50 +2,67% ... Atorka 5,90 - ... Bakkavör 25,90 +0,39% ... Burðarás 13,10 +1,16% ... Flugleiðir 13,00 +0,72% ... Íslandsbanki 11,65 -5,28% ... KB banki 511,00 -0,39% ... Kögun 50,50 +1,20% ... Landsbankinn 14,40 – ... Marel 54,00 – ... Medcare 5,90 -0,84%... Og fjarskipti 3,78 -1,31% ... Samherji 11,00 – ... Straumur 9,85 – ... Össur 83,00 -1,78%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Aloha, Geir



Ef eitthvað er að marka fréttaflutning í dagblaðinu Honolulu Star Bulletin hafa sérfræðingar í efnahagsmálum á Hawaii mikinn hug á því að draga lærdóm af efnahagsuppgangi á Íslandi. Á mánudag lauk ráðstefnu um efnahagsmál í Kyrrahafinu á Hawaii og flutti Geir H. Haarde fjármálaráðherra erindi á ráðstefnunni. Dagblaðið segir að þótt Ísland sé ekki í Kyrrahafinu sé hagkerfið þar að einhverju leyti sambærilegt við Hawaii enda eru Hawaii-eyjar eldfjallaeyjar sem byggja hagkerfi sitt að stórum hluta á fiskveiðum og ferðamannaiðnaði. Haft er eftir hagfræðiprófessor í blaðinu að íslenska hagkerfið sé æskileg fyrirmynd þar sem á Íslandi hefði tekist með markvissum hætti að byggja upp velsæld.

### Stór í fjarverunni

Geir var hins vegar illa fjarri góðu gamni á aðalfundi Símans. Andi hans og umboð sveif yfir vötnum og mátti skelegg framganga Steingríms J. Sigfússonar sín lítils mót ógnarvaldi 99 prósenta hlutabréfs Geirs. Steingrímur tók tapinu karlmannlega þegar tillögur hans voru felldar og sagði koma sér vel að vera vanur talsmaður minnihlutasjónarmiða. Þetta þætti honum léttvægt miðað við þegar hann á sínum tíma talaði gegn því að Eystrasaltsríkin fengju aðild að Nató gegn múr fylgismanna inngöngunnar.

„Þannig að þetta er ekkert," sagði Steingrímur keikur.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Farþegum í áætlunarflugi **Icelandair** fjölgaði um 11,7% í janúar 2005 í samanburði við sama mánuð 2004. Þeir voru rúm 72 þúsund, en tæp 65 þúsund í fyrra. Sætanýting var nánast sú sama.

Olíuverð tók að lækka í gær eftir að hafa náð fjögurra mánaða hámarki á mörkuðum. Hækkunina mátti rekja til þess að dollarinn hefur veikst vegna ótta við að vægi hans í gjaldmiðlaflóru heimsins muni fara minnkandi.

Verðbólga í **Bandaríkjunum** var minni en væntingar voru um. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,1% en búist var við 0,2% hækkun.

Verðbólga fór hins vegar yfir væntingar í **Frakklandi** og mældist hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða sú mesta í 40 ár.




**FREISTANDI FASTEIGNIR** Talið er að fasteignir Somerfield kunni að freista kaupsýslumanna eins og Robert Tchenguiz. Orðrómur er um að hann undirbúi tilboð í Somerfield sem er 30 pensum hærra en tilboð Baugs.

# Fleiri skoða Somerfield

**Hugsanlegt er að Baugur fái keppinauta um boð í bresku verslunarkeðjuna Somerfield.**

Baugur verður ekki einn um hituna í Somerfield ef marka má Daily Mail. Að sögn blaðsins vinna bræðurnir Robert og Vincent Tchenguiz að því að gera 30 pensum hærra tilboð í Somerfieldkeðjuna en Baugur sem bjóða 190 pens fyrir hlutinn.

Það er Robert sem fer fyrir þeim bræðrum, en hann er ekki ókunnur íslenskum kaupsýslumönnum. Fyrir skemmstu fjármagnaði KB banki kaup hans á kráakeðju í Bretlandi.

Robert Tchenguiz hefur auðgast á undanförnum árum af fasteignaviðskiptum og er talið að hann hafi líkt og Baugur séð tækifæri í að eignast fasteignir Somerfield. Hvergi hefur fengist staðfest að Tchenguiz-bræður hafi lagt fram slíkt tilboð og stjórn Somerfield hefur ekki enn fjallað um tilboð Baugs. Sé tilboð Tchenguiz rétt, þá þykir það í hærri kantinum. Hugsanlegt er talið að Tchenguiz-bræðrum sé síst á móti skapi að vera orðaðir við tilboð, án þess að það þurfi að þýða að þeir muni leggja slíkt tilboð fram. Fljótlega er búist við að stjórn Somerfield taki afstöðu til tilboðs Baugs. **- hh**






# Litli hluthafinn í aðalhlutverki

**Kjölfestufjárfestir Símans hafði sig ekki mikið í frammi á aðalfundi fyrirtækisins. Handhafi brots af heildarhlutafé lét meira til sín taka og gagnrýndi fyrirtækið og flutti tillögur sem voru felldar.**

Davíð tókst á við Golíat á aðalfundi Símans í gær og hafði verr. Fjármálaráðherra ræður 99 prósenta hlut í Símanum, en hávær minnihluti í birtingarmynd Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hélt uppi meirihluta umræðna á fundinum.

Steingrímur lýsti andstöðu við kaup Símans á Skjá einum og þátttöku fyrirtækisins í sjónvarpsrekstri. Hann flutti tvær tillögur um málið, annars vegar um að kaupin myndu ganga til baka og varatillögu um að sjónvarpsrekstur Símans yrði seldur. Fyrri tillagan var felld gegn atkvæði Steingríms en við hina síðari fékk hann stuðning þriggja annarra smárra hluthafa. Þrátt fyrir að meðeigandi hans ríkið hafi ekki veitt tillögum hans brautargengi vildi Steingrímur sem fyrr ekki minnka eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu.

Rannveig Rist, stjórnarformaður Símans, rökstuddi ákvörðun stjórnarinnar um kaup á sjónvarpsrekstri með vísan til þróunar á fjarskiptamarkaði, þar sem skilin milli fjarskipta- og afþreyingarþjónustu eru óðum að hverfa.

Samþykkt var á fundinum tillaga stjórnar um að greiða 6,3 milljarða í arð til hluthafa. Steingrímur J. spurði um tilurð þeirrar tillögu og las Rannveig upp bréf frá fjármálaráðherra þar sem gerð var grein fyrir hugmyndum ráðuneytisins um heppilega fjármagnsskipan félagsins. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sagði ýtarlegar umræður hafa farið fram meðal stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins um heppilega fjármagnsskipan áður en ákvörðun var tekin um arðgreiðsluna.

Steingrímur sagði hins vegar þessa góðu arðgreiðslu sýna að glórulaust væri að selja bréfin í fyrirtækinu eins vel og það greiddi hluthöfum sínum. Hann vildi að félagið einbeitti sér að uppbyggingu almannaþjónustu sem nýtast myndi öllum landsmönnum.

Fram kom í máli stjórnenda Símans að ISDN-þjónusta næði nú til 99,96 prósenta þjóðarinnar. ADSL-þjónusta væri í eðli sínu þéttbýlisþjónusta, en með flutningi stafræns sjónvarps gegnum ADSL mætti veita fleirum slíka háhraðaþjónustu, en annars yrði unnt.

Auk arðgreiðslu Símans fær hver starfsmaður 160 þúsund krónur í kaupauka og vill stjórnin með því undirstrika þátt starfsmanna í góðri afkomu fyrirtækisins.

haflidi@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GAGNRÝNINN HLUTHAFI** Steingrímur J. Sigfússon hélt uppi skeleggum málflutningi fyrir sjónarmiðum sínum um eignarhald og stefnu Símans. Tillögur hans fengu ekki hljómgrunn hjá Baldri Guðlaugssyni, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins sem fór með 99 prósenta hlut í fjarveru ráðherrans Geirs H. Haarde.



**VILL AUKA FRJÁLSRÆÐI** Einar Sveinsson, formaður stjórnar Íslandsbanka, vill að stjórnvöld endurskoði hlutverk Íbúðalánasjóðs.

# Gagnrýndi Íbúðalánasjóð

**Formaður bankaráðs Íslandsbanka gagnrýnir stjórnvöld fyrir að hafa ekki gert breytingar á rekstri Íbúðalánasjóðs í ræðu sinni á aðalfundi bankans.**

Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, gagnrýndi fyrirkomulag opinberra húsnæðislána í ræðu sinni á aðalfundi félagsins á þriðjudag.

Einar sagði Íslandsbanka hafa fyrstan banka boðið viðskiptavinum sínum sambærileg lánskjör og Íbúðalánasjóður í ársbyrjun 2004. „Síðan tók bankinn þátt í þeirri hörðu samkeppni sem myndaðist þegar aðrir bankar komu inn á þann markað," sagði hann.

Einar sagði að aukið frjálsræði og harðnandi samkeppni væru til hagsbóta fyrir almenning.

„Það sætir furðu að ríkisstofnunin Íbúðalánasjóður skuli bregðast við með þeim hætti sem raun ber vitni. Sá sjóður starfar eftir sérlögum, nýtur ríkisábyrgðar án þess að greiða fyrir það og er í samkeppni við einkaaðila á ójöfnum forsendum. Það hlýtur að vera tímaspursmál hvenær síðustu afskiptum ríkisvaldsins af fjármálamarkaðnum lýkur og ótrúlegt að stjórnvöld hafi enn ekki áttað sig að fullu á þeim ávinningi sem frelsisvæðing fjármálakerfisins hefur skilað samfélaginu," sagði Einar. ■

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.52 | 13.41 | 18.31 |
| AKUREYRI | 8.42 | 13.26 | 18.10 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

**heimili o.fl.**
Börn þurfa góða stóla
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 24. febrúar, 55. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 9*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Ingibjörg er fatahönnuður hjá Nikita og því á hún alltaf nóg af Nikita-hettupeysum, sem eru í uppáhaldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hettupeysurnar hverfa aldrei úr skápnum

***Ingibjörg Finnbogadóttir, fatahönnuður hjá Nikita, dýrkar hettupeysurnar sínar en er líka mjög sólgin í alls kyns strigaskó. Hún á greiðan aðgang að skemmtilegum skóm og fötum þar sem hún ferðast mikið vegna vinnunnar.***

„Fyrst og fremst myndi ég nefna hettupeysurnar, stórar, litlar, þröngar, víðar, síðar, stuttar – alls kyns hettupeysur sem eru ómissandi í fataskápnum mínum. Ég er rosa hettupeysustelpa og geng örugglega í hettupeysum að minnsta kosti fimm daga vikunnar. Núna eru þessar stóru kósí alveg ómissandi og framarlega í fataskápnum hjá mér,“ segir Ingibjörg, eða Imba eins og hún er kölluð, en hettupeysurnar koma alls staðar að.

„Það er mjög blandað hvaðan hettupeysurnar eru en Nikita-peysurnar eru auðvitað alltaf í meirihluta þar sem sýnishornin streyma inn og út úr skápnum. Svo var ég í Köben um síðustu helgi og náði þá að bæta tveimur æðislegum í safnið, grárri Wood Wood-hettupeysu og piparmintulitaðri Alis-hettupeysu. Báðar eru með mjög skemmtilegri áletrun. Ég er alveg ýkt „happy“ með þær. Hettupeysurnar hverfa aldrei úr skápnum hjá mér.“

Ingibjörg lætur ekki bjóða sér hvað sem er þegar kemur að fötum og veit nákvæmlega hvað hún vill. „Þessa stundina á ég meira af joggingbuxum og leggings en gallabuxum – hálf fyndið í öllu gallabuxnaæðinu. En ég er mjög pikkí á buxur og finn ekki margar gallabuxur sem ég fíla. Ég vill hafa buxur frekar víðar eða alveg þröngar. Þá hentar mér oft vel að sauma þær sjálf sem ég og geri. Annars er ég algjört „sneaker freak“, eða strigaskófrík, fram yfir allt annað. Ég horfi alltaf fyrst á skóna og finnst þeir skipta miklu máli. Ég safna „old school“ strigaskóm og á mest af Adidas og Nike. Þeir sem eru mest í uppáhaldi hjá mér núna eru Adidas Hi-Top Attitude, bleikir, svartir og gullllitaðir,“ segir Ingibjörg, sem fer út um allan heim vinnu sinnar vegna og á því auðvelt með að krækja í sjaldgæf föt og skópör. „Ég ferðast mikið og á auðvelt með að safna skemmtilegum skóm og týpum sem ekki fást hvar sem er. Ég kem aldrei heim með minna en eitt til tvö pör.“

*lilja@frettabladid.is*

# Dolce og Gabbana hættir saman

***Löngu ástarsambandi er lokið en tískukóngarnir ætla að halda áfram að vinna saman.***

Fatahönnuðurnir Domenico Dolce og Stefano Gabbana hafa staðfest sögusagnir þess efnis að nítján ára ástarsambandi þeirra sé lokið. Tískugúrúarnir munu samt sem áður halda áfram að reka Dolce & Gabbana áfram sem þeir stofnuðu árið 1985 og er meðal umsvifamestu tískuhúsa heimsins.

„Við erum ennþá saman á faglegu sviði. Við vinnum mjög vel saman og skiljum hvor annan. Sterk ást bindur okkur saman,“ lét Dolce hafa eftir sér en bætti við að þeir byggju ekki lengur saman og væru byrjaðir að fara á stefnumót.

Meðal viðskiptavina tískuhússins eru stórstjörnur á borð við Kylie Minogue, Madonnu, Victoriu Beckham og Whitney Houston. ■



Dolce og Gabbana eru ennþá vinir þótt ástarsambandinu sé lokið.

## LIGGUR Í LOFTINU *í ferðum*

**Stúdentaferðir** bjóða upp á vinsæla ferð í haust þar sem könnuð eru Andes-fjöllin frá miðbaug og farið þaðan til Eldlands, Tierra del Fuego, syðst í Suður-Ameríku. Síðan er haldið upp Atlantshafsströndina til Rio de Janeiro. Farið er um Ekvador, Perú, Bólivíu, Argentínu, Chile, Paragvæ og Brasilíu. Ferðin er áttatíu nætur og er verðið 313.200 krónur. Flug til og frá Íslandi er ekki innifalið. Skráningargjald í ferðina er tíu þúsund krónur og staðfestingargjald tíu prósent af verði ferðarinnar. Brottfarardagar á þessu ári eru 11. október og 6. desember. Nánari upplýsingar er að finna á exit.is.



**Stuðmenn** spila í Royal Albert Hall í London 24. mars næstkomandi, á skírdag. Sérstök Stuðmannakjör eru í boði hjá Icelandair en flug og miði á tónleikana kostar 26.900 krónur. Í boði eru sæti til London 22., 23. og 24. mars og frá London 25. og 26. mars. Vegna mikillar eftirspurnar hefur Icelandair bætt við sig leiguvél frá Loftleiðum og fer hún frá Keflavík 24. mars og frá London daginn eftir, 25. mars. Nánari upplýsingar eru á icelandair.is.

**ÍT ferðir** bjóða upp á ferð í Knattspyrnuskóla Bobby Charlton í sumar. Farið er 29. júlí og komið aftur heim 7. ágúst. ÍT ferðir hafa lækkað verðið talsvert og er það nú 107.500 krónur en ferðin er tilvalin fyrir pilta og stúlkur á aldrinum þrettán til sautján ára. Skólinn er í Myerscough College í Preston en þangað er hálftíma akstur frá Manchester.

**Ferðamálaráð Íslands** ætlar að bjóða íslenskum fyrirtækjum til samstarfs við sig um gerð og birtingu auglýsinga. Auglýsingarnar eiga að hvetja landsmenn til ferðalaga innanlands en um er að ræða hluta af kynningarherferðinni „Ísland – sækjum það heim“. Ferðamálaráð hyggst verja tólf milljónum króna til verkefnisins á tímabilinu 15. maí 2005 til 30. apríl 2006 en nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Ferðamálaráðs, ferdamalarad.is.



*ferdir@frettabladid.is*




**Spegill**
Speglar eru snilldarlausn í litlu rými og geta verið góð lausn þar sem birta er af skornum skammti. Speglar á réttum stað geta stækkað rými, endurkastað ljósi á rétta staði og gerbreytt ásýnd heimilisins.




















FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fyrsti þrykkramminn sem Jódís gerði hefur verið rauði þráðurinn í gegnum hönnun hennar.

# Líður best með mörg járn í eldinum

***Jódís Hlöðversdóttir textílhönnuður þrykkir mynstur á gegnsætt efni og setur í glugga líkt og steint gler.***

Jódís Hlöðversdóttir er textílhönnuður að mennt og kennir leikskólabörnum myndlist. Hún hefur skapað skemmtilegt myndverk í glugga þar sem hún leikur sér með gegnsæi og birtu.



Jódís hefur leikið sér með mynstrið og hefur meðal annars þrykkt það á lampa.

„Efnið sem ég nota er allt gegnsætt og þegar það er uppsett í glugga er það líkt og steint gler," segir Jódís og krefst myndverkið þess að birtu sé hleypt í gegnum það. „Ég nota sérstaka aðferð við þrykkvinnuna sem gerir það að verkum að engir tveir reitir eru eins," segi Jódís, sem sjálf hefur sett myndverkið upp heima hjá sér með ljósaseríu aftan við.

„Mynstrið vann ég upp úr skissuvinnu sem ég gerði á Syðri-Rauðamel í Hnappadal, en þar er stór rauðamelskúla sem ég skissaði, og mynstrið er boginn af kúlunni," segir Jódís. Við gerð myndverksins notar hún fyrsta þrykkrammann sem hún gerði í námi og hefur hann verið rauði þráðurinn í gegnum hennar textílhönnun.

Jódís stefnir á frekari úrvinnslu á hugmyndinni. Hún hefur verið að prófa sig áfram með lampa og fyrir jólin þrykkti hún jólakort með mynstrinu. „Mér líður best þegar ég hef mörg járn í eldinum og hef líka málað í olíu jafnhliða textílhönnuninni," segir Jódís.

*kristineva@frettabladid.is*



Myndverk Jódísar þar sem ljósið skín fallega í gegn.

# Stílhrein húsgögn með góðan strúktúr

***Verslunin Unika í Fákafeni 9 í Reykjavík hefur hafið sölu á nýjum frönskum mahóníhúsgögnum.***

„Við tókum þessi húsgögn inn rétt fyrir jól og viðskiptavinum okkar líst ofboðslega vel á þau. Fólk er mikið að skoða og kaupa og greinilegt að þessi nýju húsgögn falla í kramið. Við erum þau einu á landinu sem selja þessi húsgögn enda ekkert gaman að selja eitthvað sem einhver annar selur líka," segir Olga Stefánsdóttir, skartgripahönnuður og eigandi Unika.

„Þetta eru frönsk mahóníhúsgögn eftir hönnuðinn Veronique Vailhe og í línunni eru speglar, skenkir, lampar, borðstofuborð og hillur. Við í Unika erum þekkt fyrir mýkri húsgögn en þessi eru stílhreinni og aðeins dekkri. Strúktúrinn í viðnum er afskaplega góður og vinnan í húsgögnunum er mjög flott frá A til Ö. Það er hugsað út í hvert einasta smáatriði," segir Olga en skenkir og hillur eru einmitt að koma sterk inn núna. „Það er voða vinsælt núna að hafa eina hillu á vegg yfir skenk og kannski einn eða tvo listmuni í hillunni. Frönsku hillurnar eru einmitt þannig gerðar að festingarnar sjást ekki og hægt er að fá þær í nokkrum stærðum." ■



Vandað er við alla vinnu í mahóníhúsgögnunum og hugsað út í öll smáatriði.

# Stólar fyrir börnin

***Mikilvægt er að börnin geti tekið þátt í borðhaldi fjölskyldunnar og þá þurfa þau góðan stól. Mikilvægt er að börnin sitji í svipaðri hæð og hinir fullorðnu.***

Huga þarf að þörfum barnanna ekki síður en hinna fullorðnu þegar húsgögn eru keypt fyrir heimilið. Matmálstíminn er yfirleitt heilög stund fjölskyldunnar, hún hittist eftir langan vinnu- og skóladag, snæðir saman og spjallar um daginn og veginn. Til að börnin geti tekið þátt í þessum fjölskyldutíma þurfa þau góðan stól, svo þeim líði vel og séu í sömu hæð og eldri fjölskyldumeðlimir.

Til eru ýmsar gerðir af fínum barnamatarstólum en líklega er Tripp Trapp stóllinn frá Stokke sá allra vinsælasti. Sá stóll er líka þeim kostum gæddur að hann vex með barninu og til eru dæmi um að nokkrir slíkir stólar séu til á einu heimili, hvert barn á sinn stól sem fylgir því ár eftir ár. ■



**Tripp Trapp Svartur kr. 13.980 Epal**



**Hókus Pókus kr. 9.990**
**Flestir kannast við þennan, hægt að breyta í rugguhest eða leikborð, BabySam.**



**Trama stóll kr. 12.600**
**Gerðarlegur viðarstóll, BabySam.**



**BabySam Gammeldaws kr. 5.990**
**Klassískur matarstóll sem hægt er að breyta í leikborð.**



**Babysam Populær kr. 7.890**
**Mjög vinsæll, lakkað beyki, hægt að breyta í leikborð.**



**Tripp Trapp Orange kr. 13.980, púði kr. 3.500 Epal**
**Tripp Trapp fæst líka í BabySam.**

# Bleikur er málið

***Bleikur kemur sterkur inn í vor og sumar í innanhússhönnun.***

Bleikur litur er oftast tengdur við ást og getur virst vera frekar stelpulegur og væminn. Því er mikilvægt að velja réttu húsgögnin með bleikum mublum og bleikum veggjum til að herbergið líti ekki út eins og candy floss.

Keyptu þér dökkbrún eða svört húsgögn til að skapa jafnvægi á milli lita. Þá virkar bleiki liturinn þrusuvel enda flottur litur og frískandi og góð tilbreyting frá venjulegum hvítum, bláum, rauðum, gráum og brúnum veggjum. ■



**Gott er að nota svartan með bleiku svo bleiki liturinn yfirtaki ekki allt herbergið.**


# Kennslulíkön og líffræðikort á: www.skola.is

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- **Búnaður**
- Húsgögn



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

# TILBOÐSDAGAR

# 10 TIL 40% AFSLÁTTUR




Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stears & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
**Opið um helgina:**
Laugardag kl. 11 – 16 og sunnudag kl. 13 – 16.




Keramik fyrir alla

**Barnaafmæli**
**Bekkjarferðir**



**Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.**
**Tilboðspakkar**
**Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.**
Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

# FISKBÚÐIN HAFBERG

**Fiskbúð sælkerans**

**30% afsláttur af fiskréttum**

**Gnoðarvogi 44, sími 588 8686**

## Grænt

Grænt er liturinn núna og er ótrúlega flott að vera í grænum skóm og með græna tösku, í grænum kjól, með græna veggi, grænar plöntur og hugsa grænt í einu og öllu.



EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380


Full búð af nýjum vörum
Selena
Undirfataverslun.
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355
opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

síðustu dagar!
sjón gleraugnaverslun
50% afsláttur af umgjörðum
Laugavegi 62 sími 511 6699
Glæsibæ sími 511 6698
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is sjon@sjon.is

Að hafa fallegar hendur veitir mér öryggi. Þess vegna hef ég LCN naglastyrkingu frá Heilsu og fegurð
Hugrún Ungfrú Ísland.
LCN
HEILSA OG FEGURÐ

Tískuverslunin Smart
Grímsbæ, Bústaðavegi S: 588 8488
Ármúla 15 S: 588 8050
Nýjar vörur komnar!
Buxur, jakkar og margt fleira.
Góður afsláttur á eldri útsöluvörum

ÚTSÖLULOK 1. MARS
50% afsláttur
af allri útsöluvöru
DAMAN
Laugavegi 32 • Sími 551 6477


# Fjaðrir aftur í tísku

***Nú eru tískuvikurnar í New York og London búnar og næsta stopp er vagga tískunnar í Mílanó á Ítalíu.***

Í Mílanó stíga fremstu fatahönnuðir á stokk, eins og Armani, Prada og Bottega, með haust- og vetrartísku sína en flestir bíða þó eftir fatalínu Dolce og Gabbana fyrst að þeir eru ekki lengur par eftir nítján ára ástarsamband.

Tískuvikan hófst laugardaginn 19. febrúar og lýkur sunnudaginn 27. febrúar. Tískan er fáguð og flott og allt lítur út fyrir að hvaða kona sem er í heiminum geti litið út eins og kvikmyndastjarna næsta haust og vetur. Jarðlitirnir eru mjög áberandi, fyrir utan elskuna Agatha Ruiz de la Prada sem alltaf glæðir tískusýningar sem þessa lífi með fjörugum og seiðandi litum. Loðfeldurinn ræður ríkjum sem fyrr og fjaðrir virðast líka vera að koma aftur í tísku með haustinu. ■



**Indjánaleg múndering eftir Rifat Ozbek eftir Pollini.**



**Fyrirsætan flýtur áfram í kjól frá Guerriero.**



**Frábær form og geðveikir litir frá Alessandro de Benedetti.**



**Gyðjulegur kvikmyndastjörnukjóll frá Unrath og Strano.**



**Agatha Ruiz de la Prada klikkar ekki.**

## Leit hafin að best klædda karlinum

TÍMARITIÐ ESQUIRE MUN EFNA TIL LEITAR AÐ BEST KLÆDDA „RAUNVERULEGA" MANNINUM Í BANDARÍKJUNUM Á NÆSTUNNI.

Með „raunverulega" meinar tímaritið mann sem er ekki þekktur á landsvísu. Leitin hefst 15. mars og mun Esquire heimsækja þátttakendur í tíu bandarískum borgum, Atlanta, Boston, Chicago, Dallas, Denver, Miami, New York, San Francisco, Seattle og Los Angeles. Dómnefnd ritstjóra og frægs fólks í hverjum bæ mun ákveða hvaða menn eru betur klæddir en aðrir. Þeir fimm sem komast alla leið munu koma fram í Today morgunþættinum á NBC í september. Áhorfendur þáttarins geta þá kosið hver vinnur í gegnum heimasíðu Esquire, esquire.com. „Í hverri borg í Bandaríkjunum eru karlmenn sem tjá sig í gegnum fatnað. Núna sýna Bandaríkjamenn meiri frumleika og persónulegan stíl í fötum en þeir hafa nokkurn tímann gert," segir David Granger, aðstoðarritstjóri Esquire. Esquire hefur áður kosið best klædda karlinn, en þá hefur verið um að ræða landsþekktan einstakling. Í fyrra var það Andre 3000 í hljómsveitinni Outkast sem hreppti titilinn.



**Andre 3000 fékk verðlaun Esquire á síðasta ári sem best klædda stjarnan.**



Mínípilsið lifir örugglega að eilífu.

## Mínípilsið stenst tímans tönn

MÍNÍPILSIÐ HEFUR VERIÐ KOSIÐ BESTA TÍSKUFLÍKIN Í KÖNNUN KAUPENDA.

Könnunin var framkvæmd í versluninni Harvey Nichols í London. Voru 3.500 kaupendur spurðir um topp tíu bestu og verstu tískuflíkurnar og varð mínípilsið fyrir valinu. Pilsið var fyrst hannað af hönnuðinum Andre Coureges og varð tákn sjöunda áratugarins. Mínípilsið hefur staðist tímans tönn en næst á eftir því á listanum eru gallabuxur, litli svarti kjóllinn og kúrekastígvél. Með því versta sem fólk hafði keypt sér voru legghlífar, boxer-buxur og ponsjó. ■



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Pungbindi og G-strengir

Tískufyrirtæki leita sífellt leiða til þess að fá almenning til að kaupa meira. Kvennamarkaðurinn er löngu mettaður svo nú einbeita þau sér í ríkari mæli að körlum. Metrósexúalmaðurinn var sannarlega góð uppfinning fyrir tískuna. Á eftir hrukku- og rakakremum, sem öll snyrtivörufyrirtækin eru nú með herralínur í, eru það nærfötin. Nærfataframleiðendur keppast við að setja á markað alls kyns nærur úr ýmsum efnum. Fyrirmyndirnar eru hinar nýju karltýpur eins og David Beckham eða sænski fótboltagarpurinn hjá Arsenal, Freddie Ljungberg, sem er aðalnærfatafyrirsæta Calvin Klein. Samkvæmt neyslukönnun hér í Frakklandi kaupir nú um helmingur karlmanna nærfötin sín sjálfur en fyrir tíu árum voru það í um 90% tilvika konurnar sem keyptu nærföt á karlana. Á undirfatakaupstefnunni á dögunum í París voru herralínur um 12% af því sem sýnt var, í stað 8% fyrir nokkru. Nú dugir ekki að vera í víðum boxernærbuxum sem minna á léreftspoka. Nærunar eru í öllum sniðum og hver einasta lína býður upp á g-strengi því nú eru það strákarnir sem sýna rasskinnarnar sem þeir eru auðvitað búnir að eyða heilu vikunum í að stinna í líkamsrækt. Síðast en ekki síst eru það jockstrap (ég held það sé ekkert betra íslenskt orð yfir það en pungbindi, farið á www.internationaljock.com ef þið vitið ekki um hvað ég er að tala). Efnin eru ekki lengur þau sömu, bómullin er í öllum regnbogans litum og algjör sprenging hefur orðið með svokölluðu örþráðaefni (microfibres) sem aðlagast húðinni en er teygjanlegt og leyfir henni að anda eins og sést vel hjá Hom (karl) merkinu franska, nýja línan er á www.hom.com. Neyslukannanir sýna að þessi bylgja á þó enn eftir að vinna land, þar sem karlmenn eyða að meðaltali 19 evrum á ári í nærur en konur eyða fimm sinnum meira. Ég hef reyndar trú á að þessar kannanir séu dálítið skekktar en þær segja sömuleiðis að Frakkar kaupi tvo tannbursta á ári en ættu að kaupa sex til að hugsa vel um tennur sínar. Ég hef grun um að í þeim séu að finna innflytjendur og aðra hópa í þjóðfélaginu sem einfaldlega hafa ekki ráð á tískunærum eða tannburstum. Leynd staðreynd í þessum könnunum er kannski hin mikla stéttaskipting sem er raunveruleiki í þessu fimmta stærsta efnahagsveldi heims. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




Fréttabeltin eru seld í versluninni Mariella á Skólavörðustíg 12 í Reykjavík.

# Fréttabeltin gera allt vitlaust

***Fyrr í vetur sögðum við af sérstökum Fréttablaðsbeltum sem fengust í versluninni Mariella.***

Þar var um að ræða belti úr greinum úr Fréttablaðinu. Fyrirtækið sem framleiðir beltin er svissneskt og heitir Primecut.

Fyrirtækið sérhæfir sig í að gera töskur og belti úr endurrunnum dagblöðum. Hönnun þessi hefur nú þegar unnið tvær virtar hönnunarkeppnir, þar á meðal Young Enterprise Switzerland árið 2003 sem haldin var á Möltu. Eftir þá keppni stofnuðu meðlimir Primecut fyrirtæki og hafa gert það gott enda hvert belti og taska einstök.

Fyrirsagnir eru valdar úr gömlum dagblöðum og úr þeim gerðir plastrenningar í verksmiðjunni Züriwerk í Zürich þar sem eingöngu vinnur fatlað fólk. Renningarnir eru síðan sendir til textílframleiðandans Meili Huus í Fahrwangen í Sviss þar sem þeir eru klipptir og úr þeim gerð belti. Viðbrögðin við beltunum hafa verið rosaleg. Þau eru seld í tíu verslunum í Sviss og hér á Íslandi og hefur fyrirtækið fengið mikla athygli úti um allan heim.

Enn vill Primecut gera betur og hyggur á að bæta beltin, gera þau sterkari og laga sylgjuna, auk þess að framleiða fleiri töskur. Greinilega fyrirtæki á uppleið þar. ■

Verð frá kr. 58.806 stgr.






Bébe vagnarnir fást hjá okkur

Frábærir og sterkir vagnar sem henta vel íslenskum aðstæðum. Falleg áklæði í boði og hægt er að velja um þrjár mismunandi grindur undir vagninn. Loftdekk. Eins passa Bébé ungbarnabílstólar á grindurnar.

BabySam®

Skeifan 8 - s. 568 2200
Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is

NÝJAR VÖRUR Í KRINGLUNNI



VOR 2005

EIGUM ENN MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTSÖLUVÖRUM Á LAUGAVEGI

KNICKERBOX

LAUGAVEGI 62
SÍMI: 551-5444

KRINGLUNNI
SÍMI: 533-4555

L'ORÉAL PARIS
DERMO-EXPERTISE

Nýtt 24 tíma rakakrem
HAPPYDERM

Geislandi og falleg húð sem ljómar af hamingju



- HappyDerm inniheldur Phyto Dorphine sem unnið er úr kakóbauninni og byggir upp varnarkerfi húðarinnar.
- HappyDerm bindur raka í húðinni og kemur í veg fyrir ofþornun. Húðin verður frískleg og mjúk.




Útsölustaðir

Lyf & heilsa Austurstræti
Lyf & heilsa Austurveri
Lyf & heilsa Firði
Lyf & heilsa Hellu
Lyf & heilsa Keflavík
Lyf & heilsa Kringlunni
Lyf & heilsa Melhaga
Lyf & heilsa Mosfellsbæ

Apótekarinn Akureyri
Hagkaup Akureyri
Hagkaup Skeifunni
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
Lyfja Laugavegi
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL PARIS

WELEDA
nuddolía með Arnicu
vöðvaslakandi og bólgueyðandi gigtarolía
Örvar blóðstreymi og mýkir húðina

Lífrænt ræktaðar vörur, án aukaefna.




Útsölustaðir Weleda eru:
Lyfja, Lyf og Heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið Kringlunni, Smáratorgi og Skólavörustíg, Hagkaup Kringlunni, Þumalína, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval og Femin.is.

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu

Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlendis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.

Það er mjög ensímríkt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. 1 tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. 2svar á dag fyrir máltíð.




Fæst í apótekum og heilsubúðum

















FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Skúli J. Björnsson og Elva Rósa Skúladóttir hafa endurvakið íslensku lopapeysuna sem tískuflík.

# Vilja gera íslensku lopapeysuna að tískuvöru

***Feðginin Skúli J. Björnsson og Elva Rósa Guðmundsdóttir hafa látið endurhanna klassísku íslensku lopapeysuna og selja hana undir merkjum Cintamanis.***

Lopapeysan er algerlega að slá í gegn þessa dagana og maður hlýtur því að spyrja sig hvað það er sem veldur. Skúli J. Björnsson og Elva Rósa Skúladóttir hjá Sportís eiga ef til einhverja sök að máli en þau hafa látið endurhanna lopapeysuna og selja hana nú í fyrsta sinn sem tískuvöru undir vörumerki Cintamanis. „Við viljum gera íslensku lopapeysuna að tískuvöru ásamt því að auka notagildi hennar. Hún á ekki bara að vera einhver peysa sem útlendingar kaupa til sönnunar um að þeir hafi verið á Íslandi, heldur notuð dags daglega við hvaða aðstæður sem er,“ segja þau Skúli og Elva Rósa.

Íslenska lopapeysan hefur fengið smá andlitslyftingu hjá Cintamani og má þar nefna að aðeins er munstubekkur á henni að ofan og kvenpeysurnar eru aðsniðnar til að gera þær klæðilegri. Bæði er hægt að fá þær heilar og með rennilás sem renndur er í báðar áttir. „Við erum eingöngu með peysurnar í svörtu og hvítu þó það sé hægt að leita til okkar ef fólk er með séróskir,“ segir Elva Rósa og leggur áherslu á að hver einasta peysa er handprjónuð og er valið á þeim konum sem prjóna peysurnar vandað vel.

„Við töldum það algert skilyrði að hafa peysurnar handprjónaðar bæði til að viðhalda þeirri þekkingu sem til er og einnig vegna þess að það er hluti af karakter peysunnar. Við notum svo aðeins bestu prjónakonurnar og við leggjum áherslu á að borga þeim það sem þær eiga skilið fyrir vinnu sína,“ segir Skúli en lopapeysurnar eru seldar á 14.900 lokaðar og 16.900 renndar. ■

[ SNYRTIVÖRUR ]

# Léttir og gylltir tónar alls ráðandi

*Vor- og sumarlitir Kanebo eru komnir í verslanir.*

Kanebo International vörurnar eru sérstakar sólbrúnkuvörur sem vernda húðina vel í hitanum og birtunni. Í línunni eru varalitir, gloss og augnskuggar sem allt miðar að því að gera förðunina náttúrulega og fallega í vor og sumar.

The Vanilla Bronze Collection, bronzlína Kanebo, hefur verið vinsæl í mörg ár en nú hefur ný vara bæst í hópinn, Golden Pearl Powder. Það er nýstárlegur púði sem hefur að geyma greint bronspúður sem borið er á húðina með því þrýsta púðanum á hana. Í línunni er einnig hressandi gel til að vernda húðina og halda henni rakri. Í línunni er einnig sólarpúður sem gefur húðinni fallega áferð. ■


Vanilla Bronze Collection hefur verið vinsæl í mörg ár.

Nú eru komnir nýir vor- og sumarlitir frá Kanebo.



Aqua Fusion-kremið frá Lancome.

## Styrkir rakastuðul húðarinnar

*Nýja kremið frá Lancome heitir Aqua Fusion.*

Kremið hentar fyrir alla, allt frá 25 ára fólki sem verður fyrir áreiti úr umhverfinu sem veikir rakastuðul húðarinnar.

Í Aqua Fusion er Aquacellular sem er svo líkt náttúrulegum raka húðarinnar að það samlagast húðinni fullkomlega.

Aqua Fusion fæst í þremur mismunandi útgáfum; þunnfljótandi gelkrem, hundrað prósent olíulaust og hentar fyrir blandaða og feita húðgerð, létt, ferskt olíulaust kremgel sem bráðnar inn í húðina og hentar fyrir blandaða og eðlilega húð og þægilegt krem sem bráðnar inn í húðina og hentar þurri húð. ■



Úrin frá Swatch eru jafn mismunandi og þau eru mörg.

# Frumleiki og sköpunargáfa

**Tískuvika Swatch, sem framleiðir meðal annars úr, er á næsta leiti.**

Swatch-tískuvikan verður 14. til 18. mars á þessu ári eftir mikla velgengni vikunnar á síðasta ári. Vikan er viðburður fyrir unga fatahönnuði sem vilja láta taka eftir sér og keppa um hönnunarverðlaun og menntunarverðlaun Swatch. Tekið er tillit til frumleika, sköpunargáfu og innblásturs við val á sigurvegurunum.

Vikan gengur út á að sýna frumlega hönnun og finna sannar tískustjörnur framtíðarinnar. Vikan verður haldin í Truman-bruggverksmiðjunni í Brick Lane í London en Brick Lane er orðin miðstöð sköpunargáfu í austurhluta Lundúna. ■

# Einfaldleikinn er málið

**Stórir grófir eyrnalokkar á útleið.**



Þó að okkur finnist ennþá langt til vors er alveg á hreinu hvað verður í tísku og ekki seinna vænna að byrja að sanka að sér vorvörunum. Það hefur löngum verið hvað auðveldast að nota eyrnalokka til að lífga upp á fataskápinn með skemmtilegum skartgripum. Þeir þurfa ekki að kosta mikið en geta sett punktinn yfir i-ið og breytt venjulegum gallabuxum og bol í hátísku. Leggðu nú eyrun við þar sem síðir einfaldir eyrnalokkar eru að hengja sig á tískuheiminn. Það er flott að nota þá við uppsett hár eða tagl og vera í háum hælum og gallabuxum með, eða jakka á skrifstofunni. Einfaldleikinn er málið, stórir „ljósakrónulokkar“ eru á útleið. ■




*Silfurskartgripir - Bjartir og fallegir*

Lokkar
Men
Hringar
FRÁ
LUMANI

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI

**Lagerhreinsun**

**3 síðustu dagarnir í TEENO**

**allt á 990 krónur**

**Verslunin hættir**

**TEENO**

**Laugavegi 50, sími 511 0909**

**belladonna**

Hlíðarsmára 11 • 201 Kópavogur • sími 517 6460 • www.belladonna.is

**RÉTTU STÆRÐIRNAR**



**Erum að taka upp nýjar vörur**

**Opið**

Mán – fös 11-18

Lau 12-16

**FERMINGFARFÖTIN 2005**




**retro**

kringlunni s.568 5877 - smáranum s.564 5877

| | | |
|---|---|---|
| jakkaföt | | 15.990 |
| skyrta | | 3.990 |
| skór | frá: | 5.990 |
| bindi | frá: | 2.990 |



**GUERLAIN**
**PARIS**

**kynnir nýja kremlínu Success Model**

- Fullkomin lína sem styrkir og stinnir andlitsvöðvana
- Lyftir slappri húð
- Mótar andlitið og gefu ljóma
- Vinnur á línum og hrukkum
- Gefur mikinn raka og vörn
- Sjáanlegur árangur á aðeins einni viku.

Guerlain gefur þér þessa glæsilegu gjöf með kaupum á kremi að eigin vali úr nýju SUCCESS MODEL línunni.

- GUERLAIN Snyrtibudda
- Cleansing Milk 50 ml
- Smoothing Toner 15 ml
- Moisturizing Mask 30 ml
- Secret Divin 3 ml
- L´Instant De Guerlain edp 1.5 ml

VERÐMÆTI GJAFAR ER 4.490.-
Gildir á öllum Guerlain útsölustöðum á meðan byrgðir endast.

KYNNING Í HYGEA, KRINGLUNNI, FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Snyrtivöruverlun Glæsibæ – Hygea, Kringlunni – Hygea, Smáralind – Hygea Laugavegi – Lyf og Heilsa, Kringlunni – Snyrtistofan, Garðatorgi – Hár og heilsa, Akureyri – Snyrtihús Bergdísar, Ólafsgeisla 65

**Króatía**
Lonely Planet sem gefur út þekktar ferðahandbækur fékk starfsfólk sitt til að velja fimm áhugaverðustu áfangastaðina fyrir árið 2005. Króatía var þar efst á lista og þykir einn fallegasti staðurinn í Evrópu. Kína kom næst á listanum og Argentína þar á eftir.



Síðdegisgöngur, dagsferðir, skíðaferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir, jeppaferðir, hjólaferðir .......... Kíktu á utivist.is



ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

# Esjan mælir best getu fólks

***Hjördís Harðardóttir göngugarpur ætlar að leiða hóp Íslendinga um stórbrotna náttúru Slóveníu. Hún veit ekkert skemmtilegra en gönguferðir á framandi slóðum.***



Náttúrufegurðin þykir einstök í Triglav-þjóðgarðinum.

„Ég byrjaði að ganga fyrir rúmum áratug og hef verið með algjöra göngudellu æ síðan. Ég var fertug og formið var ekki upp á sitt besta. Ég hætti að reykja, byrjaði að fara í göngutúra sem urðu með tímanum lengri og lengri,“ segir Hjördís Harðardóttir, göngukona með meiru. Hjördís hefur gengið vítt og breitt um Ísland en hún lætur það ekki duga því síðustu þrjú árin hefur hún skipulagt og stýrt gönguferðum um Pýreneafjöllin á Spáni á vegum ÍT-ferða. Hún er að skipuleggja enn eina ferð í Pýreneafjöllin í haust en í millitíðinni ætlar hún að prófa spennandi gönguslóðir í Slóveníu.



Hjördís Harðardóttur ásamt sínum besta félaga á göngu, heimilishundinum Emil. Þau hafa farið vítt og breitt um landið.

„Slóvenía er mjög spennandi enda náttúran alveg einstök. Við leggjum upp 16. júní með 45 manna hóp og ætlum að ganga í sex daga um hinn fræga Triglav-þjóðgarð sem er austasti hluti Alpafjallanna. Það er mikil menning og saga á þessum slóðum og við fetum í fótspor Hemingways því bók hans, Vopnin kvödd, gerist á þessum slóðum,“ segir Hjördís. Hún segir innfædda leiðsögumenn fylgja hópnum allan tímann. Ekki er hægt að bæta farþegum í þennan hóp en vegna fjölmargra fyrirspurna kann að svo að fara að efnt verði til annarrar ferðar í sumar.

Hjördís segir gönguferð af þessu tagi ekki mjög erfiða en vissulega sé fólk á göngu mestan part dagsins. „Hver og einn þarf að bera föt til skiptanna og hingað til hefur fólk ekki kvartað undan því. Það er ekki hægt að hugsa sér skemmtilegri ferðamáta og fólk nýtur náttúrunnar og umhverfisins með allt öðrum hætti en þegar ferðast er í bíl eða lest. Það myndast ótrúlega skemmtileg stemning í gönguhópnum og fólk nýtur útiverunnar og samverunnar til hins ítrasta.“

Hún segir mikilvægt að fólk komi sér í form fyrir ferðina, þá verði lífið léttara og þar með skemmtilegra.

„Ef fólk kemst upp á Esjuna og getur hreyft sig daginn eftir þá er allt í fína lagi. Esjan er góður mælikvarði,“ segir Hjördís Harðardóttir. Hægt er að kynna sér gönguferðirnar á heimasíðu ÍT-ferða á netinu. ■




Au pair býr hjá gistifjölskyldu, aðstoðar við barnagæslu og heimilisstörf og tekur þátt í daglegu lífi gistifjölskyldunnar. Að launum fær au pair vasapening, frítt fæði og húsnæði, frítt flug til og frá Bandaríkjunum auk 500 USD námsstyrks.
*Allar nánari upplýsingar liggja frammi á skrifstofu okkar eða á www.exit.is*

MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?
STÚDENTAFERÐIR
exit.is
KRAFTAVERK
Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

www.plusferdir.is
NET plus
Alicante - páskar 19.-31. mars
Netverð - flugsæti
29.495 kr.
á mann. Innifalið: Flug og flugvallarskattar.
Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.
plús FERÐIR
Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is



Kjartan fararstjóri mun sjá til þess að fjölskyldustemning ríki innan sem utan vallar.

# Fjölskyldan spilar golf

***Nýr áfangastaður á Spáni þar sem unglingar fá frítt á golfvöllinn.***

Fjölskyldugolf á Spáni er nýjung sem ferðaskrifstofan Úrval Útsýn boðar í vor. Hugmyndin er að skapa fjölskyldustemningu innan sem utan golfvallar undir styrkri stjórn Kjartans L. Pálssonar. Áfangastaðurinn heitir Valle del Este og er nýtt golfsvæði í um liðlega tveggja tíma akstursfjarlægð frá flugvellinum í Alicante.

Innifalið í ferðinni er ótakmarkað frítt golf fyrir 18 ára og yngri. Kjartan mun blanda unglingum og foreldrum saman í ráshópa auk þess að bjóða skemmtilegar skoðunarferðir. Fyrsta ferðin í fjölskyldugolf verður farin 25. maí nk. og hægt er að dvelja í eina til þrjár vikur. ■

Bandaríkjaferðir á frábæru verði




Netsmellur til USA
Verð frá 36.900 kr.*
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald
Bókaðu á www.icelandair.is
ICELANDAIR
www.icelandair.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27004 01/2005

Opel Corsa eða sambærilegur
Vika á Ítalíu
14.300*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
1000 Vildarpunktar til 12. mars
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 27220 02/2005

fasteignir
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Akkurat - fyrir þig!

# ÞÓRSGATA - 101 RVK

## GOTT OG VEL STAÐSETT VERSLUNAR- EÐA SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI.



Húsnæðið samanstendur af skrifstofu, opnu rými og afstúkuðu kælirými ásamt miklum geymslum í kjallara (án glugga) Í húsnæðinu er í dag rekið veisluеldhús, en það gæti einnig hentað sem skrifstofuhúsnæði. Til eru teikningar af rýminu þar sem búið er að skipta því upp í tvær íbúðir.
**Verð 24 milljónir**

Sími: 594 5000 Akkurat

Akkurat - fyrir þig!





# Vertu þinn eigin herra

**Góðir möguleikar fyrir gott fólk.**

Veitingastaður / bakarí / pizzastaður / sportbar.

**Vantar vanan rekstraraðila að ört vaxandi veitingarekstri í úthverfi Reykjavíkur.**

Sími: 594 5000 Akkurat

HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali
OPIÐ HÚS

**OPIÐ HÚS Í DAG 24.02 MILLI 17-19**

# NJARÐVÍKURBRAUT 33,

## INNRI NJARÐVÍK



281,5fm á tveim h/ ásett verð 23.millj. Tilboð óskast
- Efri hæð 139,6fm, gott eldhús,
- Baðherbergi m/sturtuklefa og baðk.
- 4 góð svefnherbergi.
- Neðrihæð m/bráðabyrgða innréttinum
- Góð eign á frábærum stað.
- Laust við kaupsamning.

Hafið samband
Kári Kort
S. 892-2506



# Fermingar 2005

Fréttablaðið mun gefa út 4 sérblöð um fermingar
Hverju sérblaði verður dreift í tæplega **100.000 eintökum** um land allt.

Blaðið verður gefið út eftirtalda föstudaga:
**25. febrúar // 4. mars // 11. mars // 18. mars**

Þeir sem vilja nánari upplýsingar er bent á að hafa samband við:

**Hinrik Fjeldsted // Sími 515 7592 // hinrik@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Stærsti fjölmiðillinn

# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

### En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

| Lestur sunnudagsblaða, allir | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **84,9%** | **69,6%** | **47,9%** |
| | | | |
| **Lestur sunnudagsblaða, konur** | **18-34 ára** | **20-40 ára** | **18-49 ára** |
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **116,5%** | **90,0%** | **51,0%** |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

**1)** 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

**2)** 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

**3)** 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

**4)** Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

**Tvær spurningar:**
*Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?*

*Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?*



# LAUS STÖRF Á McDONALD´S

Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, í Kringlunni og við Smáratorg.

Líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.

Umsóknareyðblöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu www.mcdonalds.is

i'm lovin' it

argus - 05-0071

# SAMKEPPNISSTOFNUN
## óskar eftir að ráða yfirhagfræðing til starfa

Yfirhagfræðingur Samkeppnisstofnunar ber ábyrgð á hagfræðilegri greiningu, bæði í tengslum við sértækar rannsóknir á samkeppnismörkuðum og varðandi hagfræðilega meðferð stjórnsýslumála. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði í starfi og mun hafa áhrif á mótun hagfræðilegrar umræðu og rannsóknir hjá samkeppnisyfirvöldum í nánustu framtíð. Starfið er fjölbreytilegt og krefjandi og mun yfirhagfræðingur Samkeppnisstofnunar taka virkan þátt í því að vernda og efla samkeppni með framkvæmd samkeppnislaga.

**Starfssvið:**
- Hagfræðileg greining og rannsóknir
- Hagfræðileg ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumótun samkeppnissviðs
- Ritun greinargerða
- Rekstur mála á samkeppnissviði

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun í hagfræði, helst með áherslu á atvinnuvegahagfræði og tölfræðilega úrvinnslu, og/eða allnokkur starfsreynsla við hagfræðilega greiningu og rannsóknir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf og öðru sem umsækjandi vill taka fram þurfa að berast SAMKEPPNISSTOFNUN, Rauðarárstíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík, í síðasta lagi 18. mars nk. Frekari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 552 7422.

Samkeppnisstofnun fer ásamt samkeppnisráði með framkvæmd samkeppnislaga á fyrsta stjórnsýslustigi og annast stofnunin dagleg störf ráðsins. Hlutverk samkeppnisyfirvalda felst m.a. í því að framfylgja banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og ákveða aðgerðir gegn slíkri háttsemi.

www.samkeppni.is

SAMKEPPNISSTOFNUN

365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku.
Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

# Vantar þig aukavinnu?

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043.
Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

2 sýn digital ísland DV

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Grunnskólar Reykjavíkur



# Staða skólastjóra Breiðholtsskóla

Laus er staða skólastjóra við Breiðholtsskóla í Reykjavík sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Nemendur skólans eru um 570 að tölu.

Í Breiðholtsskóla er lögð áhersla á að allir nemendur nái sem bestum árangri miðað við eigin áhuga, hæfileika og getu. Markvisst er unnið í skólanum í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda. Einkunnarorð skólans eru „árangur fyrir alla“.

Skólinn hefur verið móðurskóli í foreldrasamstarfi og er í góðu samstarfi við foreldra, hverfisbúa og aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu.

Í skólanum er móttökudeild fyrir nýbúa. Kannanir hafa sýnt að nemendur og foreldrar eru ánægðir með skólann og meðal starfsmanna ríkir mjög góður starfsandi.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

**Leitað er að umsækjanda sem:**
- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur kennaramenntun, en framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

**Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.**

Staðan er laus frá 1. mars nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2005. Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, netfang: ingunn.gisladottir@reykjavik.is sími 535 5000.

Reykjavíkurborg

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

# BÍLAVIÐGERÐIR- OG MÁLUN

Réttir bílar og Málingarverk óskar að ráða menn vana bílaviðgerðum og bílamálun.
Upplýsingar gefur Jóhannes í síma 896-3044.

## FUNDIR

# Flugöryggisfundur

**Fimmtud. 24. febrúar 2005 Hótel Loftleiðum kl. 20.00**

**Farið yfir flugatvik og flugóhöpp**
*Þormóður Þormóðsson rannsóknarstjóri*
*Rannsóknarnefndar flugslysa*

**Kynning á hinu nýja flugfélagi Landsflugi ehf.**
*Tyrfingur Þorsteinsson flugrekstrarstjóri*

**Stuttmynd**
*Fis umhverfis Ísland 2004 eftir feðgana*
*Arnar og Ágúst Guðmundsson*

Kvikmynd um flug að vetrarlagi.

Fyrirspurnir í lok hvers dagskrárliðs.
Kaffiveitingar í boði Flugmálastjórnar.

**Allt áhugafólk um flugmál velkomið.**

**FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS**

Rannsóknarnefnd Flugslysa
Flugbjörgunarsveitin

Öryggisnefnd FIA
Flugmálastjórn Íslands

## TILKYNNINGAR

# Herbergi í Hafnarfirði

Fyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir herbergi í bænum fyrir starfsmann sinn. Leigutími frá 1. mars 2005.

**Um reglusaman og reyklausan starfsmann er að ræða. Upplýsingar í síma 8940414.**

RAFHOLT

# Óskum eftir vönum rafvirkjum sem fyrst.

**Næg verkefni framundan.**

Helstu verkefni eru á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Egilsstöðum.

**Upplýsingar gefur Helgi í síma 695-6447 og Grétar í síma 695-6446.**

# SJÓNARHORN



Vetrarríki er sunnan Skjaldbreiðar þar sem Skefilfjöll skreyta bakgrunninn./ Ljósmynd:Vilhelm

# KAUPVENJUR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magni hefur gaman af því að kaupa hljóðfæri.

## Finnst ekki gaman að kaupa föt

Magni í bandinu Á móti sól segist vera týpískur strákur sem hugsar helst ekki um fatakaup.

**Uppáhaldsbúðin þín?**
Kaupfélagið í Borgarfirði eystri og bókabúðin hjá Ástu þar sem ég keypti Spiderman-blöð þegar ég var lítill. Ég á mörg þessara blaða ennþá en blöðin voru þýdd á íslensku af útlendingi og er þýðingin mjög slæm og oft mjög fyndin.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Hljóðfæri og tónlist og þá meina ég vínylplötur. Ég kaupi þær náttúrlega bara á netinu, aðallega á eBay. Verst er að þurfa að borga þessa háu tolla.

**Verslar þú í útlöndum?**
Já, ég var til dæmis í Danmörku tvær síðustu helgar og tók röltið þar. Tek bara strikin í hverri borg.

**Einhverjar venjur við innkaup?**
Ég er mjög rólegur í því að kaupa og hleyp ekki um með kortið á lofti. Skoða landslagið áður en ég fer að strauja og vil hafa góðan tíma.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í innkaupum?**
Ég tek allar mínar skyndiákvarðanir í fatakaupum. Mér finnst ekki gaman að kaupa föt, ég er strákur!






# Styrkur og veikleiki íslenska þjóðarbúsins

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um íslenskan þjóðarbúskap sem kom út í síðustu viku kennir ýmissa grasa. Meðal annars er sérstaklega rætt um helstu styrk- og veikleika þjóðarbúsins. Meðal styrkleika telja þeir þann ramma sem peningamálastefnunni er settur, þ.e. verðbólgumarkmið Seðlabankans. Reyndar leggja þeir til að framkvæmd stefnunnar væri gerð gengsærri með því að halda reglulega vaxtaákvörðunarfundi og tilkynna ákvörðun strax að loknum fundi.

Þá nefnir OECD að lágar skuldir hins opinbera séu styrkleiki. Opinberar skuldir hafa lækkað töluvert á undanförnum árum í hlutfalli af landsframleiðslu og eru nú sambærilegar við skuldahlutföll nágrannaríkjanna. Þannig er borð fyrir báru þurfi stjórnvöld síðar meir að grípa til efnahagsaðgerða sem fela í sér halla á rekstri hins opinbera.

Þá er sveigjanlegum vinnumarkaði hrósað í skýrslunni þar sem fá lög og reglugerðir draga úr sveigjanleika, sem víða á meginlandi Evrópu hafa haldið aftur af hagvexti undanfarin ár. Hér á landi koma flestar leikreglur á vinnumarkaði fram í kjarasamningi. Þá er sveigjanleiki launa hér á landi meiri en víða annars staðar. Þá telur OECD að bætt samkeppni sé einn af styrkleikum íslensks þjóðarbúskapar. Stefna stjórnvalda hafi stutt við aukna samkeppni, auk þess sem sett voru samkeppnislög vegna aðildar að EES.

Í skýrslu OECD segir að gott umhverfi fyrir frumkvöðla sé styrkur á íslenskum þjóðarbúskap. Það sem stuðlað hefur að þessu umhverfi er opnun fjármagnsmarkaða, einkavæðing og afnám ýmiss konar viðskiptahafta. Saman hafa þessi atriði stutt við vöxt nýrra atvinnugreina og vöxt framleiðni á undanförnum árum. Niðurstöður nýrrar alþjóðlegrar rannsóknar sem Háskólinn í Reykjavík tekur þátt í, sýna að Ísland er með hæsta hlutfall frumkvöðlastarfsemi af þeim Evrópuþjóðum sem taka þátt í rannsókninni.

En það eru einnig nokkrir veikleikar sem OECD nefnir í skýrslu sinni sem þjaka íslenskt þjóðarbú. Fyrst er það nefnt ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem kemur skýrt fram í miklum viðskiptahalla og vaxandi verðbólgu. Þá hefur OECD áhyggjur af skuldum einstaklinga og fyrirtækja sem öfugt við opinberar skuldir hafa hækkað hratt á undanförnum árum og eru nú með þeim hæstu í heimi. Stór hluti þessara skulda eru í erlendri mynt og af því leiðir að gengisáhætta er mikil.

Miklar verðhækkanir hafa átt sér stað á fasteignamarkaði og hlutabréfamarkaði að undanförnu og því nokkur hætta á því að verðbóla hafi myndast. Slíkar verðbólur geta sprungið og því hætta á að verð á fasteignum og hlutabréfum gæti lækkað hratt. Slík verðlækkun gæti haft mikil áhrif á fyrirtæki og heimili. Að lokum nefnir OECD þá staðreynd að útgjöld ríkisins eru að jafnaði langt umfram fjárlög sem dregur úr trúverðugleika ríkisfjármálastefnu.



En það eru einnig nokkrir veikleikar sem OECD nefnir í skýrslu sinni sem þjaka íslenskt þjóðarbú. Fyrst er það nefnt ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem kemur skýrt fram í miklum viðskiptahalla og vaxandi verðbólgu.

# Fögnuðu samruna

Lögmannsstofurnar Lex og Nestor hafa nýverið sameinast. Í tilefni þess var haldin veisla í Hafnarhúsinu sl. föstudag þar sem á fimmta hundrað manns mætti.

Nýja stofan heitir Lex-Nestor. Starfandi lögmenn á stofunni eru fjórtán en þar starfa einnig sex löglærðir fulltrúar. Með sameiningunni varð til ein stærsta lögmannsstofa á Íslandi.

Skrifstofur Lex-Nestor eru á Sundagörðum 2 þar sem Lex var til húsa. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FAGNA SAMEININGU** Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrum aðili að Nestor, og Helgi Jóhannesson, faglegur framkvæmdastjóri nýju stofunnar, takast í hendur í veislu þar sem samrunanum var fagnað.





## Aðalfundur SH

Aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf. verður haldinn fimmtudaginn 10. mars n.k. á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2 og hefst hann kl. 16:00.

**Dagskrá**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins
2. Tillaga um heimild til kaupa á bréfum félagsins skv. 55. grein hlutafélagalaga
3. Önnur mál

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofum félagsins, hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við upphaf fundarins.

**Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf.**

# Aðalfundur Og Vodafone

Aðalfundur Og Vodafone (Og fjarskipta hf.) verður haldinn á Hótel Sögu, í Sunnusal, fimmtudaginn 3. mars 2005, og hefst kl. 12:00.

**Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa hluti í félaginu samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
3. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað.

**Stjórn Og fjarskipta hf.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27490 02/2002

og vodafone

og hvað segir þú?



**STEVEN PAUL JOBS (1955-)**
fæddist þennan dag.

*„Það er ekki hægt að spyrja fólk hvað það vill og reyna svo að uppfylla óskir þess. Þegar maður er tilbúinn með hlutinn, þá vill fólk nefnilega fá eitthvað nýtt.“*

***Steve Jobs er best þekktur fyrir að hafa í félagi við Steve Wozniak stofnað Apple-tölvufyrirtækið. Hann er af mörgum talinn til markverðustu frumkvöðla heims á sviði tölvu- og upplýsingatækni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Trúlofun Karls og Díönu opinberuð*

Þennan dag árið 1981 bundu prinsinn af Wales og lafði Díana Spencer enda á vangaveltur sem staðið höfðu mánuðum saman um samband þeirra. Boðað var til blaðamannafundar við Buckingham-höll og trúlofun þeirra gerð opinber.

Karl Bretaprins hafði beðið lafði Díönu þremur vikum fyrr í kvöldverðarboði áður en hún átti að halda til Ástralíu. Hann hafði hugsað sér að hún gæti nýtt ferðalagið til að hugleiða bónorðið, en hún samþykkti þegar ráðahaginn. Þrátt fyrir mikinn áhuga fólks tókst þeim að halda trúlofuninni leyndri um sinn.

Þau giftu sig svo í „brúðkaupi aldarinnar“ 29. júlí sama ár. Við athöfnina voru um 3.500 gestir, en áætlað er að um 750 milljón manns um heim allan hafi fylgst með í beinni útsendingu sjónvarps.

Frumburður þeirra Karls og Díönu, Vilhjálmur, kom svo í heiminn innan við ári síðar, 21. júní 1982. Um það leyti sem Harry prins kom í heiminn, 15. september 1984, var hins vegar orðið ljóst að brestir voru komnir í hjónabandssæluna. Karl og Díana skildu að borði og sæng árið 1993 og formlega árið 1996. Díana upplýsti um eigið framhjáhald og Karls í heimildarþætti í breska ríkisútvarpinu í nóvember árið 1995.



**24. FEBRÚAR 1981** Karl og Díana tilkynntu um trúlofun sína og fyrirhugaða giftingu.

Eftir skilnaðinn var Díana áfram áberandi persóna í fjölmiðlum. Hún tók þátt í margvíslegu hjálparstarfi, svo sem fyrir börn, útigangsfólk, fatlaða og alnæmissjúka og -smitaða. Þá barðist hún ötullega fyrir banni við notkun og framleiðslu jarðsprengja. Lafði Díana Spencer fórst svo í bílslysi í París 31. ágúst 1997.

## MERKISATBURÐIR

**1630** Skálholtsstaður brann til kaldra kola. Þrettán hús eyðilögðust og mikið af verðmætum munum.

**1863** Forngripasafn Íslands stofnað. Á fimmtíu ára afmælinu var nafninu breytt í Þjóðminjasafn Íslands og þjóðháttadeild stofnuð á hundrað ára afmælinu.

**1920** Stjórnmálahreyfing nasista verður til í Þýskalandi.

**1924** Styttan af Ingólfi Arnarsyni afhjúpuð á Arnarhóli.

**1924** Íhaldsflokkurinn stofnaður af fimm þingmönnum sem síðar mynduðu Sjálfstæðisflokkinn með þingmönnum Frjálslynda flokksins.

**1946** Juan Peron er kjörinn forseti Argentínu og situr í þrjú kjörtímabil.

**1957** Sjómannasamband Íslands stofnað.

## ANDLÁT

**Arnþrúður Sigurðardóttir**, hjúkrunarheimilinu Eir, lést miðvikudaginn 9. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Oddur Kristjánsson**, Steinum, Stafholtstungum, lést fimmtudaginn 17. febrúar.

**Guðni Friðþjófur Pálsson** lést föstudaginn 18. febrúar.

**Sigursteinn G. Melsteð**, Ásvegi 21, Breiðdalsvík, lést föstudaginn 18. febrúar.

**Valgerður Pálsdóttir**, Kálfafelli, lést sunnudaginn 20. febrúar.

**Hersteinn Pálsson**, fyrrverandi ritstjóri, Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi, lést mánudaginn 21. febrúar.

**Katrín Jónsdóttir**, Eskihlíð 26, Reykjavík, lést mánudaginn 21. febrúar.

**Stefán Eiríksson**, Aðalbraut 36, Raufarhöfn, lést mánudaginn 21. febrúar.

**Unnur Guðmundsdóttir**, Sunnuhvoli, Stokkseyri, lést mánudaginn 21. febrúar.

**Sigurveig Jóhannesdóttir**, Árskógum 6, Reykjavík, lést þriðjudaginn 22. febrúar.

**Steinunn Jónsdóttir**, Kleppsvegi 62, áður Skipasundi 30, lést þriðjudaginn 22. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jón Eiríksson**, frá Þrasastöðum í Fljótum, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Tryggvi Sverrir Thorarensen**, Bergþórugötu 16, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu.

13.30 **Sigríður Jónsdóttir Trampe**, frá Litla Dal, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Sigfús Guðni Sumarliðason**, frá Ólafsvík, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju.

15.00 **Friðgeir Grímsson**, verkfræðingur, fyrrverandi öryggismálastjóri ríkisins, Hrafnistu Hafnarfirði, áður Sundlaugavegi 24, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.




*Okkar hjartfólgni faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingvar Björnsson**

frá Gafli,

lést 9. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum hlýju og vinsemd.

**Smári Þröstur Ingvarsson, Gréta Alfreðsdóttir, Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, Richardt Svendsen, Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, Þorbergur Leifsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Þórey Ólöf Halldórsdóttir**

Skálateig 1, Akureyri,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 15. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 25. feb. kl. 14.00.

**Halldóra St. Gestsdóttir, Katrín Anna Sigurðardóttir, Sigurður J. Sigurðsson, Margrét Harpa Jónsdóttir, Sólrún Dögg Jónsdóttir, Halldór Árnason, barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Ástkær faðir minn,

**Stefán Eiríksson**

Aðalbraut 36, Raufarhöfn,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 21. febrúar.

**Hildur Rannveig Stefánsdóttir og fjölskylda.**


## TÍMAMÓT: FIMMTUGUR SVÆFINGALÆKNIR

# Rannsakar gagnsemi kælingar sjúklinga

Í byrjun næsta mánaðar verða kynntar síðustu niðurstöður rannsóknar um gagnsemi þess að kæla sjúklinga sem lent hafa í hjartastoppi, en þær sýna að lífslíkur sjúklinga hafa aukist um meira en helming. Meðferðin snýst um að sjúklingum sem misst hafa meðvitund í hjartastoppi er haldið sofandi á meðan líkami þeirra er kældur niður í 32 gráður í einn sólarhring.

Felix Valsson, sérfræðingur í svæfingalækningum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við Hringbraut, fer fyrir hópnum sem unnið hefur rannsóknina. „Við verðum með kynningu á síðu á ársþingi svæfinga- og gjörgæslulækna og skurðlækna 11. og 12. mars. Síðustu niðurstöður sýna að kælingin hefur stórbætt árangur þessa sjúklingahóps, frá því að vera að í kringum 30 prósent lifðu af gjörgæsludvölina, upp í að yfir 75 prósent lifa af,“ segir hann og segir lækna mjög stolta af þessari nýju læknisaðferð. „Við fundum þetta mjög fljótlega. Sjúklingar sem maður vissi í gamla daga að væru vonlausir, koma núna gangandi með konfektkassa til okkar.“



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FELIX VALSSON** Felix Valsson svæfingalæknir sem í dag fagnar fimmtugsafmæli sínu í faðmi fjölskyldunnar kynnir innan skamms nýjustu niðurstöður rannsóknar um gildi þess að kæla sjúklinga sem lent hafa í súrefnisskorti og er hætt við heilaskaða af þeim sökum.

Rannsóknin á gagnsemi kælingar fékk í fyrra 200 þúsund króna styrk frá Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, en hafið var að kæla sjúklinga með þessum hætti í mars/apríl 2002.

„Þetta hefur verið mitt helsta rannsóknarverkefni eftir að ég kom heim úr námi,“ segir Felix, en hann er með doktorspróf frá háskólanum í Gautaborg. Kælimeðferðin hefur nokkrum sinnum komist í hámæli eftir að hafnar voru tilraunir með hana hér. Til dæmis þótti með ólíkindum að unglingur sem lá við drukknun í Breiðholtslaug skyldi ná sér að fullu og svo naut líka skemmtikrafturinn Hermann Gunnarsson góðs af kælimeðferð eftir hjartastopp.

Felix segir ekki að fullu ljóst hvað kælingin gerir. „En hún virðist snúa við og hindra skemmdir sem verða vegna súrefnisskorts til heilans,“ segir hann, en þegar súrefnisflæði stöðvast fara strax eftir fjórar mínútur að verða miklar skemmdir á heilanum sem hingað til hefur verið talið að væru óafturkræfar. „Svo virðast þessar skemmdir halda áfram miklu lengur en maður bjóst við og eru í gangi í marga klukkutíma og jafnvel sólarhringa eftir að áfallið verður.“ Felix segir kælinguna eina merkustu nýjung sem komið hefur fram í gjörgæslumálum síðustu ár og jafnvel áratugi, en núna er henni beitt við alla sjúklinga sem ekki vakna upp af sjálfsdáðum eftir hjartastopp. „Hér á landi hafa núna verið kældir niður yfir 80 sjúklingar,“ segir hann, en eftir meðferðina er fólk hitað upp í hálfan annan sólarhring áður en það er svo vakið úr svæfingu.

Felix segir þó nokkra leggja fyrir sig svæfingalækningar enda sé þar um að ræða afar fjölbreytt starf innan læknisfræðinnar. „Ég er formaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands og í því eru allavega 50 meðlimir. Ætli við séum ekki í kringum þrjátíu starfandi á landinu núna,“ segir hann og telur góða endurnýjun í faginu. „Það er alltaf fólk í útlöndum að læra fagið. Þetta er ein af allra skemmtilegustu sérgreinum læknisfræðinnar, tel ég, en ég er auðvitað svolítið litaður.“ Að sögn Felix sjá svæfingalæknar alfarið um gjörgæslu sjúkrahúsanna. „Við komum því að öllum bráðaatvikum, gjörgæslu og sjáum um veikustu sjúklingana á sjúkrahúsunum.“ Hin hliðin á starfinu segir hann svo vera þjónustu við fólk á leið í aðgerð, svo sem umsjá svæfinga og deyfinga. „Svo kemur þar inn í alls konar verkjameðferð, til dæmis fyrir konur í fæðingu, þannig að starfið er mjög fjölbreytt.“ ■

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1304 Ibn Battuta, arabískur landkönnuður.

1463 Giovanni Pico della Mirandola, heimspekingur.



**1619 Charles Le Brun, listmálari.**

1786 Wilhelm Grimm, rithöfundur.

1852 George Augustus Moore, rithöfundur.

1887 Mary Ellen Chase, fræðikona og rithöfundur.



**1922 Steven Hill, leikari.**

1934 Bettino Craxi, fyrsti forsætisráðherra sósíalista á Ítalíu.

1938 James Farentino, leikari.

1945 Alain Prost, kappakstursökumaður.

1945 Barry Bostwick, leikari.

1947 Edward James Olmos, leikari.

1951 Debra Jo Rupp, leikkona.

1951 Helen Shaver, leikkona.



**1959 Beth Broderick, leikkona.**

1964 Todd Field, leikari og leikstjóri.



**1966 Billy Zane, leikari.**



**1973 Oscar de la Hoya, hnefaleikakappi.**

## AFMÆLI



**Gunnar Eyjólfsson** leikari er 79 ára í dag.



**Engilbert Jensen** söngvari er 64 ára í dag.

**Ingimundur Gíslason** augnlæknir er sextugur í dag.

**Bolli Þór Bollason**, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, er 58 ára í dag.

**Valgerður Magnúsdóttir** sálfræðingur er 56 ára í dag.

## LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu í myndatexta á tímamótasíðunni í gær að nýr formaður Félags eldri borgara var rangfeðraður. Hún heitir Margrét og er Margeirsdóttir. Hún tekur við formennsku í félaginu af Ólafi Ólafssyni, fyrrum landlækni.

# Tilboðsdagar SAMSUNG



Plasma-sjónvörp:

**PS42S4S**

**Skjástærð: 42", 16:9 - Breiðtjalds**
Upplausn: 852 x 480
Birta: 1000 cd/m2
Skerpa: 3000:1
Mynd í mynd
Tengi: RF, 2 x Component, RCA, DVI, PC, 3 scart, S-Video
Valið "Testvinnare í Hemmabio magasinet 8:2004"
Aukabúnaður á mynd: Borðstandur

Verð: **439.900**



**50" DLP sjónvarp**
HDTV ready
1280 x 720 upplausn
DNIe myndleiðrétting
Skerpa: 2500:1
Mynd í mynd
Íslenskt textavarp, 2000 síðna minni
Tengi: RF, Component, PC, HDMI,

Verð: **599.900**

**PS42V4S**



**Skjástærð: 42", 16:9 - Breiðtjalds**
Upplausn: 852 x 480
Birta: 1000 cd/m2
Skerpa: 3000:1
Tengi: RF, Component, RCA, DVI, 2 scart, S-Video

Verð: **299.900**

LCD sjónvörp

**LW15M23C**



**Skjástærð: 15", 4:3**
Upplausn: 1280 x 1024
Birta: 450 cd/m2
Skerpa: 400:1
Tengi: RF, scart

Verð: **69.900**

**LW17M24C**

**Skjástærð: 17", 4:3**
Upplausn: 1280 x 1024
Birta: 350 cd/m2
Skerpa: 400:1
Tengi: RF, scart

Verð: **89.500**

**LW20M21C**

**Skjástærð: 20", 4:3**
Upplausn: 640 x 480
Birta: 450 cd/m2
Skerpa: 500:1
Tengi: RF, scart

Verð: **99.900**

**LE26A41**



**Skjástærð: 26", 16:9 - Breiðtjalds**
Upplausn: 1280 x 768
Birta: 500 cd/m2
Skerpa: 600:1
Tengi: RF, RCA, DVI, 2 scart, S-Video

Verð: **199.000**



imago

**LW26A33W**

**Skjástærð: 26", 16:9 - Breiðtjalds**
Upplausn: 1280 x 768
Birta: 500 cd/m2
Skerpa: 600:1
Tengi: RF, Component, RCA, DVI, 2 scart, S-Video

Verð: **229.900**





**SAMSUNG sjónvarp**

**29" flatur skjár**
Íslenskt textavarp
2 scart tengi
RCA tengi á hlið

50 Hz: **49.900**
100 HZ: **69.900**

**SAMSUNG breiðtjaldssjónvarp**

**32" flatur skjár**
Íslenskt textavarp
2 scart tengi
RCA tengi á hlið:

50 Hz: **79.900**
100 Hz: **84.900**

**SV-DVD-P142**
Spilar DVD/SVCD/VCD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-RJPEG/WMA/MP3
Getur spila öll kerfi

Verð: **9.995**



**SAMSUNG**

**SV-DVD440**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3 • 6 hausa stereotæki
Spilar öll svæði

Verð: **24.900**



**SAMSUNG**

**SV-DVD640**
**Sambyggt myndbandstæki/DVD**
Spilar DVD/DVD-R/DVD-RW/CD/CD-R/JPEG/WMA/MP3 • Spilar DivX
6 hausa stereotæki
Spilar öll svæði



Verð: **29.900**

**VPD-33i**
**Mini DV myndbandstökuvél**
10 x Optical Zoom
/ 800 x Digital zoom
Myndamöguleiki á Memory stick
DV inn/út - Firewire
Næturstilling

Verð: **59.900**



**VPD-31i**
**Mini DV myndbandstökuvél**
10 x Optical Zoom
/ 800 x Digital zoom
DV út
Næturstilling

Verð: **49.900**

**RS21DDSV**
**Hvítur kælir**
**Frystir með klakavél**
Samsung er eini tvöfaldi kæli- og frystiskápurinn með tvö aðskilin kerfi. Blástur er bæði í kæli og frysti sem gerir það að verkum að frystirinn hrímir ekki.
Samsung skápar eyða að lágmarki 25% minna rafmagni en sambærilegir skápar
Orkunotkun A

Tilboðsverð kr. **159.900**



Einnig til í Stáli og Áli

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON SMÁRALIND

RADIONAUST

Umboðsmenn um land allt

Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

# sport

sport@frettabladid.is

**Við vorkennum...**

... Eiði Smára Guðjohnsen sem sat á varamannabekknum hjá Chelsea fyrstu sjötíu og fimm mínútur leiksins gegn Barcelona í gærkvöld jafnvel þótt Jose Mourinho, knattspyrnustjóri liðsins, hefði tilkynnt að hann yrði í byrjunarliðinu daginn fyrir leik. Eiður Smári kom inn á sem varamaður á 75. mínútu og komst aldrei í takt við leikinn.



*„Þetta var alls ekki mikill hasar og það var hlægilegt af Hlyni að gefa krossinn út af þessu.“*

***Haraldur Þorvarðarson, línumaður Selfyssinga, fékk krossinn í leik Selfoss og Stjörnunnar á föstudaginn og var fyrir vikið dæmdur í þriggja leikja bann***

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

21 22 23 **24** 25 26 27

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.00 **ÍR** og **Fylkir** mætast í Egilshöll á Reykjavíkurmóti kvenna í knattspyrnu.
- ☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Keflavík** eigast við Borgarnesi í Intersportdeild karla í körfuknattleik.
- ☐ 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Haukar** eigast við í Hveragerði í Intersportdeild karla í körfuknattleik.
- ☐ 19.15 **KR** og **ÍR** eigast við í DHL-höllinni í Intersportdeild karla í körfuknattleik.
- ☐ 19.15 **UMFN** og **Tindastóll** eigast við í Njarðvík í Intersportdeild karla í körfuknattleik.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **Fjölnir** eigast við í Stykkishólmi í Intersportdeild karla í körfuknattleik.
- ☐ 20.00 **Stjarnan** og **Keflavík** mætast á Stjörnuvelli á Faxaflóamóti kvenna í knattspyrnu.
- ☐ 20.00 **FH** og **ÍA** mætast á Kaplakrikavelli á Faxaflóamóti kvenna í knattspyrnu.

### SJÓNVARP

- ☐ 16.45 **Handboltakvöld** á Rúv.
- ☐ 18.30 **World Football Show** Fótbolti um víða veröld á Sýn.
- ☐ 19.00 **Inside the US PGA Tour** Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- ☐ 19.30 **European PGA Tour** Evrópska mótaröðin í golfi á Sýn.
- ☐ 20.30 **Þú ert í beinni** á Sýn.
- ☐ 21.30 **Íslandsmótið í bekkpressu** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 23.15 **Þú ert í beinni** á Sýn.

# Eto'o stóð við stóru orðin

**Kamerúnski framherjinn Samuel Eto'o hjá Barcelona var með stórkarlalegar yfirlýsingar fyrir leikinn og stóð undir þeim með sigurmarki leiksins gegn tíu manna Chelsea-liði á Nou Camp í meistaradeildinni í gærkvöld.**

**FÓTBOLTI** Barcelona bar sigurorð af Chelsea, 2–1, í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum meistaradeildarinnar á Nou Camp í gærkvöld. Leikmenn Barcelona voru mun sterkari aðilinn í leiknum og það bætti ekki úr skák að liðið þurfti að spila einum manni færri síðustu 35 mínútur leiksins.

Barcelona byrjaði leikinn af krafti og bæði Ronaldinho og Samuel Eto'o fengu góð færi á fyrstu fjórum mínútum leiksins sem þeim tókst ekki að nýta. Barcelona hafði mikla yfirburði og fyrsta hálftímann virtist aðeins vera tímaspursmál hvenær heimamenn skoruðu fyrstu markið.

Það var því eins og köld vatnsgusa framan í leikmenn Barcelona þegar Chelsea komst yfir á 33. mínútu. Frank Lampard átti þá frábæra sendingu inn fyrir vörn Barcelona þar sem Damien Duff var á auðum sjó. Duff sendi boltann fyrir markið þar sem brasilíski bakvörðurinn Julio Belletti varð fyrir því óláni að setja boltann í eigið mark. Leikmenn Barcelona virtust vera slegnir út af laginu því mínútu síðar fékk Didier Drogba, sem var í byrjunarliði Chelsea í stað Eiðs Smára Guðjohnsen, dauðafæri sem honum tókst ekki að nýta. Leikmenn Chelsea réðu lögum og lofum á vellinum það sem eftir lifði hálfleiksins en náðu ekki að auka muninn.

Það dró til tíðinda þegar ellefu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik. Þá fékk Didier Drogba, framherji Chelsea, sitt annað gula spjald og rautt í framhaldinu. Við það fóru leikmenn Chelsea í skotgrafirnar og héldu leikmenn Barcelona uppi mikilli pressu að marki Chelsea. Sú pressa bar árangur á 67. mínútu þegar varamaðurinn Maxi Lopez jafnaði metin eftir góðan undirbúning hjá Samuel Eto'o og Ronaldinho. Kamerúnski framherjinn Samuel Eto'o, sem var með miklar yfirlýsingar fyrir leikinn, stóð síðan við stóru orðin sex mínútum síðar þegar hann kom Barcelona yfir með fallegu marki. Hann skaust á milli John Terry og Ricardo Carvalho og sendi boltann í netið framhjá Petr Cech, markverði Chelsea eftir að Lopez hafði sent boltann inn í teiginn.



**SAMUEL ETO'O VAR HETJA BARCELONA** Kamerúnski framherjinn sést hér fagna sigurmarki sínu gegn Chelsea í gærkvöld.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður þegar stundarfjórðungur var til leiksloka fyrir Damien Duff en náði ekki að setja mark sitt á leikinn enda erfitt þar sem Chelsea lagði litla áherslu á sóknarleikinn síðustu fimmtán mínútur leiksins.

Barcelona sótti stíft undir lokin en tókst ekki að bæta við mörkum.

Leikmenn Chelsea geta prísað sig sæla að sleppa með eins marks tap frá Nou Camp og eru í góðri stöðu fyrir síðari leikinn á Stamford Bridge eftir tvær vikur.

**oskar@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu*

| BARCELONA–CHELSEA | 2–1 |
|---|---|

0–1 Juliano Belletti, sjálfsm. (33.), 1–1 Gaston Maxi Lopez (67.), 2–1 Samuel Eto'o (73.).

| MAN. UTD–AC MILAN | 0–1 |
|---|---|

0–1 Hernan Crespo (79.).

| WERDER BREMEN–LYON | 0–3 |
|---|---|

0–1 Sylvain Wiltord (9.), 0–2 Mahamadou Diarra (78.), 0–3 Juninho Pernambucano (80.)

| PORTO–INTERNAZIONALE | 1–1 |
|---|---|

0–1 Obafemi Martins (24.), 1–1 Ricardo Costa (62.)

### *1. deild kvenna í körfu*

| GRINDAVÍK–HAUKAR | 55–77 |
|---|---|

**Stig Grindavíkur:** Ólöf Helga Pálsdóttir 16, Erla Þorsteinsdóttir 10, Erla Reynisdóttir 9, Sólveig Gunnlaugsdóttir 9.

**Stig Hauka:** Helena Sverrisdóttir 22 (16 fråk., 9 stoðs.), Ebony Shaw 20 (8 fråk.), Pálína Gunnlaugsdóttir 10, Kristrún Sigurjónsdóttir 7.

| KEFLAVÍK–ÍS | 71–68 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** Alex Stewart 23, Anna María Sveinsdóttir 17, María Ben Erlingsdóttir 13, Birna Valgarðsdóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 5 (9 fråk.), Rannveig Randversdóttir 4 (8 fråk.)

**Stig ÍS:** Angel Mason 19 (11 fråk.), Stella Rún Kristjánsdóttir 16, Signý Hermannsdóttir 14 (15 fråk.), Alda Leif Jónsdóttir 9, Þórunn Bjarnadóttir 8.

| NJARÐVÍK–KR | 77–52 |
|---|---|

**Stig Njarðvíkur:** Jamie Woudstra 17 (10 fråk.), Ingibjörg Elfa Vilbergsdóttir 16, Margrét Kara Sturludóttir 10, Emma Hanna Einarsdóttir 9, Vera Janjic 8.

**Stig KR:** Hanna Kjartansdóttir 14, Gréta María Grétarsdóttir 10, Sigrún Skarphéðinsdóttir 7, Helga Þorvaldsdóttir 6.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **18** | **15** | **3** | **1435–1142** | **30** |
| GRINDAVÍK | 18 | 12 | 6 | 1109-1092 | 24 |
| **ÍS** | **18** | **10** | **8** | **1168–1099** | **20** |
| HAUKAR | 18 | 9 | 9 | 1210–1238 | 18 |
| **NJARÐVÍK** | **18** | **6** | **12** | **1101–1169** | **12** |
| KR | 18 | 2 | 16 | 1044-1330 | 4 |

### *Danski handboltinn*

| SKJERN–ÅRHUS GF | 28–23 |
|---|---|

**Jón Þorbjörn Jóhannsson** skoraði fimm mörk og **Ragnar Óskarsson** skoraði fjögur mörk fyrir Skjern en **Róbert Gunnarsson** skoraði þrjú mörk fyrir Århus.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla*

| ÍBV–ÞÓR AK. | 29–30 |
|---|---|

**Mörk ÍBV:** Samúel Ívar Árnason 6/2, Kári Kristján Kristjánsson 5, Davíð Þór Óskarsson 4, Robert Bognar 4, Zoltan Belanyi 3, Sigurður Ari Stefánsson 2, Svavar Vignisson 2, Sigurður Bragason 1, Grétar Eyþórsson 1, Tite Kalandaze 1.

**Mörk Þórs Ak.:** Bjarni Gunnar Bjarnason 7, Árni Þór Sigtryggsson 5, Aigars Lazdins 4, Cedric Åkerberg 3, Goran Gusic 3, Sindri Haraldsson 3, Sindri Viðarsson 2, Elvar Alfreðsson 2, Sigurður B. Sigurðsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HK | 9 | 6 | 0 | 3 | 290-266 | 12 |
| **HAUKAR** | **9** | **5** | **1** | **3** | **285-268** | **11** |
| KA | 9 | 4 | 2 | 3 | 271-270 | 10 |
| **ÍR** | **9** | **5** | **0** | **4** | **281-275** | **10** |
| VALUR | 9 | 4 | 0 | 5 | 233-249 | 8 |
| **ÞÓR AK.** | **9** | **4** | **0** | **5** | **256-278** | **8** |
| ÍBV | 9 | 3 | 1 | 5 | 269-264 | 7 |
| **VÍKINGUR** | **9** | **3** | **0** | **5** | **245-260** | **6** |

### *Þýski handboltinn*

| WILHELMSHAVENER–KIEL | 32–42 |
|---|---|

**Gylfi Gylfason** skoraði ekki fyrir Wilhelmshavener.

| **POST SCHWERIN–PFULLINGEN** | **22–23** |
|---|---|
| ESSEN–HAMBURG | 30–25 |

**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði sjö mark fyrir Essen.

| **MINDEN–GÖPPINGEN** | **22–26** |
|---|---|

**Patrekur Jóhannesson** skoraði eitt mark fyrir Minden en **Jaliesky Garcia** skoraði þrjú mörk fyrir Göppingen. **Andrius Stelmokas**, fyrrum línumaður KA, skoraði fjögur mörk fyrir Göppingen.

| LÜBBECKE–WETZLAR | 27–27 |
|---|---|

**Róbert Sighvatsson** skoraði tvö mörk fyrir Wetzlar.

| **DÜSSELDORF–GROSSWALLSTADT** | **26–26** |
|---|---|

**Alexander Petersson** skoraði fimm mörk fyrir Düsseldorf og **Einar Hólmgeirsson** skoraði fimm mörk fyrir Grosswalstadt.

| LEMGO–NORDHORN | 31–27 |
|---|---|

**Logi Geirsson** skoraði níu mörk fyrir Lemgo og var markahæstur í liðinu.

Framlag íslenskra og erlendra leikmanna í Intersportdeild karla í körfubolta er mismikið og mismikilvægt:

# Mikilvægi Sævars Inga hjá Haukum er mest

**KÖRFUBOLTI** Tölfræði körfuboltans er margvísleg og gefur mönnum margskonar upplýsingar um frammistöðu leikmanna í Intersportdeild karla. Það er enginn einn tölfræðiþáttur sem nær yfir mikilvægi leikmanna fyrir sín lið. Framlagsjafna NBA-deildarinnar metur heildarframlag leikmanna til síns liðs en það þarf þó ekkert að hafa bein tengsl við gengi liðsins.

Fréttablaðið hefur hins vegar fundið leið til að meta mikilvægi leikmanna með því að skoða gengi liðanna þegar leikmenn skila góðum leikjum (yfir 20 í framlagi) í samanburði í gengi liðsins þegar þeir eiga lakari leiki (undir 20 í framlagi). Menn verða að hafa skilað að minnsta kosti fjórum leikjum yfir 20 í framlagi til þess að komast á listann.

Það er hinn 21 árs gamli fyrirliði Haukanna, Sævar Ingi Haraldsson, sem er efstur á blaði þegar þessi mælikvarði á mikilvægi leikmanna er skoðaður. Sævar Ingi hefur skorað 12,7 stig og gefið 6,9 stoðsendingar að meðaltali og er með meðalframlag upp á 16,3 stig hjá Haukunum í vetur. Sævar Ingi hefur verið yfir 20 stig í framlagi í sex leikjum og Haukarnir hafa unnið fimm þeirra (83,3%) en í þeim leikjum sem Sævar Ingi hefur ekki náð framlagi sínu upp í 20 stig þá hafa aðeins 2 af 13 leikjum unnist hjá Haukum (15,4%). Hér munar 67,9% á gengi liðsins.

Friðrik Stefánsson hefur einnig veigamiklu hlutverki að sinna hjá Njarðvík og liðið hefur þannig unnið 10 af 11 leikjum þar sem hann hefur náð yfir 20 í framlagi (90,9%) en aðeins 37,5% leikjanna (3 af 8) hafa unnist þegar Friðrik Stefánsson er undir meðallagi en hann er með 13,6 stig, 9,7 fráköst og 2,7 varin skot að meðaltali í leik í vetur.

Darrel Lewis hefur gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna hjá Grindavík en liðið hefur tapað öllum þremur leikjunum sem hann hefur ekki náð yfir 20 í framlagi en hann er með 27,8 stig, 7,9 fráköst og 5,2 stoðsendingar að meðaltali í leik til þessa í vetur.

Fjórði maðurinn sem er í sérflokki á þessum lista er Marvin Valdimarsson hjá Hamri/Selfoss en hann hefur leikið mjög vel í vetur og framlag hans skiptir liðið miklu máli. Það munar þannig 48,3% á sigurhlutfalli liðsins hvort hann nær yfir 20 í framlaginu eða ekki en Marvin er með 13,9 stig að meðaltali og hefur nýtt 52% skota sinna og 83% vítanna.

Hjá erlendu leikmönnunum er mikilvægi Darrel Flake gríðarlega mikið, liðið hefur ekki unnið leik í þau þrjú skipti sem hann hefur farið undir 20 í framlagi en 75% hinna leikjanna sextán. Félagi Flake hjá Fjölni Nemanja Sovic er í þriðja sætinu en á milli þeirra er nýi Kaninn hjá Skallagrími George Byrd sem hefur styrkt liðið með komu sinni.

Það vekur þó mikla athygli að frammistaða Kananna hjá toppliði Keflavíkur hefur lítið með gengi liðsins að gera, Keflavíkurliðinu gengur betur í þeim leikjum þar sem Anthony Glover (-27,3%) og Nick Bradford (-15,4%) eru að gera minna sem sýnir kannski enn frekar hversu breidd liðsins er Keflvíkingum mikils virði. **-óój**

**MIKILVÆGASTIR:**

| Íslenskir leikmenn | |
|---|---|
| Sævar I. Haraldsson, Haukum | +67,9% |
| **Friðrik Stefánsson, Njarðvík** | **+53,4%** |
| Darrel Lewis, Grindavík | +50% |
| **Marvin Valdimarss., Ham./Self.** | **+48,3%** |
| Páll Axel Vilbergss., Grindav. | +35,9% |
| **Brenton Birmingh., Njarðvík** | **+27,4%** |
| Ómar Sævarsson, ÍR | +21,7% |
| **Magnús Þ. Gunnarss., Keflav.** | **+21,4%** |
| Eiríkur Önundarson, ÍR | +17,9% |
| **Pétur Már Sigurðsson, KFÍ** | **+17,9%** |
| **Erlendir leikmenn** | |
| Darrel Flake, Fjölni | +75% |
| **George Byrd, Skallagrími** | **+42,9%** |
| Nemanja Sovic, Fjölni | +41,7% |
| **Damon Bailey, Hamar/Selfoss** | **+41,2%** |
| Clifton Cook, Skallagrími | +38,6% |



**MIKILVÆGASTI MAÐURINN** Sævar Ingi Haraldsson hjá Haukum hefur skilað stóru hlutverki með mikilli prýði í vetur, auk 12,7 stiga og 6,9 stoðsendinga að meðaltali þá munar það öllu fyrir liðið að hann eigi góðan leik.



**HANDKNATTLEIKSDÓMARINN HLYNUR LEIFSSON** Sýndi tveim leikmönnum krossinn í leik Selfoss og Stjörnunnar. Leikmaður Selfoss segir það hafa verið fáranlega ákvörðun. Fréttablaðið/E.Ól.

Haraldur Þorvarðarson, sem leikur með Selfossi í 1. deildinni, er ekki sáttur við Hlyn Leifsson dómara:

# Fáranlegt að mínu mati að sýna krossinn

**HANDBOLTI** Hlynur sýndi krossinn undir lok leiksins er Haraldur braut gróflega á Vilhelm er hann reyndi að byrja sókn hjá Stjörnunni. Vilhelm svaraði fyrir sig með því að slá til Haraldar, sem svaraði í sömu mynt að sögn Hlyns.

Krossinn sem um ræðir er bein brottvikning úr leik og ber eingöngu að nota þegar ofbeldi á sér stað. Þegar Hlynur sýndi Haraldi og Vilhelmi krossinn hafði það ekki gerst í tæp fimm ár.

Síðastur á undan Hlyni til að nota krossinn var félagi hans Anton Gylfi Pálsson sem sýndi Alex Trúfan krossinn 26. mars árið 2000 en þá kýldi Trúfan línumann HK, Alexander Arnarsson. Haraldur segir að ekki hafi verið nein ástæða hjá Hlyni að beita krossinum í þessu tilviki.

„Ég keyrði í Villa, stoppaði hann og svo rann leiktíminn út. Hann var náttúrlega svekktur og sló eitthvað aðeins til mín. Þetta var alls ekkert mikill hasar og það var hlægilegt hjá Hlyni að gefa krossinn út af þessu,“ sagði Haraldur en hann fékk þriggja leikja bann þar sem hann var kominn með fimm refsistig fyrir.

**REFSINGAR EFTIR LEIKINN:**
Haraldur Þorvarðarson, Selfossi 3 leikir
Vilhelm Sigurðsson, Stjörnunni 1 leikur

Vilhelm var ekki kominn með nein refsistig fyrir og fékk því aðeins eins leiks bann. Leikmenn fá átta refsistig fyrir krossinn en tíu þarf til að fá þriggja leikja bann.



**HARALDUR ÞORVARÐARSON**

„Vissulega hefði framkoma mín verðskuldað rautt spjald en ekki krossinn,“ sagði Haraldur, sem neitar því staðfastlega að hafa kýlt Vilhelm.

Í skýrslu dómara eftir leikinn kemur fram að Haraldur hafi slegið Vilhelm og því hafi hann fengið krossinn. „Vilhelm kýldi mig ekki einu sinni heldur. Hann ýtti boltanum eitthvað í mig en það var ekkert alvarlegt,“ sagði Haraldur sársvekktur.

Það var mikil umræða um krossinn í kjölfar atviksins með Roland Eradze og margir setja samasemmerki á milli þeirrar umræðu og krossanna tveggja sem Hlynur gaf í síðustu viku.

Telur Haraldur að Hlynur hafi verið smitaður af þeirri umræðu?

„Það hlýtur að vera því hann er fínn dómari og einn sá besti og reynslumesti í dag. En það var fáranlegt að mínu mati að gefa krossinn í þessu tilviki,“ sagði Haraldur Þorvarðarson.

henry@frettabladid.is

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Lið Chicago Bulls er heldur betur að gera góða hluti í NBA-deildinni í körfuknattleik um þessar mundir og í fyrrinótt gerðu ungu bolarnir sér lítið fyrir og skelltu sjóðheitu liði Miami Heat. Miami hafði fyrir leikinn verið á mikilli sigurgöngu, en varð að játa sig sigraðan fyrir ungu liði Chicago með **Ben Gordon** fremstan í flokki, en hann skoraði 29 stig í leiknum, sem fór í framlengingu og endaði 105-101 fyrir Bulls.



Hollendingurinn **Dennis Bergkamp** hjá Arsenal hefur verið dæmdur í þriggja leikja keppnisbann eftir að enska knattspyrnusambandið hafnaði áfrýjun hans á rauða spjaldinu sem hann fékk í bikarleik gegn Sheffield United á dögunum, fyrir að slá til andstæðings síns. Nokkrum þótti þetta nokkuð strangur dómur og **Bergkamp** hefur sagt að hann hafi aldrei ætlað sér að slá til mótherja síns, en enska knattspyrnusambandð var á öðru máli í þetta sinn.

**Michael Owen** er sagður vera í sigtinu hjá **Graeme Souness**, knattspyrnustjóra Newcastle, og er talið að hann muni reyna allt hvað hann getur til að lokka **Owen** aftur til Englands. Framherjinn ungi segist upp með sér að vera sýndur þessi áhugi, en tekur fram að hann sé sáttur hjá Real Madrid og að hann vilji hvergi annars staðar vera. Mörg lið hafa sýnt honum áhuga, því talið var að hann væri ósáttur við að fá ekki að spila meira hjá spænska liðinu.



**Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, segir að frammistaða liðs síns í fyrri leiknum gegn Bayern München í fyrrakvöld hafi verið versta frammistaða liðsins í Evrópukeppni síðan hann tók við liðinu. „Það koma góðir og slæmir dagar í fótboltanum og þarna hittum við á einn slæman. Ég gæti alveg farið að gráta yfir því, en lífið heldur áfram,“ sagði **Wenger**, sem segist enn hafa fulla trú á liði sínu.

Forráðamenn Williams-liðsins í Formúlu 1 kappakstrinum hafa spáð því að nýliðar Red Bull, með fyrrum Williams-ökumanninn David Coulthard í fararbroddi, muni koma öllum á óvart á komandi tímabili og ná að stríða stóru liðunum umtalsvert. Þessa skoðun sína byggja þeir á frammistöðu Red Bull á undirbúningstímabilinu, þar sem hinn skoski Coulthard hefur ekið mjög vel fyrir liðið.

**Bernard Hopkins** komst í einstakan hóp manna um helgina þegar hann varði titil sinn í millivigt í boxi í 20. sinn. Aðeins sex menn í sögu hnefaleikanna hafa varið titil sinn oftar en **Hopkins**, sem er enn í fullu fjöri þrátt fyrir að vera orðinn fertugur. Það þykir honum ekki síður til tekna að hann hefur yfirleitt barist við bestu andstæðinga sem í boði hafa verið, meðan aðrir titilhafar velja sér lægra skrifaða andstæðinga til að halda beltum sínum sem lengst.






UNLEASH THE POWER WITHIN!




Fjögurra daga ofurnámskeið með hvatningarþjálfaranum og metsöluhöfundinum Anthony Robbins í London 6.-9. maí 2005.

Nánari upplýsingar og skráning á **www.changeyourlife.is** eða í síma 699-6617 & 517-5171.







# STUÐ MILLI STRÍÐA | Er ofbeldi fyndið?

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR HEIMILISOFBELDI



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Í heimsfréttum undanfarið hefur heyrst af konu nokkurri í Alaska sem tók heldur fálega í hugmyndir kærasta síns um að þau myndu slíta samvistum. Reyndar reiddist hún svo að hún brá sér inn í eldhús, fann þar hníf og notaði hann til að skera hluta kynfæra kærastans undan honum. Tók hún svo afskorinn liminn og sturtaði niður í klósettinu. Björgunarmönnum tókst þó að finna liminn aftur og var hann saumaður aftur á. Hefur þessi saga þótt merkileg og það er ekki frá því að fjölmiðlar hafi endurbirt söguna sem „skrýtna frétt“ dagsins.

Bobbit, sem lenti í svipuðum hremmingum fyrir einhverjum árum, hefur verið endurvakinn í tilefni fréttarinnar. Það hefur verið rifjað upp hvernig tókst að sauma liminn á aftur, svo vel Bobbit fékk hlutverk til að leika í fullorðinsmyndum. Væntanlega ekki vegna þess hve vel vaxinn hann var eða kynþokka síns heldur einvörðungu vegna þess að hann var frægur fyrir að skorið var undan honum.

Oftast ríkir þögn um heimilisofbeldi sem karlar verða fyrir. Talað er um heimilsofbeldi sem konur verða fyrir, sem reyndar er mun algengara, en slíkar fréttir breytast ekki í skemmtiefni og ekki er fjallað um hvert atvik.

Þótt flokkun mín sé gróf, hef ég eiginlega komist að þeirri niðurstöðu að ofbeldi gegn körlum flokkist sem skemmtiefni. Ofbeldi gegn konum birtist sem tölfræði.

Við skríkjum ekki eða hendum gaman af því þegar konur ganga undir þvílíka misþyrmingu sem umskurður er. Þó hlýtur það að teljast ofbeldisverk gegn kynfærum kvenna á sama hátt og þegar limir karla eru skornir af.

Hugsanlega eru konurnar sem verða fyrir heimilisofbeldi af hverju tagi of margar til að segja frá einstöku tilviki, sem útskýrir af hverju þær birtast okkur í tölum. Það sem virðist vera fátíðni þess að konur skeri undan mönnum skýrir hins vegar engan veginn af hverju slíkt á að teljast fyndið. ■


**Jóga í Garðabæ**

Framhaldstímar mánud. og miðvikud. kl. 18.00-19.15
Byrjendatímar mánud. og miðvikud. kl. 19.30-20.45

**Kennari er Anna Ingólfsdóttir Kripalu jógakennari**
**Uppl. og skráning í símum 565 9722 og 893 9723**




# myndasögur

## ■ PONDUS

Eftir Frode Överli




## ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB









## ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell









## ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



TÓNLIST

# Með nýja plötu í maí

Noel Gallagher, forsprakki Oasis, hefur staðfest að fyrsta plata sveitarinnar í þrjú ár sé tilbúin. Hún kemur út 26. maí og mun hugsanlega heita The Ear Has No Memory.

Gallagher segir að síðasta ár hafi verið erfitt fyrir Oasis. „Ekki vegna þess að allir voru eitthvað niðurlútnir heldur vegna þess að þegar við héldum að við værum komnir á endalínuna var ekki þess virði að gefa plötuna út,“ sagði hann.

Mikill vandræðagangur hefur verið með plötuna. Upphaflega átti hljómsveitin Death in Vegas að stjórna upptökunum en hætt var við það. Síðan átti platan að koma út síðasta sumar en ekkert varð úr því. Ástæðan var talin slök frammistaða sveitarinnar á Glastonbury-hátíðinni. ■



**OASIS** Nýja platan kemur út 26. maí að sögn Noels Gallagher.

# Hvernig er þetta hægt?

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Lendið þið einhvern tímann í því að sjá, heyra eða upplifa eitthvað svo fullkomið að það er erfitt að halda aftur af tárunum? Nei, þetta kemur ekki oft fyrir mig heldur, en eftir að hafa rennt þessari nýju breiðskífu The Mars Volta í gegn nokkrum sinnum er mér næst að ná í vasaklútinn.

Frumraun afróhausanna í The Mars Volta var ekki bara mögnuð, hún var alveg stórkostleg. Það var því gífurleg eftirvænting að heyra fylgifisk hennar og ég veit ekki alveg hvað ég á að segja ykkur annað en þetta er ein magnaðasta plata sem ég hef heyrt um ævina.

Þeir félagar Cedric Bixler söngvari og Omar Rodriguez-Lopez eru að toppa sjálfa sig í tjáningu og flutningi. Lagið L'Via L'Viaquez er til dæmis fullkominn sambræðingur níðþungs sýrurokks og kúbverskrar djasstónlistar, ótrúlegt en satt. Þetta er alls ekkert léttmeti og margir sem eiga eflaust ekki eftir að ná að tengja sig við spunatengt rokkið og Santana-legu gítarsólóin. Aðdáendur At the Drive-in vita að hverju þeir geta átt von á varðandi kraft og flutning, en þeir félagar eru komnir í annað sólkerfi hvað útsetningar og lagasmíðar varðar.

Töfrar tónlistarinnar eru þannig að það er ómögulegt að hlusta á plötuna án þess að hún framkalli nokkrar bíómyndir í höfðinu á manni. Cedric Bixler hefur aldrei sungið jafn fallega, held bara að hann sé endanlega búinn að taka við af Chet Baker sem uppáhaldssöngvari í minni bók. Tjáning hans og textagerð í Miranda that Ghost Just Isn't Holy Anymore gæti framkallað gæsahúð á sólarströnd, í hitabylgju.

Öll platan er samtengt, sum lög ná allt upp í 30 mínútur að lengd þannig að þetta er ekki plata til að kynna sér í bútum. Ef þið getið ómögulega séð af 70 mínútum af lífi ykkar fyrir þessa hljóðveislu, vinsamlegast haldið ykkur þá fjarri. Bylgjan myndi frekar byrja með blóðfórnir á dagskrárgerðamönnum sínum í beinni en að spila þessa tónlist.

Ef ég næ svo að sjá þessa sveit á tónleikum áður en ég dey á ég eftir að kveðja þennan heim með eitt stærsta sólheimaglott sem sögur fara af. Er hægt að gera betri rokkplötur en The Mars Volta gerir? Ef svo er, vinsamlegast látið mig vita.

**Birgir Örn Steinarsson**



**THE MARS VOLTA**

FRANCIS THE MUTE

**NIÐURSTAÐA:** The Mars Volta nær að gera það eina sem þeir áttu ekki að geta gert, að toppa frumraun sína. Francis the Mute er epískur sambræðingur níðþungs sýrurokks, mariachi, kúbudjass og spuna. Gæsahúð frá upphafi til enda.

# Ágætur Vínyll

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Það hefur verið erfitt að átta sig á hljómsveitinni Vinyl undanfarin ár. Hún hóf störf árið 1997 og eftir að hafa spilað í nokkurn tíma án þess að gefa út plötu fór hún í pásu.

Fyrir tveimur árum fór sveitin síðan aftur á stjá og hófst þá vinnan við þennan frumburð, LP, sem nýverið kom út eftir átta ára bið. Um helmingur laganna hefur heyrst áður fyrir nokkru síðan og því kemur svo sem lítið á óvart á þessari plötu. Tónn Vinyls er frekar gamaldags, eins og nafn plötunnar gefur til kynna, og byggir mikið á grunni eldri rokksveita. Svolítið það sem hefur verið í tísku úti í heimi að undanförnu. Lögin eru mörg hver heldur þunglamaleg í uppbyggingu en stór hluti þeirra batnaði við hverja hlustun. Helst truflaði það að stundum reyndi söngvarinn að hljóma svalari en nauðsynlegt var.

Bestu lögin voru þau tvö fyrstu, Nobody' s Fool og Miss Iceland. Fínir rokkarar þar á ferð, sér í lagi það fyrrnefnda. Devil's Old Hole, sem er undir greinilegum áhrifum frá Murder Ballads eftir Cave, var einnig ágætt, sem og hið stutta en fagra Head Hunter.

Hið hæga Lost in My Mind heillaði aftur á móti ekki en það næsta á eftir, Find My Face a Place, var meira upplífgandi með kröftugu viðlagi. Who Gets the Blame var einnig hressilegt; í Strokes- og Velvet Underground-stílnum. Lokalagið, Every Dreamer's Nightmare, var síðan ágætt með sterku viðlagi.

LP er nokkuð góð rokkplata sem tekst þó ekki að kveikja í manni neista. Til þess vantar fyrst og fremst meiri frum- og léttleika.

**Freyr Bjarnason**




**VINYL**

LP

**NIÐURSTAÐA:** LP er nokkuð góð rokkplata sem tekst þó ekki að kveikja í manni neista. Til þess vantar fyrst og fremst meiri frum- og léttleika.



VEITINGASTAÐURINN **SÓLON**

# Stendur alltaf fyrir sínu

**Hver og hvar:** Sólon, Bankastræti 7a, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemningin?**
Stemningin er alltaf fín á Sólon og hún breytist lítið frá ári til árs þó veggirnir séu málaðir. Núna ráða dökkir litir ríkjum. Veggirnir eru dökkgráir, gólfið svart og borðin eru úr dökkum við. Það er eflaust ekki hægt að innrétta staðinn á ljótan máta því húsið er svo fallegt í grunninn. Sólon er ekta svona staður til að fara á hádeginu þegar mann þyrstir í eitthvað gómsætt að borða og langar að hitti vini eða fjölskyldu í notalegu umhverfi. Þangað kemur mjög breiður hópur af fólki, allt frá jakkafataklæddum bankamönnum upp í listaspírur. Staðurinn er líka vinsæll meðal kvenna í fæðingarorlofi þar sem þær geta fylgst með börnum sínum í kerrum og vögnum fyrir utan þar sem gluggarnir eru svo stórir. Þetta myndi reyndar ekki líðast neins staðar annars staðar í heiminum en svona erum við Íslendingar bara, sveitalegir heimsborgarar. Sólon er þó örlítið klofinn því eins og hann er fínn í hádeginu og á virkum kvöldum breytist hann í gelgjuskemmtistað um helgar þar sem unglingar landsins djamma og drekka Breezer.



SÓLON ER Í EINU FLOTTASTA HÚSINU VIÐ BANKASTRÆTI.

**Matseðillinn:**
Matseðillinn er gómsætur og girnilegur. Pinxtos-réttirnir eru gómsætir en þeir samanstanda af spænskum smáréttum sem eru vel útilátnir. Einnig eru pastaréttir, kjúklingur og hamborgarar á matseðlinum ásamt matarmiklum salötum. Sjávarréttasúpan á matseðlinum er sérlega bragðgóð en einnig er boðið upp á grillpinna og eftirrétti.

**Vinsælast:**
Kjúklingasalatið er einna vinsælast á matseðlinum. Það er með engifersósu, nachos og piparrót. Pastarétturinn með kjúklingi, beikoni og spínati með hvítlauksostasósu er alltaf jafn vinsæll.

**Réttur dagsins:**
Samanstendur alltaf af fiski dagsins og súpu dagsins. Fiskrétturinn er breytilegur frá degi til dags en kostar alltaf 1590 kr. Súpa dagsins er á 550 kr.

## CERES:
# Töskurnar seldust upp!

Í síðustu viku var kynnt til sögunnar á síðum þessa blaðs að danski bjórinn Ceres Royal Export fengist nú í 12 dósa ferðatöskum líkt og bróðir hans Faxe hefur gert um nokkurt skeið við miklar vinsældir. Er skemmst frá því að segja að töskurnar seldust upp samdægurs í Vínbúðum og komu margir töskulausir úr búðunum um helgina. Í þessari viku ku hafa verið bætt ríflega við birgðirnar í búðunum og ættu því allir að geta gripið í tösku í næstu ferð.




Ceres Royal Export hefur verið í mikilli sókn hér á landi og er skemmst að minnast þess að bjórinn þrefaldaði sölu sína á bjórhátíðinni októberfest sem haldin var í Vínbúðunum sl. haust. Hann er vinsælasti bjórinn í Danmörku í sínum flokki, flokki gullbjóra. Framleiddur af Ceres Bryggerierne í Árósum sem er systurfyrirtæki Faxe Bryggeri á Sjálandi.

Bjórinn er 5,5% að styrkleika og kostar 33cl dós af honum 139 kr. Ferðataska með 12 bjórum kostar því 1.668 kr.


**Aukavika 24. apríl 2005**

**Sparidagar á Hótel Örk**

**Fyrir alla eldri borgara**


Gunnar Þorláksson skemmtanastjóri Sparidaga á Hótel Örk

***Vegna mikillar aðsóknar á Sparidaga nú í vor er búið að bæta við aukaviku við áður auglýsta dagskrá.***

***Að venju verður í boði fjölbreytt dagskrá, m.a.: Morgunhreyfing, bingó, félagsvist, gönguferðir, , danskennsla, leikjanámskeið, ferðalag og svo öll tómstundariðja hótelsins, auk kvöldskemmtana með söng, dansi og gamanmálum á hverju kvöldi.***

**Verð einungis krónur 21.800,-**

**Innifalið: Gisting í fimm nætur m.v. tvíbýli, morgunverður, þríréttaður kvöldverður ásamt skemmtidagskrá alla daga.**

**HÓTEL ÖRK**

**Sími 483 4700**

**Lykill að íslenskri gestrisni** HÓTEL ÖRK



**ODDNÝ MAGNADÓTTIR** Hún segist vera alin upp á þannig heimili, að öll matvæli urðu að vera fersk og þá hefð tók hún með sér þegar hún fluttist að heiman.

Er ástríðukokkur:

# Kokkabækurnar upp í rúm

Oddný Magnadóttir, auglýsingastjóri hjá Fróða hf., er mikill kokkur og sjálf segist hún vera ástríðukokkur. „Ég er ein af þeim sem fara með kokkabækurnar upp í rúm," segir hún í léttum dúr. Hún segist vera alin upp af konu sem hafi verið listakokkur, vel á undan sinni samtíð. „Móðir mín sótti námskeið, lærði nýjar aðferðir og notaði alltaf ferskt hráefni, hvort sem um var að ræða kjöt eða grænmeti." Hún segist því hafa tekið þessa hefð með sér, þegar hún flutti að heiman. „Þegar ég fór að búa, þróaði ég mig áfram og í dag er ég ein af þeim sem tek kokkabækurnar með mér upp í rúm." Oddný segist jafnvel öðru hvoru detta inn í BBC food stöðina „ Ef ég væri ekki að gera það sem ég er að gera í dag, þá væri ég sennilega að vinna einhvers konar matargerð," segir hún og hlær, segist þessa dagana vera að lesa kokkabækurnar frá River Café, þar sem nakti kokkurinn Jamie Oliver lærði.

Rétturinn sem Oddný gefur uppskrift af, hefur sína sögu og er ákaflega eftirminnilegur fyrir margar sakir. „Þó er eftirminnilegast að mér tókst að fá grænmetisætu til fimmtán ára að byrja að borða kjöt," segir hún hlæjandi, ekki alveg viss um hvort það hafi verið góðverk eða ekki.

### NAUTALUND Í KRYDDHJÚP

- 2 kíló af góðri vel fitusprengdri nautalund
- Kóríanderfræ
- Ferskt nýtt rósmarín saxað fínt
- Salt
- Pipar
- Oregano (þurrkað) ekki mikið
- Engiferrót örfínt skorin
- Rauður og grænn chilli sneiddur fínt, fræin hreinsuð úr
- Radísur sneiddar fínt í þunnar sneiðar
- Kóríander-stilkar fínt skornir langsum
- Sesamolía
- Japönsk soja
- Safi úr tveimur lime ávöxtum

Kóríanderfræin sett í mortel og mulin vel, rósmaríni, salt, pipar, oregano er blandað saman við þannig að úr verður kryddblanda. Þessu næst á að dreifa úr kryddblöndunni á bretti. Nautalundinni er síðan velt upp úr þessari kryddblöndu og því þrýst vel utan á kjötið, þannig að úr verður kryddhjúpur. Lundin er síðan steikt á vel heitri pönnu í ca. fimm mínútur, þannig að kjötið verður orðið brúnað, en ekki meira en það. Það er látið standa í fimm til tíu mínútur, skorið í örþunnar sneiðar og dreift jafnt á stórt fat. Yfir það er svo dreift engiferrót sem hefur verið sneidd niður í örþunna stilka, rauður og grænn pipar sömuleiðis skorin niður, radísur og kóríander-stilkar. Síðan er japanskri sojasósa, góðri sesamolíu og safa úr tveimur lime ávöxtum dreift jafnt yfir réttinn, en gæta skal þess að þessu sé dreift jafnt yfir allt kjötið. Kjötið er síðan borið svona fram með góðu sikileysku rauðvíni.

**Meðlæti**

Grænt salat t.d. spínat, stökk paprika, ólífur, ristaðar furuhnetur, ristuð sólblómafræ í Tamarin sósu og avokado. Best er að setja góða jómfrúarólífuolíu, salt og pipar yfir salatið auk nýbakaðs brauð sem gott er að dýfa ofan í góða olíu og dukkha, sem er egypsk kryddblanda með hnetum. ■

MATGÆÐINGURINN **JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR**

# Froskalappirnar stóðust væntingarnar

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég gæti ekki verið án kjúklings því hann er svo hollur og próteinríkur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst soðin ýsa ekki góð og svo er ég ekkert sérlega hrifin af þorramat og öðrum skemmdum mat. Ég vil yfirleitt hafa matinn ferskan.

**Fyrsta minningin um mat?**
Það eru kjötbollurnar hjá Ömmu Settu. Þær voru svo góðar að við borðuðum þær oft á sunnudögum.



Þær voru hefðbundnar með brúnni sósu, lauk og kartöflumús. Svo man ég vel eftir því þegar verið var að troða ofan í mig ýsu þegar ég var lítil. Ýsan var stöppuð ofan í mig með tómatsósu og öllu en ekkert gekk til að fá mig til að borða hana.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Þær eru svo margar því ég elska að borða, það er varla hægt að velja úr. Um daginn eldaði kærastinn minn hreindýra-fille handa mér. Það var hrikalega gott. Með því var villibráðasveppasósa og ofnbakaðar sætar


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kartöflur og rauðrófur. Með þessu var æðislegt ítalskt rauðvín og í forrétt voru sniglar. Þetta er eftirminnilegasta máltíð sem ég hef fengið lengi.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég er enginn sérstakar kokkur og fæ auðveldlega matarást á fólki. Ég hreinlega elska fólk sem eldar góðan mat. Svo úr mínum skápum er mikilvægast fyrir mig að eiga morgunkorn.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Þá borða ég poppkorn, því það er eitthvað sem maður á ekki að vera að borða nema örsjaldan. Mér finnst stundum dálítið gott að fá mér poppkorn þegar narslþörfin kemur yfir mig. Poppkornið fullnægir henni.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Egils Sódavatn, skyrdrykk , skyr, egg og ávexti eins og gul epli.




**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Ég myndi taka eitthvað sem ég gæti alls ekki fengið á þessari eyju. Ætli lambakjötslæri yrði ekki fyrir valinu því restina af fæðunni gæti ég fundið á eyjunni.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Það voru froskalappir í París á veitingastað í Latínuhverfinu. Froskalappirnar voru djúpsteiktar og bornar fram með grænmeti. Þær voru mjög góðar og smökkuðust nánast eins og kjúklingur. Ég var svolítið stressuð að smakka þær fyrst en ég varð ekki fyrir vonbrigðum.

# Vín á kynningarverði á íberískum dögum

Þessa dagana stendur yfir kynning á spænskum og portúgölskum í Vínbúðunum undir yfirskriftinni Olé! Vert er að benda á fróðlegan bækling sem dreift er í búðunum og ágætum framsetningum á vínum frá svæðinu sem eru sérmerkt í hillum og á sérstöku kynningarverði. Þau þrjú vín sem kynnt eru hér eru öll á kynningarverði en þau eru vel kunn íslenskum vínáhugamönnum sem taka eflaust þessu framtaki Vínbúðanna fagnandi.



**Las Campanas Crianza**
Ótrúlega margslungið vín frá Navarra. Oft kallað „tapasvínið" vegna þess hve vel það passar með fjölbreyttum mat. Vín sem er sniðið fyrir veislur þar sem smáréttir eru í boði.
**Kynningarverð 1.040 kr.**



**Campo Viejo Reserva:**
Vín sem fyrir löngu hefur unnið hug og hjörtu landsmanna. Kemur frá uppáhaldsvínsvæði Íslendinga, Rioja. Frábært vín fyrir þá sem eru að leita eftir mjúkum en í senn kraftmiklum karakter.
**Kynningarverð 1.290 kr.**



**Marques de Arienzo Gran Reserva:**
Nú gefst fólki kostur á að smakka eitt ástsælasta vín Spánar á tilboðsverði. Frábært vín frá Rioja sem margan hefur glatt bæði sem neysluvara og ekki síður sem gjöf, þar sem útlit flöskunnar er glæsilegt.
**Kynningarverð 1.590 kr.**

## Portúgal næsta stjörnulandið?

Það hallar töluvert á portúgölsk vín á íberískum dögum sem standa nú yfir í Vínbúðunum. Nágrannar þeirra á Spáni fá töluvert meira pláss enda spænsk vín verið afar vinsæl hérlendis um árabil á meðan portúgölsk vín hafa átt undir högg að sækja ef undan eru skilin portvín sem ævinlega njóta töluverðra vinsælda. Úrvalið á íberískum dögum endurspeglar þetta en þar eru í boði fjögur portvín, eitt rósavín – hið kunna Mateus, en aðeins eitt rauðvín, Primavera Bairrada Reserva. Það virðist því sem sú ætlun stjórnenda Vínbúðanna að beina sjónum einnig að Portúgal hafi ekki hlotið mikinn meðbyr innflytjenda en val þeirra endurspeglar aftur á móti erfiða stöðu portúgalskra vína á íslenskum markaði.

**Sjötti stærsti framleiðandi heims**
Er þetta miður því mikil gerjun hefur verið í portúgalskri víngerð. Árum saman hafa vínskríbentar verið að leita að næsta „stjörnulandinu" í vínheiminum. Margir hafa litið til Portúgals og þeirrar framþróunar sem þar á sér stað. Vín þaðan hafa löngum verið hefðbundin borðvín, einkum ætluð fyrir innanlandsmarkað og portúgölsk léttvín ekki lagt af baki margar mílur í vínheimum. Þaðan hafa komið nokkur athyglisverð vín undanfarin ár, með litlum gassagangi þó. Það kemur sjálfsagt mörgum á óvart hversu mikið er framleitt af víni í Portúgal en landið er sjötti stærsti vínframleiðandi heims þrátt fyrir lítið landrými. Um fjórðungur af þeim sem starfa að landbúnaði í landinu starfa að vínrækt.

**Góðir dómar**
Í lokin skulum við líta á hvað nokkrir heimsþekktir vínrýnar hafa að segja um portúgölsk vín.
„Þrjóskan við að selja sig undir alþjóðlega tísku og það hversu óvænt vínin eru gera Portúgal að jafn spennandi vínlandi og raun ber vitni."
Oz Clarke
„Portúgalar hafa ævinlega haft þann undarlega sið að hugsa bara um að vínin falli öðrum Portúgölum í geð fremur en að búa til þær gerðir af vínum sem venjulega falla hinum dæmigerða alþjóðlega neytanda í geð."
Jancis Robinson
„Landslagið og þrúgurnar í Portúgal er ákaflega fjölbreytt. Beri Portúgalir gæfu til þess að leyfa fjölbreytninni að endurspeglast í víninu og halda sínu striki eru möguleikarnir óendanlegir."
Kathryn McWhirter, Charles Metcalfe: The Wines of Spain and Portugal






# tónlist

**Í spilaranum hjá ritstjórninni**

**The Mars Volta:** Francis the Mute, **The Game:** The Documentary, **Can:** Monster Movie, **De La Soul:** The Grind Date og Mercury, **Rev:** The Secret Migration, **Tori Amos:** The Beekeper, **Eric Clapton:** Sessions for Robert J, **Emiliana Torrini:** Fishermans's Wife.

*„It won't do*
*to dream of caramel,*
*to think of cinnamon*
*and long*
*for you."*

***- Suzanne Vega leggur línurnar í ástarmálum sínum í laginu Caramel af plötunni 9 Objects of Desire frá árinu 1997. Lagið er notað sem aðallag myndarinnar Closer.***



**OL' DIRTY BASTARD** Rapparinn knái úr Wu-Tang Clan lést seint á síðasta ári. Liðsmenn Wu-Tang eru búnir að hljóðrita lag í minningu hans.

## Wu-Tang minnist Ol' Dirty

Liðsmenn Wu-Tang Clan eru búnir að hljóðrita lag í minningu Ol' Dirty Bastard sem lést seint á síðasta ári. Áætlað er að gefa lagið út á smáskífu bráðlega, og verður það þá fyrsta útgáfan frá rappsveitinni í þrjú ár.

Lagið verður einnig að finna á síðustu sólóplötu Ol' Dirty sem kemur út 22. mars næstkomandi. Hann var langt kominn með plötuna þegar hann dó.

Þeir sem koma að laginu eru RZA, GZA, Method Man, Raekwon, Cappadona og Masta Killa. Sveitin var á leiðinni að hljóðrita nýtt efni og áttu upptökur að hefjast 13. nóvember, en þeim var svo frestað eftir að Ol' Dirty hneig niður í hljóðveri sínu 12. nóvember.

RZA greindi frá því í viðtali við MTV að búið væri að setja Wu-Tang aftur á hilluna, en hann vildi ekki útiloka að sveitin kæmi myndi hljóðrita meira efni í lok ársins. ■

# Trabant setur lykilinn í raufina

**Beðið er eftir væntanlegri breiðskífu Trabant með eftirvæntingu. Von er á plötunni í hlað á næstu vikum.**



**TRABANT** Hljómsveitin Trabant tók upp hluta plötunnar í Geimsteini hjá sjálfum Herra Rokk, Rúna Júll.

Þeir eru með Dorrit Moussaieff í aðdáendaklúbbi sínum og óopinber umboðsmaður þeirra er hertogaynja frá Austurríki. Hver einn og einasti liðsmaður sveitarinnar er snillingur á sínu sviði sem er við það að springa úr sköpunargáfu. Þegar þeir spila á tónleikum getum við alveg eins átt von á því að söngvarinn hristi á sér brjóstin, bassaleikarinn komi fram í tígrísþveng og að sviðið sé hlaðið sprengjuefnum. Þeir voru kirsuberið í einni veislu forsetans á Bessastöðum og eiga stóran hóp aðdáenda hér á landi, þrátt fyrir að hafa aðeins gefið út eina breiðskífu, fyrir löngu síðan. Já, Ísland hefur aldrei áður átt sveit eins og Trabant, það er alveg á hreinu.

**Stökkbreytt sveit**

Piltarnir hafa verið að vinna að næstu plötu sinni í þónokkurn tíma. Þeir hafa síðasta árið mótað nýju lögin á tónleikum og síðustu sex mánuðina hafa þeir verið að vinna þau í hljóðverinu. Þessum mönnum finnst gaman að dunda sér og hika ekki við að taka sér sinn tíma.

„Við erum núna að búa til power-ballöðu," segir Viðar Hákon bassaleikari og upptökustjóri sem segir sveitina stundum semja beint inn á band þó svo að grunnur flestra laganna hafi verið tilbúinn. „Við vorum búnir að klára plötuna og svo þegar við renndum henni í gegn þá fannst okkur eins og það vantaði eitthvað. Við gætum alveg gefið plötuna núna, en við erum bara aðeins að leika okkur meira. Þannig að við bættum einu lagi við, maður er hvort eð er alltaf að vinna... skilurðu? Það skiptir engu máli hvort þetta lag endi svo á þessari plötu eða næstu."

**Sitt lítið af hverju**

Platan hefur vinnuheitið Pump You Up og er reiðubúin fyrir útgáfu. Ekki hefur verið ákveðið hver gefur plötuna út en sveitin hefur verið í viðræðum við 12 Tóna.

Trabant er ein þeirra sveita sem hefur aðstöðu í KlinK og BanK. Þar hafa þeir komið sér upp ágætis hljóðveri og hafa því fengið tækifæri til þess að liggja vel á plötunni. Útkoman er hreint út sagt stórkostleg og ólík öllu öðru sem hefur áður heyrst frá íslenskri sveit. Það er erfitt að renna fingur á hvers konar tónlist er þarna á ferð, ekki rokk, ekki fönk, ekki 80's popp, ekki teknó en samt sitt lítið af hverju.

„Við segjumst bara alltaf vera að gera popptónlist. Þetta er kannski ekki hið týpíska Bylgjupopp en ég held að þó að það sé svolítið sérstakur hljómur á þessu þá er þetta popp. Greddupopp.

Við erum að leika okkur með hluti sem fæddust í poppi. Það er alveg hægt að vera með tilraunir, bara tilraunanna vegna. Þó að við séum ekkert að kóvera eða stæla neitt, erum við að leika okkur með sömu hluti og Prince, Michael Jackson, Queen og Mick Jagger. Þess vegna lítum við á að þetta sé „kick ass" popp.

Þetta er leikur að þessum stælum, sem eru svo almennir í poppi."

**Ástin það eina sem skiptir máli**

Viddi segir að það séu mörg ástarlög á plötunni, textarnir nálgist allir ástina að einhverju leyti. „Ástin er það eina sem skiptir máli. Það er eina leiðin að góðu kynlífi," segir Viddi og hlær. „Maður verður ástfanginn bara til að fá sér almennilega að ríða, svo getur maður flækt þetta fyrir sér. Þess vegna er gott að gera plötu um þetta. Þetta eru ástartextar, en í grunninn bara kynlíf." Sem sagt, það fer að koma tími fyrir Trabant til þess að setja lykilinn í raufina og renna af stað.

**biggi@frettabladid.is**






**50 CENT** Næsta plata rapparans kemur út 3. mars, eftir rétt rúma viku.

## Nýja plata 50 Cent lekur á netið

Önnur breiðskífa 50 Cent átti upphaflega að koma út 15. febrúar, en ekki náðist að klára plötuna í tíma. Henni var því seinkað aftur til 8. mars. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að flýta útgáfunni fram til 3. mars, þar sem nokkur lög af plötunni láku á netið.

Platan heitir The Massacre og eitt lag á plötunni er sérstaklega vinsælt til að hlaða niður. Það heitir Piggy Bank og þar lofaði 50 Cent að skjóta harðlega á Fat Joe, Nas, Jadakiss, Ja Rule og Shyne. Fat Joe hefur þegar lofað að svara fyrir sig á plötu sem kemur út á sama degi og plata 50 Cent. Íslandsvinurinn býst svo auðvitað við svörum frá öllum þeirra. Það er því mikil spenna í rappheimum þessa dagana. ■

# Blink 182 hættir... í bili

Rokktríóið Blink 182 hefur ákveðið að fara í frí um óákveðinn tíma. Piltarnir gáfu út fréttatilkynningu á heimasíðu sinni þar sem sagði að liðsmenn ætluðu sér að einbeita sér að fjölskyldum sínum.

„Í rúman áratug hefur Blink 182 verið á tónleikaferðalagi, að hljóðrita eða í kynningarferðum,“ stendur m.a. í tilkynningunni. „Á meðan hefur verið erfitt að ná jafnvægi í einkalífi þeirra. Sveitin hættir því störfum í bili til að njóta þeirra ávaxta sem vinna þeirra hefur gefið þeim. Liðsmenn eru ekki með nein plön um að vinna saman aftur, en enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér.“



**BLINK 182** Handboltarokksveitin ætlar í frí um óákveðinn tíma.

Blink 182 hefur gefið út sex breiðskífur frá því 1994 og hefur átt fjölda slagara. Síðasta breiðskífa þeirra, sem hét nafni sveitarinnar, þótti þroskaðasta verk sveitarinnar. ■

# The White Stripes byrja á nýrri plötu

Jack White hefur loksins fundið sér tíma til að hefja upptökur á fimmtu breiðskífu The White Stripes. Síðasta árið hefur hann einbeitt sér að kvikmyndaleik og því að stjórna upptökum fyrir aðra listamenn. Hann nældi sér í leikkonuna Renée Zellweger eftir að hafa leikið á móti henni í Cold Mountain og endurvakti feril kántrísöngkonunnar Lorettu Lynn. Hún fékk einmitt Grammy verðlaun á dögunum fyrir plötuna sem þau gerðu saman, Van Lear Rose. Einnig vann White að plötu með Brendan Benson í millitíðinni en nú virðist hann ætla að einbeita sér aftur að skilnaðardúettnum.

Hann segir að næsta plata The White Stripes verði unnin mjög hratt og ætti að verða tilbúin von bráðar. Það eru því allar líkur á því að ný breiðskífa skili sér í búðir fyrir árslok. ■



**THE WHITE STRIPES** Sveitin er byrjuð á nýrri plötu eftir að hafa hjálpa öðrum sveitum síðustu mánuði.

## [ SMS ]

### UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

**Vinyl: LP**

LP er nokkuð góð rokkplata sem tekst þó ekki að kveikja í manni neista. Til þess vantar fyrst og fremst meiri frum- og léttleika. *FB*

**Kasabian: Kasabian**

„Frumraun Kasabian er hin fullkomna plata til þess að setja á fóninn áður en farið er í bæinn á föstudagskvöldi. Það er ómögulegt að smitast ekki af þessu grúfi, að minnsta kosti í einhvern tíma.“ *BÖS*

### PLATA VIKUNNAR



**The Mars Volta: Francis the Mute**

„The Mars Volta nær að gera það eina sem þeir áttu ekki að geta gert, að toppa frumraun sína. Francis the Mute er epískur sambræðingur níðþungs sýrurokks, mariachi, kúbudjass og spuna. Gæsahúð frá upphafi til enda.“ *BÖS*

**Matt Sweeny & Bonnie Prince Billy: Superwolf**

„Will Oldham gerir hér plötu með einum besta vini sínum, Matt Sweeny úr Chavez. Mögnuð plata sem þarfnast nokkrar umferðir en sekkur svo djúpt inn.“ *BÖS*

**The Kills: No Wow**

„Flottasta kærustuparið í rokkinu þarf að eyða minni tíma fyrir framan spegilinn og meiri tíma í að semja betri og grípandi lög. Hljómar merkilega líkt PJ Harvey, og ég set plötur hennar frekar á fóninn en þessa þynnku.“ *BÖS*

**Lou Barlow: Emoh**

„Forsprakki Sebadoh og The Folk Implosion gefur loksins út plötu undir eigin nafni. Hér er hann aðallega vopnaður kassagítar og skilar af sér frekar ljúfum grip, sem ætti að höfða til flestra aðdáenda hans sem og aðdáenda Will Oldham.“ *BÖS*

**Joanna Newsom: The Milk-Eyed Mender**

„Ótrúleg frumraun frá undarlegum söngfugli. Joanna spilar á hörpu og syngur með sínu nefi, sem mörgum myndi ekki þykja fagurt. Tjáningin er stórkostleg og lagasmíðarnar yndislegar.“ *BÖS*

**The Chemical Brothers: Push the Button**

„Chemical Brothers rísa úr líkkistum sínum og skella sér aftur í dansskóna. Ótrúlegt en satt skila þeir af sér einni af sinni bestu plötu frá upphafi. Hver hefði trúað þessu?“ *BÖS*

**...And You Will Know Us By the Trail of Dead: Worlds Apart**

„Frábær hljómsveit gerir tilraun til þess að skapa epískt meistaraverk, en endar með uppblásna, óáhugaverða og lífvana plötu. Tilvistarkreppa í náinni framtíð.“ *BÖS*

**The Arcade Fire: Funeral**

„Það er ótrúleg sál í þessari fyrstu breiðskífu The Arcade Fire. Svipuð fegurð og í tónlist Godspeed og Sigur Rósar, skilað með minni trega, hefðbundnari lagasmíðum og hljómsveitarskipan. Ekki láta þessa framhjá ykkur fara.“ *BÖS*

**Stranger: Paint Peace**

„Paint Peace er rólegheitaplata þar sem unnið er ágætlega úr frekar gamaldags tónlistarformi. Einhvern neista vantar þó til að gera hana að prýðisgrip.“ *FB*

**Saliva: Survival of the Sickest**

„Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mölva hann í frumeindir. Söngvarinn færi létt með að drepa heilan her úr leiðindum. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?“ *SJ*

**Clinic: Winchester Cathedral**

„Á þriðju plötu Clinic er að finna nokkur góð lög en útsetningar eru of kæruleysislegar. Ekki slæmt, en ekkert sérstaklega gott heldur.“ *BÖS*

**Devendra Banhart: Nino Rojo**

„Sálarfull og róandi plata sem virkar vel sem undirspil fyrir frosna janúardaga. Birtan yfir þessari plötu er svipuð og fyrstu sólargeislarnir sem teygja sig til okkar yfir fjallstindana á morgnana.“ *BÖS*

**The Futureheads: The Futureheads**

„Frumraun The Futureheads er góð. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur en sveitin bætir upp fyrir það með beittum önglum og góðum flutningi.“ *BÖS*

Umsjón: BIRGIR ÖRN STEINARSSON. biggi@frettabladid.is


Hvað skiptir þig máli í auglýsingum?

„húmor“

Veldu bestu auglýsinguna á visir.is

Verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins verða afhent á **Lúðrinum**, föstudaginn 25. febrúar.

**Við gefum þér kost á að segja þitt álit og velja „bestu auglýsinguna“ á visir.is**

Atkvæðamesta auglýsingin hlýtur titilinn **„Val fólksins“** og fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem **Fréttablaðið** og **visir.is** veita.

**Taktu þátt og greiddu atkvæði á visir.is**

Nöfn vinningshafa verða birt á visir.is og í Fréttablaðinu 25. febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ visir

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS PRE 27455 03/2005





**Kl. 21.00**
*Á tónleikum djassklúbbsins* ***Múlans*** *í kvöld leikur tríóið* ***Grams*** *sem flytur einstæða blöndu af pönki, raftónlist og djassi.* ***Jóel Pálsson*** *sér um reyrblástur og elektróník,* ***Davíð Þór Jónsson*** *um hljómborð, flautur og raddir að handan og* ***Helgi Svavar Helgason*** *um trommur og hristing. Tónleikarnir verða á Hótel Borg og hefjast að venju klukkan 21.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fjórir saxófónar með Sinfóníunni

Saxófónkvartettinn Raschèr þykir einstakur í sinni röð. Hann kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói í kvöld. Á laugardaginn leikur hann síðan með Mótettukór Hallgrímskirkju á tónleikum í Hallgrímskirkju.
Vel á þriðja hundrað tónskáld hafa samið verk fyrir þennan kvartett frá því að hann var stofnaður árið 1969. Kvartettinn er í dag skipaður þeim Bruce Weinberger, Elliot Riley, Cenneth Coon og Christine Rall.
Fyrir um það bil áratug kom þessi rómaði saxófónkvartett hingað til lands og lék þá verk Atla Heimis Sveinssonar með Sinfóníuhljómsveitinni.
Í kvöld flytur kvartettinn konsert fyrir fjóra saxófóna eftir Philip Glass, en verkið samdi hann sérstaklega fyrir kvartettinn. Á tónleikum Sinfóníunnar verða einnig flutt verk eftir Jónas Tómasson og Mozart.
Á laugardaginn í Hallgrímskirkju frumflytur



kvartettinn verk eftir Huga Guðmundsson sem einnig er samið sérstaklega fyrir hann og Mótettukórinn.

### EKKI MISSA AF…

… **Þorsteini Gylfasyni** heimspekingi sem ætlar að velta því fyrir sér hvað tákn séu og hvaða hlutir geti með góðu móti talist til þeirra í erindi sem hann flytur á **Heimspekitorgi Háskólans á Akureyri** í dag klukkan **16.30**.

… þýsku kvikmyndinni **Der Letzte Mann** eftir **F. W. Murnau** frá árinu 1924 með Óskarsverðlaunahafanum **Emil Jannings** í aðalhlutverki, sem Kvikmyndasafn Íslands sýnir á **laugardaginn** í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

… heljarinnar flaututónleikum í Borgarleikhúsinu á **laugardaginn** þegar flestir helstu flautuleikarar landsins koma saman og flytja verk fyrir þverflautur af ýmsum stærðum og gerðum í tónleikaröðinni **15.15**.




Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Fös 25/2 nokkur sæti laus
Lau 26/2
Sun 27/2

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

Ath! Sýningum lýkur fyrir páska



*Tenórinn*

Sun. 27. feb. kl. örfá sæti

Sun. 6. mars kl. 20

**Síðasta sýning**

IÐNÓ *Miðasala í síma 562 9700* ***www.idno.is***

**Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:**

**Ástandið**

**Sögur kvenna frá hernámsárunum**

Sunnudagur 27/2 kl. 14.00
Miðvikudagur 2/3 kl. 14.00
Sunnudagur 6/3 kl. 14.00



BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 4/3 kl 20 - **UPPSELT,** Lau 5/3 kl 20,
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20,
Fö 8/4 kl 20

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
**SÝNIR: OPEN SOURCE**
*eftir Helenu Jónsdóttur*
Frumsýnig Su 27/2 kl 20, Fi 3/3 kl 20,
Su 6/3 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 27/2 kl 14 , Su 6/3 kl 14 ***Síðustu sýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA
**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna** - gildir ekki á barnasýningar

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20, Fö 25/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
***Allra, allra síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Frumsýning í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fö 25/2 kl 20, Mi 2/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20,
Fi 17/3 kl 20

**VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ**
**Í samstarfi við Mími - símenntun**
Í kvöld kl 20 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbýli vindanna

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
**Frumsýning** Fö 4/3 kl 20,
Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20,
Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 27/2 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
*ÍSLENSKI FLAUTUKÓRINN*
*Lau 26/2 kl. 15:15*

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


# Ekkert nema eistu

„Þetta er 150 prósent karlasýning,“ segir Gísli Pétur Hinriksson, einn leikaranna í nýju verki Hávars Sigurjónssonar, Grjótharðir, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Leikritið fjallar um fimm fanga sem afplána refsivist í fangelsi. Hávar Sigurjónsson leikstýrir þarna í fyrsta sinn eigin verki, en tónlist semur Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson. Lýsing er í höndum Ásmundar Karlssonar og síðan er höfundur leikmyndar og búninga Axel Hallkell, öðru nafni Langi Seli úr Skuggunum.

„Þetta eru ekkert nema eistu. Það er ekki nema rétt undir lokin sem sminkurnar komast að okkur.“

Innan veggja fangelsins er heimur karlmannsins eins og hann getur skuggalegastur orðið. Þarna sitja margfaldir ofbeldisbrotamenn innan um svikara og smákrimma. Allir eru þeir settir saman í eitt herbergi og geta hvergi fundið undankomuleið.

„Ég leik Jóa sem er geðveikur. Hann á ekki að vera þarna. Þótt hann sé ljúfur sem lamb þá er hann kannski sá skæðasti af þeim öllum.“

Hjalti Rögnvaldsson leikur fangavörð, en fangana leika þeir Atli Rafn Sigurðarson, Jóhann Sigurðarson, Pálmi Gestsson og Valdimar Örn Flygenring auk Gísla Péturs, sem er nýliðinn í hópnum. Þetta er fyrsta hlutverk hans í Þjóðleikhúsinu og hann segir það mikinn heiður fyrir sig að fá að deila sviði með þessum stóru leikurum.

Fangarnir sem þeir leika eru fyndnir og ruddalegir, viðkvæmir og brothættir. Þeir hafa allir fengið sinn dóm en þó eru ýmsar sakir óuppgerðar og mörgum spurningum ósvarað.

„Menn mæta þarna til leiks með syndirnar á bakinu eins og



**GRJÓTHARÐIR** Gísli Pétur Hinriksson og Atli Rafn Sigurðarson í hlutverkum sínum.

alls staðar annars staðar, en hvernig fara menn að því að lifa áfram með þetta? Svo uppgötvar maður að eina leiðin er að halda áfram, það er ekkert hægt að fara til baka eða til hliðar.“ ■








Tónleikar á Nasa fös. 25. og lau. 26. febrúar kl.23.00
NOJAZZ ( franskur elektró-jass ) og **JAGÚAR**
Forsala 700.kr Miðaverð 1000 kr. • af.ismennt.is / nasa.is

Alliance Française

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

21 22 23 **24** 25 26 27

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Raschèr-kvartettinn** kemur fram á tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói og flytur með hljómsveitinni m.a. konsert fyrir fjóra saxófóna eftir Philip Glass. Stjórnandi er **Bernharður Wilkinsson**.

☐ 21.00 **Í draumum var þetta helst**, tónlistar- og ljóðadagskrá þeirra **Tómasar R. Einarssonar** og **Einars Más Guðmundssonar**, verður flutt í Ketilhúsinu á Akureyri.

☐ 21.00 Pönk-elektró-jazztríóið **Grams** heldur tónleika á Jazzklúbbnum Múlanum, Hótel Borg fimmtudaginn 24.febrúar.

☐ 22.00 **Shadow Parade, Kalli Tenderfoot** og **Lára** koma fram á Grand Rokk.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Hið Lifandi Leikhús** frumsýnir leikritið **American Diplomacy** í Borgarleikhúsinu. Verkið er samið og leikstýrt af **Þorleifi Erni Arnarssyni**.

☐ 20.00 Leikritið **Grjótharðir** eftir **Hávar Sigurjónsson** verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

### LISTOPNANIR

☐ 17.00 **Brynhildur Guðmundsdóttir** opnar myndlistarsýningu í Sparisjóðnum á Garðatorgi. Sýningin heitir "koma og fara". Á sýningunni eru sýnd 23 olíumálverk.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hinn ágæti dúett **Vegagerðin** leikur ljúflingslög af ýmsu tagi á Póstbarnum í Pósthússtræti 13 til miðnættis. Dúettinn skipa þeir **Haraldur Vignir Sveinbjörnsson** og **Sváfnir Sigurðarson**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.30 **Þorsteinn Gylfason** flytur fyrirlestur um tákn á Heimspekitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L101 í Sólborg við Norðurslóð.

### SAMKOMUR

☐ 17.15 **Hallgerður Gísladóttir** flytur erindið Þorrinn og Góan, matur og matarvenjur, á þjóðlegri dagskrá í Bókasafni Kópavogs. Kvæðamenn frá kvæðamannafélaginu **Iðunni** keða rímur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Samspil málverka og hreyfimynda

Í tilefni af sýningu Bjarna Sigurbjörnssonar og Haraldar Karlssonar „Skíramyrkur“ verða sýningarsalir og kaffistofan í Hafnarborg opin til klukkan 22 í kvöld. Sýningunni lýkur nú um helgina.

Sýningin er innsetning þar sem málverk og hreyfimyndir spila saman og mynda sjónræna heild. Í innsetningunni eru tólf málverk á plexígleri eftir Bjarna. Hvert um sig er þrír metrar á hæð og tveir á breidd og myndirnar hanga niður úr lofti salarins. Verkin hanga í óreglulegum vinklum og mynda þyrpingu í miðrými salarins en teygja sig líka í átt til veggjanna. Hreyfimyndum Haraldar Karlssonar er síðan varpað ofan úr lofti af sex skjávörpum í 45 gráðu vinkli við málverkin og einnig sýnd í heild sinni á skjám á gólfi undir vörpunum. Myndirnar úr myndvörpunum sjást á málverkunum, varpast í gegnum þau og speglast af þeim á veggi, loft og gólf salarins. Þar sem myndirnar varpast gegnum málverkin renna þær saman við liti og form þeirra og þann samruna má svo sjá þegar birtan varpast á veggina. Salurinn er að mestu myrkvaður að öðru leyti. Myndvarparnir snúast til og frá eins og viftur sem notaðar eru til kælingar og því er mikil hreyfing á ljósinu á öllum flötum salarins og á yfirborði málverkanna. Í hreyfimyndunum sjálfum er líka mikil hreyfing og úr þessu öllu verður ryþmískt samspil sem hverfist og umbreytist þegar áhorfandinn gengur um sýninguna. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BJARNI SIGURBJÖRNSSON** Skíramyrkri, sýningu Bjarna Sigurbjörnssonar og Haralds Karlssonar, lýkur í Hafnarborg um helgina. Opið verður til klukkan 22 í kvöld.











TOSCA

Landsbankinn

5. sýn. 25. feb. kl. **20 – Uppselt** – 6. sýn. 27. feb. kl. **19 – Uppselt**
7. sýn. 4. mars kl. **20 – Uppselt** – 8. sýn. 6. mars kl. **19 – Uppselt**
9. sýn.12. mars kl. **19 - Uppselt - Síðasta sýning**

AUKASÝNING: Mið. 2. mars kl. 20
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 – Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar

**Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst**

**DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar í samvinnu við Wagner félagið Laugardaginn 26. febrúar kl. 13.00–18.15**

Tristan und Isolde eftir Richard Wagner. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang). Allir velkomnir

**Miðasala á netinu: www. opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**GRJÓTHARÐIR**
**FRUMSÝNING Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
5. sýn. í kvöld fim. 24/2 **örfá sæti laus**, 6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **nokkur sæti laus**.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
11. sýn. fös. 25/2 **nokkur sæti laus**, lau. 5/3 **nokkur sæti laus**, fim. 10/3, fim. 17/3. **Sýningum fer fækkandi.**

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Lau. 26/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 27/2 kl. 14:00 **90. sýning uppselt**, sun. 6/3 kl. 14:00. **Allra síðasta sýning.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning örfá sæti laus**, lau. 2/4 **örfá sæti laus**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4, lau. 8/4.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
**Tónlist:** Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson **Dramatúrg**: Bjarni Jónsson **Lýsing**: Ásmundur Karlsson **Leikmynd og búningar:** Axel Hallkell **Leikstjóri:** Hávar Sigurjónsson **Leikendur**: Atli Rafn Sigurðarson, Gísli Pétur Hinriksson, Hjalti Rögnvaldsson, Jóhann Sigurðarson, Pálmi Gestsson og Valdimar Örn Flygenring.
**Frumsýning í kvöld fim. 24/2 uppselt**, sun. 27/2 **örfá sæti laus**, fim. 3/3, sun. 6/3, sun. 12/3. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 26/2, fös. 4/3, fös. 11/3. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Í kvöld fim. 24/2 **uppselt**. **Aukasýning fim. 3/3**. **Allra síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

DAGSKRÁ FIMMTUDAGINN 24. FEBRÚAR

7:00 GÓÐAN DAG
SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli.
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00 DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR
OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00 FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og
Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00 HRAFNAÞING
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00 BIRTA
Í umsjón ritstjórnar Birtu.
Fréttir kl. 15:00.

15:00 ALLT & SUMT MEÐ
HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI
OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

17:30 AFHENDING MENNINGARVERÐLAUNA DV
Bein útsending frá Iðnó.

18:30 FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 19:30 Hádegisútvarpið (e) | 20:10 Góðan dag (e) | 21:40 Dagmál (e) | 00:10 Afhending Menningarverðlauna DV (e) 01:10 Hrafnaþing (e) | 02:05 Birta (e) | 03:00 Allt og sumt (e) | 05:00 Dagmál (e)










## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Will Smith** hefur unnið sér inn stað í heimsmetabók Guinnes með því að mæta á þrjár frumsýningar á einum degi.



Hann sótti frumsýningar á nýrri mynd sinni, Hitch, í Manchester, Birmingham og London. „Þetta hefur verið yndislegur dagur og viðbrögðin frá fólkinu hafa verið frábær. Ég er svo þakklátur þeim fyrir að hafa komið til þess að sjá mig þrátt fyrir snjóinn," sagði Will.



**Robbie Williams** mun vinna með **Scissor Sisters** að lagi fyrir næstu plötu sína. Platan á að koma út seinna á árinu og verður dúettaplata. „Robbie er svo hrifinn af þeim að hann spurði söngvarann **Jake Shears** hvernig sánd hann ætti að hafa á næstu plötu og nú hafa þau gert með sér samning. Þau ætla að hittast eins fljótt og þau geta í New York," sagði heimildarmaður.

**Beckham-hjónin** hafa skrifað undir margra milljóna punda ilmvatnssamning. Þau munu kynna nýja tegund af konu- og karlailmi í þessum fimm ára samningi.



Rakspíri undir nafni Davids kemur í verslanir í sumar og ilmvatn Victoriu um jólin. Victoria fæddi þriðja barn sitt, Cruz, síðasta sunnudag.



**AMERICAN DIPLOMACY** Pólitískt gamanleikrit eftir Þorvald Örn Arnarsson verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Landbúnaðarráðherrann heilsar sérlegum aðstoðarmanni sínum.

# Ráðherra í erfiðri stöðu

„Þetta er einhvers konar gamanleikur, en nokkuð harmrænn í eðli sínu," segir Hjálmar Hjálmarsson leikari sem fer með aðalhlutverk í American Diplomacy, nýju leikriti eftir Þorvald Örn Arnarsson sem frumsýnt verður á litla sviðinu í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Þorvaldur leikstýrir sjálfur þessu fyrsta leikriti sínu, en hann útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans fyrir tveimur árum.

Verkið er pólitískur gamanleikur sem tekur á málefnum líðandi stundar, þeim er snúið á allar hliðar og kanta og samfélagið skoðað með gleraugum leikhússins.

Hjálmar fer þar með hlutverk Guðbjörns Halldórssonar landbúnaðarráðherra, sem dag nokkurn fréttir af því að hryðjuverkamenn hafi látið til skarar skríða og ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu fallnir. Hann verður því að taka að sér stjórn landsins meðan neyðarlög eru sett.

„Hann býr á skrifstofunni sinni í ráðhúsinu og fær allar upplýsingar í gegnum aðstoðarmenn sína, bæði einkaritara sinn og sérlegan aðstoðarmann forsætisráðherra. Hann hefur engin önnur tengsl við umheiminn, en þetta aðstoðarfólk reynist reyndar ekki vera alveg heilt í því sem það er að gera. Vonandi leita einhverjar spurningar á áhorfendur um það hvort þessi árás hafi nokkuð átt sér stað eða hvort í gangi sé samsæri einhvers staðar."

Með hlutverk einkaritarans og aðstoðarmannsins fara þær Björk Jakobsdóttir og Eline McKay. Atburðarásin verður all farsakennd, en um leið vakna miklar spurningar um framtíð Íslands, lýðræðið og frelsið. Landbúnaðarráðherrann þarf að taka afstöðu til atburða sem eru að gerast úti í heimi og spyrja sig með hverjum Íslendingar ætli að vera í liði í heimsmálunum.

„Landbúnaðarráðherra er bóndi, fæddur og uppalinn í sveit og hefur kannski ekki neina háskólamenntun. Á hinn bóginn er hann líka hugsjónamaður, hann er af þeim gamla skóla að hann lítur á pólitíkina sem vettvang til þess að gera samfélagið betra." ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistargoðsögnin Jerry Lee Lewis mun starfa með mörgum af frægustu nöfnunum í bransanum á sinni fyrstu hljóðversplötu frá árinu 1995.



Á meðal þeirra sem koma við sögu eru BB King, Bruce Springsteen, Mick Jagger, Keith Richards, Neil Young, Kid Rock, Rod Stewart, Eric Clapton og Kris Kristofferson. „Þetta voru 20 auðveldustu símtöl sem ég hef átt," sagði umboðsmaður Lewis sem fékk kappana til liðs við sig. „Allir vildu spila með honum." Upptökur eiga að hefjast í maí eða snemma í júní. Lewis, sem er 69 ára, fékk á dögunum Grammy-heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarinnar. Síðasta plata hans nefnist Young Blood en hún náði ekki miklum vinsældum.

**Bono**, söngvari U2, hefur verið tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels fyrir að vekja fólk til vitundar um alnæmisvandann í Afríku. Alls eru tilnefningarnar 166 talsins en talið er að ein af þeim fjölmörgu hjálparstofnunum sem aðstoðuðu fórnarlömb flóðanna í Asíu hljóti verðlaunin. Þau verða afhent 10. desember.






■ **TÓNLIST**

# Tvær sveitir hita upp fyrir Maiden

Líklega munu tvær hljómsveitir hita upp fyrir rokksveitina Iron Maiden á tónleikum hennar í Egilshöll 7. júní. Skemmst er að minnast þess að bæði Brain Police og Mínus hituðu upp fyrir Metallica á tónleikum hennar í Egilshöll síðasta sumar við frábærar undirtektir.

Að sögn Halldórs Kvaran hjá RR sem flytur Maiden inn hefur erlend hljómsveit komið til greina sem upphitunarband en líklega verður ekkert úr því. Á næstu dögum verða sendar út spólur með nokkrum íslenskum hljómsveitum og vonast Halldór til að einhver þeirra verði valin. Orðrómur hefur verið uppi um að Vínyll eða Sign muni sjá um upphitun en ekkert er hæft í honum að sögn Halldórs sem leggur áherslu að fá íslenska hljómsveit til að hita upp. „Við viljum að íslenskar hljómsveitir hiti upp því svona tónleikar geta verið gott tækifæri fyrir innlenda tónlistarmenn að koma sér á framfæri," segir hann.



**IRON MAIDEN** Rokkhundarnir í Iron Maiden ætla að gera allt brjálað í Egilshöll 7. júní.

Búast má við neistaflugi og sprengingum á tónleikum Iron Maiden því nýverið fékkst leyfi fyrir slíku. Það fékkst aftur á móti ekki fyrir Metallica-tónleikana síðasta sumar. ■











# Um þúsund manns hafa kosið auglýsingu

Um þúsund manns hafa kosið um *bestu auglýsinguna* á vefsvæðinu vísir.is en lokað verður fyrir kosninguna á hádegi í dag.



**BESTA AUGLÝSINGIN** Kosið er um bestu auglýsinguna úr sex flokkum á Vísi. Vefslóðin er vísir.is.

Almenningi hefur síðustu daga gefist kostur á að kjósa um *bestu auglýsinguna* í sex flokkum en auglýsingarnar eru tilnefndar til verðlauna á Ímark-hátíðinni, sem Félag íslenskra markaðsfólks stendur fyrir. Hátíðin sjálf fer fram á morgun. Sú auglýsing sem hlýtur flest atkvæði á Vísi fær sérstakan lúður á hátíðinni, sem Fréttablaðið og vísir.is veita.

Hægt er að skoða allar auglýsingarnar inni á Vísi, þar á meðal prent- og ljósvakaauglýsingar.

# Ástin og skítlegt eðli

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Mike Nichols (Who's Afraid of Virginia Woolf?, The Graduate, Carnal Knowledge) er ferlega klár leikstjóri og það mátti því búast við því að Closer væri góð mynd en hún er gott betur en það. Þetta er besta mynd Nichols í langan tíma og hlýtur að teljast með hans bestu verkum.

Hér segir hann sögu fjögurra einstaklinga, blaðamanns og misheppnaðs rithöfundar, nektardansmeyjar, læknis og ljósmyndara, sem mynda flókinn og óneitanlega svolítið sjúkan ástarferhyrning. Jude Law (blaðamaðurinn) byrjar á því að falla fyrir súlustelpunni (Natalie Portman) en hrífst síðar af ljósmyndaranum (Julia Roberts) sem hann kemur óvart í kynni við lækninn (Clive Owen). Konunum stendur strax ógn hvor af annarri og karlmennirnir keppast um að stinga undan hinum eða halda fengnum hlut.

Þetta ástarbrölt tekur nokkur ár og oft líður langur tími á milli atriða þannig að áhorfandinn fær heilmikið svigrúm til að fylla í eyðurnar. Þetta tómarúm í frásögninni neyðir fólk til að máta sjálft sig inn í söguna og spegla sig í persónunum og myndin á því að ná góðum tökum á áhorfendum hafi þeir lágmarksþroska og einhverja lífsreynslu að baki. Hún ristir djúpt ekki síst þar sem sameiginlegar ástarsögur fjórmenninganna draga iðulega fram það versta í fari þeirra. Það er allt leyfilegt í ástum og stríði og það sleppur enginn óskaddaður úr þessum ástarleik og þegar upp er staðið getur aðeins ein persónan borðið höfuðið hátt og haldið mannlegri reisn. Hin eru óféti. Rotnar skepnur sem ástin, greddan og eigingirnin hafa gegnsýrt og eitrað.



**CLOSER**

**LEIKSTJÓRI:** MIKE NICHOLS
**AÐALHLUTVERK:** NATALIE PORTMAN, JUDE LAW, JULIA ROBERTS, CLIVE OWEN

Niðurstaða: Ríkulegt tómarúm í frásögninni neyðir fólk til að máta sjálft sig inn í söguna og spegla sig í persónunum og myndin á því að ná góðum tökum á áhorfendum, hafi þeir lágmarksþroska og einhverja lífsreynslu að baki.

Closer er í alla staði vel heppnuð, skemmtilega skrifuð og vel leikin en Natalie Portman ber þó höfuð og herðar yfir aðra og skyggir algerlega á Juliu Roberts en það verður mjög greinilegt hversu úr sér gengin og ofmetin Julia er þegar alvöru leikkona með mikla útgeislun valtar yfir hana.

**Þórarinn Þórarinsson**

**TÓNLIST**



**DAYS OF OUR LIVES** Hljómsveitin hefur verið starfandi í rúmt ár. Ný EP-plata er væntanleg á næstunni.

# Allt að gerast á Gauknum

Rokksveitin Days of Our Lives spilar á tónleikum á Gauki á stöng á fimmtudag ásamt Ske og Brúðarbandinu. Að sögn Jóns Björns Árnasonar bassaleikara hefur Days of our Lives verið starfandi í rúmt ár og hefur sami mannskapur verið í sveitinni í hálft ár. Tvö lög með sveitinni, Solary Index og Feels Like Forever, hafa verið í spilun á X-FM og á Rás 2 undanfarið auk þess sem lagið Audience of One kemur út á næstunni. EP-plata er síðan væntanleg með sveitinni eftir tvo til þrjá mánuði en upptökur á henni standa nú yfir.

Days of our Lives hefur lítið spilað opinberlega en hefur hún þó spilað á nokkrum stórum tónleikum m.a á Iceland Airwaves, Menningarhátíð Grandrokk og á Menningarnótt Reykjavíkur. Tónleikarnir á Gauki á stöng hefjast upp úr 21.30 og er miðaverð 500 krónur.

# Eitt ár saman

Justin Timberlake og Cameron Diaz héldu partí um daginn og fögnuðu því að þau hafa verið saman í eitt ár. Þau leigðu svítu á Las Vegas Hard Rock-hótelinu fyrir veisluna. Sögusagnir höfðu verið um að parið hygðist giftast eftir að þau gáfu vinum sínum fyrirmæli um að fjölmenna til Nevada í síðustu viku.



Charlie's Angels-stjarnan sást líka flagga flottum demantshring á dögunum sem ýtti enn meir undir sögusagnirnar. En í staðinn hélt parið flotta ársafmælisveislu fyrir rúmlega tuttugu vini sína. Gestirnir borðuðu veislumat frá fínum veitingastað og fóru svo og stunduðu fjárhættuspil fram á morgun. Móðir Justins, Lynn Harless, var á meðal gesta þó svo að hún sé ekki sú ánægðasta með samband sonar síns og Diaz.







# SUBARU

MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Sedan sjálfskiptur

Verð áður 2.710.000
Verð nú 2.440.000

=270.000

króna gengishagnaður

Hagstætt gengi og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Öflug 2,0 lítra vélin og fullkomið fjórhjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

LEGACY

Verð á mán 28.267,-*



IMPREZA
Verð frá: 1.990.00 kr.
Verð á mán: 23.052 kr.*



FORESTER
Verð frá: 2.430.000 kr.
Verð á mán: 28.123 kr.*

Fíton/SÍA

Í samstarfi við

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

**Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100
**Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230
**Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141
**Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808
**Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376
**Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960
**Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990
**Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453
**Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540




## VIÐ TÆKIÐ | Jens Albinus trekkir að

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** HÉLT AÐ HÚN VÆRI BETRI Í DÖNSKU.

Ég hef alltaf haft mjög gaman af dönskum sjónvarpsþáttum og talið mér trú um að það væri bara af því ég væri svo voðalega góð í dönsku. Eftir að hafa sokkið inn í dönsku sjónvarpsstöðvarnar DR 1 og 2 hef ég áttað mig á því að ég er nú ekkert undrabarn. Því miður. Ég hugsaði mér gott til glóðarinnar um daginn þegar verið var að sýna síðasta þáttinn í síðari seríu Krónikunnar. Kom mér vel fyrir og poppaði meira að segja. Þá versnaði í því. Ekki nóg með að ég skildi dönskuna ekki almennilega heldur var svo margt búið að gerast í síðari þáttaröðinni að ég náði ekki samhenginu. Þetta var vond tilfinning. Ég er þó ekki búin að gefast upp og ætla að þráast við þangað til þetta liggur ljósar fyrir. Koma tímar – koma ráð.
Ég komst þó í feitt þegar Sjónvarpið byrjaði að sýna danska spennumyndaflokkinn, Örninn. Ég er sólgin í lögguþætti og ekki er verra ef hann er á dönsku með íslenskum texta. Ég á ekki lýsingarorð yfir hvað mér finnast þessir þættir skemmtilegir enda má alls ekki tala við mig meðan þættirnir eru. Ég þarf fullkominn frið. Mér finnst handritið frábært og alltaf gaman þegar einhverjum tekst að koma manni á óvart. Sem sannur Íslendingur finnst mér tengingin við landið okkar frábær og sniðugt að velja Vestmannaeyjar frekar en 101.



Íslenska leikkonan Elva Ósk tekur sig vel út í þættinum og vonandi fá áhorfendur að sjá meira af henni í næstu þáttum. Á dögunum bárust þær fréttir að búið væri að ráða Maríu Ellingsen sem æskuást Arnarsins. Það dugar ekkert minna. Kyntröll eins og Jens Albinus lætur ekki sjá sig með einhverri drós.



▶ 20.00 *Gaman*

**Doc Martin. Nýr breskur gamanmyndaflokkur um Martin lækni sem þykir afskaplega óháttvís og hranalegur.**



▶ 21.55 *Bíó*

**Blue Murder. Spennumynd um lögreglukonuna Janine Lewis og félaga hennar sem rannsaka flókin sakamál.**



▶ 21.30 *Raunveruleiki*

**The Simple Life 2. Í kvöld leita stúlkurnar skjóls hjá Cash fjölskyldunni en þar er bannað að blóta.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Bláklukkukanínurnar** (La Famille Passiflore)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
▶ **20.00 Martin læknir (1:6)** (Doc Martin) Þættirnir hlutu á dögunum bresku gamanþáttaverðlaunin.
**20.50 Hope og Faith (13:25)** (Hope & Faith) Bandarísk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk leika Faith Ford og Kelly Ripa.
**21.15 Sporlaust (2:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mannamein (5:6)** (Bodies) Breskur myndaflokkur um líf og starf lækna á sjúkrahúsi í London. Meðal leikenda eru Max Beesley, Neve McIntosh, Patrick Baladi, Keith Allen, Tamzin Malleson, Susan Lynch og Ingeborga Dapkunaite. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Af fingrum fram **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** You Are What You Eat (e) **13.10** Jag (e) **14.00** The Block 2 (e) **14.45** Elton John **15.35** Bernie Mac 2 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir** Sveppi, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
**20.30 American Idol 4 (12:43)** (2nd performance show – show 413)
**21.10 American Idol 4 (13:43)** (Eliminations – shows 412A + 413A)
▶ **21.55 Blue Murder II** (Blákalt morð) Bresk spennumynd úr myndaflokknum um lögreglukonuna Janine Lewis og félaga hennar sem rannsaka flókin sakamál. Þessa vikuna ber það til tíðinda að vinsæll, íslamskur fræðimaður deyr með grunsamlegum hætti í eldsvoða. Böndin berast að stjórnmálamanni en lögregluna skortir frekari sannanir. Aðalhlutverkið leikur Caroline Quentin. Aðalhlutverk: Caroline Quentin. 2003.

**23.10** The Base 2 (Stranglega bönnuð börnum) **0.45** The Scout (e) **2.25** Metro (Stranglega bönnuð börnum) **4.20** Fréttir og Ísland í dag **5.40** Ísland í bítið (e) **7.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.30 Fólk – með Sirrý (e)**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 Malcolm In the Middle** Faðir Lois var ekki við eina fjölina felldur. Hann átti meðal annars aðra fjölskyldu. Lois ákveður að leita hana uppi.
**20.30 Yes, Dear** Harold Nicholson heimsækir Jimmy og Christine og segir þeim að Dominic leggi Ronnie son sinn í einelti. Þau lofa að tala við Dominic og meira en það; þau neyða hann til að gerast vinur Ronnie.
**21.00 Still Standing** Judy óttast að Lauren sé í slæmum félagsskap. Hún fær það staðfest þegar Lauren er gripin við búðarhnupl.
▶ **21.30 The Simple Life 2** Stúlkurnar leita skjóls hjá Cash-fjölskyldunni sem er afskaplega kristin og bannað er að blóta á heimilinu.
**22.00 The Swan**
**22.45 Jay Leno**

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain – nýtt! (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** The Majestic **10.30** Men in Black II **12.00** Scooby-Doo **14.00** Uncle Buck **16.00** The Majestic **18.30** Men in Black II **20.00** Jason X (Bönnuð börnum) **22.00** From Disk till Dawn 3 (Bönnuð börnum) **0.00** The Dentist 2 (Bönnuð börnum) **2.00** The Glass House (Bönnuð börnum) **4.00** From Disk till Dawn 3 (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny Hinn **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Í leit að vegi Drottins **10.00** Joyce M. **10.30** Maríusystur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Blandað efni **14.00** Joyce M. **14.30** Freddie Filmore **15.00** Samverustund (e) **16.00** Christian Fellowship **17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorst. (e) **18.00** Joyce M. **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna **21.30** Joyce M. **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce M. **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins**21.00** Níubíó. Very Bad Things **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.30** Tennis: WTA Tournament Doha **14.45** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **16.30** Cross-country Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **18.00** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **19.00** Trial: Indoor World Championship Barcelona **20.00** Boxing **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Football: UEFA Cup **23.15** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Keeping up Appearances **19.30** Yes Minister **20.00** Clocking Off **20.55** Uri Geller **21.45** Mastermind **22.15** The Big Impression: Euro 2004 Special **22.45** Two Thousand Acres of Sky **23.45** The Fear **0.00** Wild New World

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.30** Demolition Squad **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Insects from Hell **14.00** Capturing the Killer Croc **15.00** Maneater – Killer Tigers of India **16.00** White Shark Outside the Cage **17.00** Battlefront **18.00** Seconds from Death **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** White Shark Outside the Cage **21.00** Devils of the Deep **22.00** Vampire from the Abyss **23.00** Battlefront

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Doctor **12.30** Emergency Vets **13.00** Going Ape **14.00** The African King **15.00** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Going Ape **20.00** The African King **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It

**DISCOVERY**
**12.00** The Queen's Story **13.00** Clash of the Generals **14.00** Extreme Machines **15.00** Airships **16.00** John Wilson's Fishing Safari **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** First World War

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superrock **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.30** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Marilyn Manson Rise & Rise of **21.00** Best of Depeche Mode **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Lofty Ideas **13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Sex and the Settee **22.25** What Men Want **22.50** Hotter Sex

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** E! News Live **13.30** Dr. 90210 **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Celebrities Uncensored **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **19.00** E! News Live **19.30** Dr. 90210 **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Life is Great with Brooke Burke **21.30** Fashion Police **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** 101 Most Shocking Moments in... **0.00** E! News Live **0.30** The E! True Hollywood Story

**BBC FOOD**
**12.00** Two Fat Ladies **12.30** Dinner in a Box **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** Rick Stein's Taste of the Sea **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Chalet Slaves **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Coconut Coast **17.30** Floyd's India **18.00** Big Kevin Little Kevin **18.30** Floyd On France **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** Galley Slaves **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Island Harvest **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### THE SWAN

*Skjár einn* **kl. 22.00**

### *Húðvandamál og hárgreiðsla*

Raunveruleikaþættir þar sem venjulegum konum er breytt í fegurðardísir. Þær eru sendar í æfingabúðir í dágóðan tíma og þar eru þær teknar algjörlega í gegn. Einkaþjálfarar hjálpa þeim með hreyfingu, sálfræðingar hjálpa sálinni, næringarfræðingar leiðbeina þeim með mataræði og lýtalæknar laga það sem ekki fæst lagast með hefðbundnum aðferðum. Að lokum keppa þær sín á milli um titilinn „Fegursti svanurinn“.

Í kvöld kynnast áhorfendur Cristinu, 27 ára gömlum skrifstofustjóra sem hefur áhyggjur af húðinni. Áhorfendur fá líka að skyggnast inn í heim Kristy, sem er 23 ára gömul og gift landgönguliða sem er í 320 km fjarlægð. Hana vantar aðstoð við hárgreiðsluna og farðann.

***Amanda Byram stjórnar þættinum.***



Amanda Byram.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Remember, a younger customer always turns into a loyal customer. Remember that! Remember that!“**

**Svar:** Mr. Big úr kvikmyndinni Moonwalker frá árinu 1988.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.01** Hrafnaþing með Ingva Hrafni Jónssyni. **14.03** Birta í umsjón Ritstjórnar Birtu. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.30** Bein útsending frá afhendingu Menningarverðlauna DV. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Í uppáhaldi **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.30** María Magdalena mjólkurbúanna **23.26** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga **0.10** Glefsur

**1.03** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Endurflutt **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt **14.03** Gústaf Níelsson **15:03** Óskar Bergsson **16.03** Viðskiptaþátturinn

**17.05** Heil og sæl (Einar Karl/Hulda) **18.00** Tölvur og tækni (endurflutt) **20.00** Endurflutningur frá liðnum degi

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying



▶ **22.30** *Spjall*

**David Letterman. David fær góða gesti í heimsókn í myndverið og aldrei að vita nema leynigestur láti sjá sig.**

## SÝN

**16.30** Sjáðu **17.00** Jing Jang **17.45** David Letterman

**18.30** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.00** **Inside the US PGA Tour 2005**
**19.30** **European PGA Tour 2005** (Evrópska mótaröðin í golfi)
**20.30** **Þú ert í beinni!** Umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni.
**21.30** **Íslandsmótið í bekkpressu** Íslandsmótið í bekkpressu var haldið í Valsheimilinu 29. janúar sl. Til leiks mættu helstu kraftajötnar landsins og andrúmsloftið var rafmagnað. Kópavogströllið Auðunn Jónsson, sem sló í gegn á Íslandsmótinu í fyrra, kom ákveðinn til leiks og var staðráðinn í að verða fyrstur íslenskra kappa til að lyfta 300 kg. Þess má geta að Auðunn lyfti nýverið 290 kg á móti á Akureyri og því ljóst að fram undan voru mikil átök.
**22.00** **Olíssport**
▶ **22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Idol Extra (e) **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**MGM**

**13.10** Arena **14.50** Raiders of the Seven Seas **16.20** Pussycat, Pussycat, I Love You **18.00** Caveman **19.30** The Sharkfighters **20.45** The Island of Dr. Moreau **22.25** Steel and Lace **0.00** Vicious Lips **1.20** Summer Heat **2.40** Flight from Ashiya

**TCM**

**20.00** Grand Prix **22.45** Cannery Row **0.40** Ride Him, Cowboy **1.35** Betrayed **3.25** The Best House in London

**HALLMARK**

**12.00** King Solomon's Mines **13.45** Dynasty: Behind The Scenes **15.15** Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart **17.00** Touched By An Angel **17.45** My Louisiana Sky **19.30** Law & Order Iv **20.15** Sally Hemings: An American Scandal **21.45** Deadlocked: Escape From Zone 14

**DR1**

**12.00** Redeg¢relsesdebat fra Christiansborg **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **16.00** Mad i kassen **16.15** Abdullahs lampe **16.30** Kim Possible **17.00** Fandango – med Nicolai **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Lægens bord **19.00** Sporl¢s **19.30** Når storken svigter **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Det ægte par **21.30** Humorakademiet **21.50** Aspen Delight **22.00** Negermagasinet **22.30** Omar skal giftes **23.00** Boogie

**SV1**

**13.30** Debatt **15.00** Rapport **15.05** Packat & klart **15.35** Perspektiv **16.05** Anslagstavlan **16.15** Karamelli **16.45** Pi **17.00** BoliBompa **17.01** Piggley Winks äventyr **17.25** Skidskola **17.30** Go **17.35** Mobilen **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** P.S. **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Naturfilm – Det vilda Afrika **21.00** Dokument utifrån: Kursk – ubåt i grumligt vatten **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Orka! Orka!


# Rétta bragðið – sykurlaust




Coca-Cola light er góð viðbót við aðra sykurlausa gosdrykki frá Coca-Cola. Kraftmikill og frískandi valkostur sem byggir á hinu eina sanna Coke bragði.

**Vegna fjölda fyrirspurna viljum við benda á að Diet Coke mun fást áfram í 0,5l, 1l og 2l umbúðum.**



## HRÓSIÐ

***...fær Anney Birta Jóhannesdóttir tveggja ára sem hefur farið í fimm hjartaaðgerðir í Boston. Hún lætur það þó ekki á sig fá og er lífsglöð og kát og finnst ekkert skemmtilegra en að púsla á Leynimýri þar sem hún sækir leikskóla.***

**AÐ MÍNU SKAPI**

**INGIMUNDUR INGIMUNDARSON, HANDKNATTLEIKSMAÐUR ÚR ÍR**

# *Barcelona, Guðfaðirinn og Birgir Henningsson*

**TÓNLISTIN** Ég er með nokkuð breiðan tónlistarsmekk en *U2*, *Radiohead* og *Queen* er alltaf traust. Í græjunum þessa dagana er *Damien Rice*, og svo snillingurinn og trúbadorinn *Birgir Henningsson*.

**BÓKIN** Ég er enginn lestrarhestur en tek þó með mér bækur í flestar keppnisferðir, þótt þær komi oftar en ekki lítið eða ólesnar til baka. Sú síðasta var *Da Vinci-lykillinn* til Túnis, sem ég komst lítið áleiðis með. Hún lofar samt góðu.

**BÍÓMYNDIN** Sá Meet the Fockers en varð fyrir vonbrigðum. Held mest upp á *The Godfather*-safnið, sem er meistaraverk og Al Pacino í miklu uppáhaldi. Í léttari kantinum er snilldin *Brain Donors* alltaf jafn fyndin en þar er aulahúmor í aðalhlutverki.

**BORGIN** Ég hef heimsótt flestar af stærstu borgum Evrópu en engin hefur heillað mig jafn mikið og Barcelona. Frábær menning, fallegar byggingar, fullt af flottum búðum, matsölu- og skemmtistöðum og mannlífið er magnað. Jafnast fátt við að tylla sér niður á Römblunni og fá sér einn kaldan í fríinu, en ég er einmitt að gæla við að komast þangað á tónleika með *U2* í sumar.

**BÚÐIN** Ég á mér enga uppáhaldsbúð, en þurfi ég að finna mér einhver föt tek ég þennan klassíska hring; Kringlan, Smárinn og Laugavegurinn. Annars finnst mér ekkert sérstaklega skemmtilegt að versla hér heima; það er einhvern veginn mun afslappaðra erlendis.

**VERKEFNIÐ** Það er fátt annað sem kemst að þessa dagana en bikarúrslitaleikurinn á laugardaginn kemur. Þessi vika verður undirlögð vegna undirbúnings og allt annað verður að bíða fram yfir helgi. Ég hef aldrei áður spilað í bikarúrslitum í meistaraflokki og því tilhlökkunin mikil og kemur ekkert annað til greina en sigur. Þetta verður stór dagur fyrir okkur leikmennina og ekki síst fyrir félagið.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Lárétt:**
**2** sverð, **6** í röð, **8** reykja, **9** kasta upp, **11** listamaður, **12** föngulegur, **14** titrar, **16** bardagi, **17** skel, **18** ílát, **20** á fæti, **21** góður matur.

**Lóðrétt:**
**1** seig, **3** hest, **4** grét hástöfum, **5** kveikur, **7** smáskammtar, **10** regla á hlutunum, **13** líða vel, **15** útstáelsi, **16** hagnað, **19** slá.

**Lausn:**
**Lárétt: 2** hjör, **6** rs, **8** ósa, **9** æla, **11** kk, **12** fagur, **14** tinar, **16** at, **17** aða, **18** kar, **20** il, **21** krás.
**Lóðrétt: 1** kræf, **3** jó, **4** öskraði, **5** rak, **7** slattar, **10** agi, **13** una, **15** rall, **16** akk, **19** rá.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1 Hagaskóli.

2 Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik.

3 Í apríl.

birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FIMMTUDÖGUM

BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS: NEFNDIN HREIFST AF SKUGGA-BALDRI

# Sjón hreppir hnossið í ár

Mikið var um dýrðir í bókaforlaginu Bjarti á Bræðraborgarstíg í gær eftir að tilkynnt var í gær að Sigurjón Birgir Sigurðsson, jafnan nefndur Sjón, hlyti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Efnt var til blaðamannafundar þar sem boðið var upp á kökur og kampavín. Blómasendingar bárust og heillaóskum rigndi yfir skáldið og útgefendurna.

„Þetta er mér mikill heiður og ánægja,“ sagði Sjón, brosandi út að eyrum. Hann hlýtur verðlaunin fyrir skáldsögu sína Skugga-Baldur, sem Bjartur gaf út haustið 2003.

Verðlaunanefnd Norðurlandaráðs segir í fréttatilkynningu sinni að í Skugga-Baldri þræði Sjón af mikilli vandvirkni einstigið milli ljóðs og prósa. Í sögunni vefi hann saman minni úr íslenskum þjóðsögum, rómantíska sagnahefð og heillandi sögu þar sem siðfræðilegar spurningar nútímans skjóti upp kollinum.

„Mér skilst að dómnefndin hafi hrifist af þessu samblandi af gömlum tíma og algerlega nýjum aðferðum, sem kenna má við póstmódernisma, um leið og fjallað er um siðferðilegar spurningar sem brenna á samtímanum. Þar fyrir utan er þetta afskaplega lítil bók og einhvern veginn heil og það virðist ganga upp. Hún er ekkert að þykjast vera neitt stærri en hún er, en heldur ekki minni.“

Sjón tók rútuna í bæinn í gær frá Eyrarbakka, þar sem hann sat við skriftir þegar tilkynningin barst frá verðlaunanefnd Norðurlandaráðs. Sjón á lítið hús á Eyrarbaka og vinnur þar nú að næstu bók sinni.

„Þar skrifaði ég líka þessa bók og mér fannst við hæfi að vera staddur þar þegar þetta yrði tilkynnt, á fæðingarstað bókarinnar.“

Skugga-Baldur er fimmta skáldsaga Sjóns. Áður hafa fimm Íslendingar hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Þau eru Ólafur Jóhann Sigurðsson, sem hlaut verðlaunin árið 1976, Snorri Hjartarson árið 1981, Thor Vilhjálmsson 1988, Fríða Á. Sigurðardóttir 1992 og Einar Már Guðmundsson árið 1995.

Sjón segist engan veginn hafa átt von á því að hljóta verðlaunin, enda hafi margar góðar bækur verið tilnefndar í ár.

„Ég þóttist nú vera kominn í góðan félagsskap með tilnefningunni, en nú er félagsskapurinn orðinn enn betri. Meðal annars var Stormur tilnefndur eftir minn góða vin Einar Kárason, sem sýndi hve góðan mann hann hefur að geyma þegar hann hringdi í mig fyrstur manna og óskaði mér til hamingju.“

Verðlaunin nema 350 þúsund dönskum krónum, um það bil 3,8 milljónum íslenskra króna, og verða þau afhent í Reykjavík þann 26. október í haust, strax að loknum fundi Norðurlandaráðs. ■



**SKÁLDIÐ** Sjón var að vonum kampakátur í gær eftir að tilkynnt var að hann hlyti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár.

DV




TÍMARITIÐ MAGASÍN FYLGIR DV Í DAG

–Frægar konur sýna fermingarmyndir sínar

–Prestur á von á sér í fjórða sinn

DV – hefur þú séð DV í dag?

# Pétur hvæsti á Will Smith

Strákarnir á Stöð 2 voru staddir í London á dögunum þar sem þeir tóku einkaviðtöl við stjörnurnar úr gamanmyndinni Hitch, með Will Smith í aðalhlutverki. Myndin hefur síðastliðnar tvær helgar verið á toppi aðsóknarlistans í Bandaríkjunum.

Þeir Pétur, Sveppi og Auddi spjölluðu við Kevin James úr þáttunum King of Queens, þokkadísirnar Evu Mendez og Amber Valleta og leikstjórann Andy Tennant. „Þetta var algjör snilld. Við hittum liðið og vorum að bulla í þeim,“ segir Auddi. „James sýndi okkur nokkur dansspor því Will Smith sagði að hann kynni einhver Jackson-spor. Það var mjög gaman.“

Einnig vöktu þeir gríðarlega athygli á blaðamannafundi með Will Smith þegar Pétur hvæsti eins og köttur, leikaranum til mikillar skemmtunar. Bauðst hann til að útvega Pétri pláss í skemmtiþætti David Letterman sem milljónir horfa á í hverri viku. Verður gaman að sjá hvort Smith standi við stóru orðin.

Landsmenn geta fylgst með þessu efni í þættinum Strákarnir frá og með morgundeginum og alla næstu viku. Þess má geta að tvær sjónvarpsstöðvar frá Belgíu og Hollandi hafa óskað eftir leyfi frá Stöð 2 til að sýna það sem gerðist á blaðamannafundinum með Smith, enda ekki á hverjum degi sem menn hvæsa eins og kettir á slíkum fundum. ■



**STÁKARNIR** Pétur, Sveppi og Auddi vöktu mikla athygli á blaðamannafundinum með Will Smith.


Vorgleði
á Hlíðarenda!
Stórveisla laugardaginn 5. mars
Þjófstörtum vorinu með stæl!
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS
JÓN ÓLAFS
STEBBI
Dúettinn JÚDÓ OG STEFÁN skemmtir
Hjálmar Hjálmarsson FER MEÐ GAMANMÁL!
Valsheimilinu breytt í glæsilegan veislusal!
Veislustjóri:
Jón „Góði“ Ólafsson
Sálin hans Jóns míns tryllir salinn langt fram eftir nóttu!
Jóhannes undrakokkur töfrar fram þríréttaðan veislumat
Allir velkomnir!
Miðaverð í forsölu 4.900 kr. (fordrykkur, matur og skemmtiatriði)
Miðaverð bara á ball 2.000 kr.
Húsið opnar kl. 19 fyrir matargesti og kl. 23.30 fyrir aðra gesti
Upplýsingar og borðapantir í síma 551 1134
SS fremstir fyrir bragðið
98,9 BYLGJAN
COKE GEFUR TÓNINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



» FASTUR birta » PUNKTUR



ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ

á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.

ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

## Áhyggjur

Mér leiðist hræðsluáróður. Fréttirnar eru uppfullar af ótta. Ábúðarfullir fréttamenn horfa alvarlegum augum inní stofu til okkar og fylla líf okkar af tortryggni og skelfingu. Enginn er öruggur. Allt getur gerst. Fjöldi fólks er orðið háð fréttum eins og fíkniefnaneytendur. Fréttafíklar. Og fréttamennirnir eru dílerarnir.

**ÉG BJÓ** í Svíþjóð þegar fyrra Persaflóastríðið geisaði. Þá kepptust fjölmiðlar við að spá um hvernig allt gæti farið á sem verstan veg. Þykkt mengunarsský átti eftir að leggjast yfir alla Norður-Evrópu ásamt öldu hryðjuverka, flóttamannastraums og sjúkdóma. Eftir stríðið þurfti fjöldi barna áfallahjálp vegna þess að þau trúðu á fjölmiðlana, enda lesa þau bara fyrirsagnirnar.

**ÓTTI ER** eðlilegur. Það er í fínu lagi að vera hræddur þegar eitthvað hættulegt er að gerast. En óttageðveikin í dag er ekki byggð á neinu sem er að gerast, heldur öllu því sem er ekki að gerast en gæti gerst. Til dæmis er óttinn við náttúruhamfarir farinn að líkjast ofsóknarbrjálæði. Það er ekki eðlilegt að vera hræddur við eitthvað sem er ekki að gerast. Það er sjúklegt. Eins og flughræðsla. Og áhyggjur eru ekki umhyggja fyrir öðrum heldur eru þær sjálfselskar. Hinn flughræddi er aðeins hræddur þegar hann sjálfur er í flugvél. Hann getur horft áhyggjulaus á flugvélar fljúga.

**ÓTTINN ER** hindrun í sjálfu sér. Ef við fóðrum hann þá tekur hann völdin af okkur. Við verðum eins og kvíðasjúklingar sem þorum ekki einu sinni útí búð af ótta við flóðbylgjur og glæpamenn og loftsteina og jarðskjálfta og pestir og geislanir úr símum og óbeinar reykingar og mengun og fjölónæmar bakteríur og aukaefni. Við megum ekki rugla saman ábyrgð og ótta. Maður getur alveg verið ábyrgur þótt maður sé ekki með steinrunninn áhyggjusvip á andlitinu.

**Í RAUNINNI** er ekkert að óttast. Við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur. Þetta verður allt í lagi. Ekki hafa endurnar á tjörninni áhyggjur. Og Guð sér vel um þær. Og fyrst hann sér um þær mun hann sjá ennþá betur um okkur. Dagurinn í dag verður góður dagur. Höfum því ekki áhyggjur af morgundeginum. Morgundagurinn mun hafa sínar áhyggjur. Hverjum degi nægir sín þjáning. Þetta reddast allt saman.


LEIÐIST ÞÉR EKKI AÐ BIÐJA EINHVERN UM AÐ SKUTLA ÞÉR?

KOMDU OG GERÐU BRJÁLUÐ BÍLAKAUP Í SMÁRALIND!

Opið 10 til 18 virka daga
10 til 16 laugardag
12 til 16 sunnudag

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



æði!!!



TÆR SNILLD

4.0 milljón pixlar
2 x Optical aðdráttur
Innbyggt flass
1.8" skjár
Quicktime videotaka með hljóði
16 MB XD minniskort
Hleðslutæki
Lithium hleðslurafhlaða
Þyngd 115 gr
**Verð 29.900,-**




Áttu þér uppáhaldslit?

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

FILMUR & FRAMKÖLLUN
Fjarðargata 13-15 · Hafnarfjörður
Sími 565 4120

pixlar STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52
Sími 5883700

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri
Sími 461 5000

ORMSSON SMÁRALIND